



Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

Lýsing

17. maí 2022

Þessi blaðsíða er vísitandi höfð auð.



Samantekt

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

17. maí 2022

SAMANTEKT

Samantekt þessi er útbúin í samræmi við 7. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/1129 og grein 2í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) nr. 2019/979.

A. Inngangur og varnarorð

Samantektin skal lesin sem inngangur að Lýsingu Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. („Ölgerðin“, „Útgefandi“ eða „félagið“) sem samanstendur af samantekt þessari, Útgefandalýsingu og Verðbréfalýsingu dagsettum 17. maí 2022. Samantektin er í fjórum hlutum: a) Inngangur og varnarorð, b) lykilupplýsingar um Útgefandann, c) lykilupplýsingar um verðbréfin, og d) lykilupplýsingar um almennt útboð og töku til viðskipta á skipulegum markaði.

Fjárfestar skulu taka ákvörðun um að fjárfesta í verðbréfum útgefnum af Ölgerðinni á grundvelli Lýsingar í heild sinni. Fjárfestum er bent á að gera eigin sjálfstæðar kannanir á þeim þáttum sem sérstaklega geta átt við fjárfestingu þeirra í verðbréfum. Fjárfestar eru minntir á að þeir verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í verðbréfum Ölgerðarinnar og taka tillit til starfsumhverfis félagsins, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á verðbréfum útgefanda sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er bent á að þær gætu tapað allri eða hluta af fjárfestingu sinni í verðbréfum Útgefanda. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem fjárfesting í verðbréfum útgefnum af útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Ef borin er fram krafa fyrir dómstóla sem varðar upplýsingar í Lýsingunni gæti fjárfestir sem stefnir þurft að greiða kostnað á þýðingu á Lýsingunni áður en málarekstur hefst. Einkaréttarábyrgð fellur aðeins á þá aðila sem hafa sett fram samantektina, þ.m.t. þýðingu á henni, en eingöngu ef samantektin er villandi, ónákvæm, eða í ósamræmi við aðra hluta Lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, þegar hún er lesin með öðrum hlutum Lýsingarinnar, lykilupplýsingar til að aðstoða fjárfesta við mat á því hvort fjárfesta skuli í hlutabréfum útgefnum af Ölgerðinni. Útgefandi lýsir því yfir að Lýsing sú sem samantekt þessi er hluti af var tekin saman í tengslum við töku hlutabréfa Ölgerðarinnar til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði Nasdaq Iceland hf. ekki er veitt leyfi til notkunar Lýsingarinnar í neinum öðrum tilgangi.

Lögformlegt heiti	Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.
Viðskiptaheiti	Ölgerðin
Höfuðstöðvar og heimili	Grjótháls 7-11, 110 Reykjavík, Ísland
LEI	5493003YDW5CUGC5PS30
ISIN	IS0000028678
Vefsíða	https://www.olgerdin.is/
Símanúmer	+354 412 8000

Lögbært yfirvald sem staðfesti lýsinguna	Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, tölvupóstfang: lysingar@sedlabanki.is
Lýsingin dagsett	17. maí 2022

B. Lykilupplýsingar um Útgefandann

a) Hver er Útgefandi verðbréfanna?

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. er íslenskt hlutafélag og starfar í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. Tilgangur félagsins samkvæmt 3. gr. í samþykktum þess er sala, framleiðsla og dreifing á öli, gosdrykkjum og öðrum drykkjartegundum er leyfðar eru samkvæmt lögum, innflutningsverslun og umboðssala svo og kaup og sala alls konar verðbréfa auk þess að eiga og reka fasteignir og lánastarfsemi. Starfsemi félagsins fellur einnig m.a. undireftirfarandi löggjöf og reglugerðir: lög nr. 93/1995, um matvæli, lög nr. 144/2019, um breytingu á ýmsum lögum um matvæli, lög nr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt fleiri lögum.. Starfsemi samstæðunnar er skipt í þrjú tekjusvið; Egils – óáfengir drykkir, Egils – áfengir drykkir og Danól. Helstu dóttur- og hlutdeildarfélag Ölgerðarinnar eru eftirfarandi:

Félag	Skráningarland	Eignarhlutur 28.2.2022	Starfsemi
Danól ehf.	Ísland	100%	Heildsala
G7-11 fasteignafélag ehf.	Ísland	100%	Eignarhald fasteigna
Iceland Spring ehf.	Ísland	40%	Framleiðsla
Endurvinnslan hf.	Ísland	20%	Endurvinnsla á umbúðum

Í hlutaskrá Ölgerðarinnar voru 27 skráðir hluthafar á dagsetningu Lýsingar. Það eru fjórir hluthafar sem eiga meira en 10% hlutafjár en þeir eru Horn III slhf., Akur fjárfestingar slhf., OA eignarhaldsfélag og Sindrandi ehf. Hluthafar félagsins eru eftirfarandi:

Nafn	Fjöldi hluta	Fjöldi hluta, %
Horn III slhf.	705.401.933	25,1%
Akur fjárfestingar slhf.	512.249.024	18,2%
OA eignarhaldsfélag hf.	451.947.200	16,1%
Sindrandi ehf.	396.567.134	14,1%
Reir ehf.	161.475.976	5,8%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	142.884.506	5,1%
Vátryggingafélag Íslands hf.	69.916.538	2,5%
Landsbréf - Úrvalsbréf	62.284.230	2,2%
ISA ehf.	55.933.230	2%
EGG ehf.	55.933.230	2%
Aðrir smærri hluthafar	192.372.172	6,9%
Samtals	2.806.965.173	100,0%

Útgefanda er ekki kunnugt um að hann sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhvers aðila. Útgefanda er ekki kunnugt um að annað eignarhald í Ölgerðinni annað en að framan greinir eða að félaginu sé stjórnað að öðrum aðilum en að framan greinir. Jafntframt er Útgefanda ekki kunnugt um að til staðar séu önnur réttindi en að framan greinir sem geta leitt til breytinga á yfirráðum í félaginu.

Eftirfarandi einstaklingar skipa framkvæmdastjórn félagsins við útgáfu Lýsingarinnar:

- Andri Þór Guðmundsson, forstjóri
- Gunnar B. Sigurgeirsson, aðstoðarforstjóri
- Jón Þorsteinn Oddleifsson, framkvæmdastjóri fjármála og mannauðssviðs
- María Jóna Samúelsdóttir, framkvæmdastjóri Danól
- Guðmundur Pétur Ólafsson, framkvæmdastjóri Egils – óáfengir drykkir
- Valur Ásberg Valsson, framkvæmdastjóri Egils – áfengt og fyrirtækjapjónustu
- Óli Rúnar Jónsson, framkvæmdastjóri markaðssviðs
- Margrét Arnardóttir, framkvæmdastjóri framleiðslu- og tæknisviðs
- Gunnlaugur Einar Briem, framkvæmdastjóri vörustjórnunarsviðs

Endurskoðandi Útgefanda er PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík („PWC“). Kristinn Kristinsson, löggiltur endurskoðandi, annaðist endurskoðun reikninga Útgefanda og áritaði hann ársreikninga félagsins fyrir fjárhagsárin 2019, 2020 og 2021. Kristinn er meðlimur í félagi löggiltra endurskoðenda. Engir hlutir í Útgefanda eða tengdar afleiður eru í eigu PWC eða fulltrúa þeirra sem annast endurskoðun Útgefanda.

b) Helstu fjárhagsupplýsingar um Útgefanda

Rekstrarreikningur	2021	2020	2020	2019
<i>Fjárhæðir í þúsundum króna</i>	<i>IFRS</i>	<i>IFRS</i>	<i>Lög um ársreikninga</i>	<i>Lög um ársreikninga</i>
Heildartekjur	22.991.352	18.688.022	18.688.022	18.510.193
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	2.458.623	1.525.111	1.518.213	1.326.388
Hagnaður eftir skatta	1.703.932	725.752	728.810	577.968

Efnahagsreikningur	2021	2020	2020	2019
<i>Fjárhæðir í þúsundum króna</i>	<i>IFRS</i>	<i>IFRS</i>	<i>Lög um ársreikninga</i>	<i>Lög um ársreikninga</i>
Heildareignir	23.553.832	20.638.187	20.476.496	20.162.376
Eigið fé	7.649.967	5.934.499	6.166.537	5.407.731
Skuldir samtals	15.903.865	14.703.688	14.309.959	14.754.645

Sjóðstreymi	2021	2020	2020	2019
<i>Fjárhæðir í þúsundum króna</i>	<i>IFRS</i>	<i>IFRS</i>	<i>Lög um ársreikninga</i>	<i>Lög um ársreikninga</i>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	-31.778	510.616	510.617	-2.452

Ársreikningur samstæðu Ölgerðarinnar samanstendur af ársreikningi Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. og dótturfélaga Ölgerðarinnar, Danól ehf. og G7-11 fasteignafélag ehf. Fjárhagsárinu 2021 lauk þann 28.2.2022. Engar mikilvægar breytingum hafa orðið á fjárhagsstöðu né fjárhagslegri afkomu samstæðunnar frá lokum fjárhagsársins. Tekjur samstæðu Ölgerðarinnar á fjárhagsárunum 2019 og 2020 voru nánast þær sömu bæði árin. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) hefur aukist undanfarin þrjú ár.

Eignir samstæðu Ölgerðarinnar námu rúmlega 23 milljörðum króna í lok fjárhagsársins 2021 og hafa verið á því bili síðustu ár. Skuldir samstæðunnar samanstanda af langtíma- og skammtímaskuldum. Heildarskuldir félagsins námu tæplega 16 milljörðum í lok fjárhagsársins 2021. Viðskiptaskuldir námu tæpum 1,5 milljörðum við lok fjárhagsársins 2019, 1,8 við lok fjárhagsársins 2020 og 2,3 milljörðum við lok fjárhagsársins 2021.

Eigið fé Ölgerðarinnar hefur aukist stöðugt samhliða heilbrigðum rekstri og var það um 5,4 milljarðar við lok fjárhagsársins 2019, um 6,2 milljarðar við lok fjárhagsársins 2020 og 7,6 milljarðar við lok fjárhagsársins 2021. Eiginfjárlutfall félagsins hefur að sama skapi hækkað úr 26,8% við lok fjárhagsársins 2019, í 30,1% við lok fjárhagsársins 2020 og 32,5% við lok fjárhagsársins 2021.

Sjóðsteymi félagsins fjárhagsárin 2019 og 2020 hefur styrkst frá fyrri árum. Viðskiptakröfur lækkuðu á milli fjárhagsáranna 2019 og 2020 á meðan viðskiptaskuldir jukust. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er með hefðbundnum hætti bæði tímabil, 2019 og 2020 og eru afborganir lána að sama skapi venjubundnar.

c) Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir Útgefandann

Þeir þættir sem eiga sérstaklega við Útgefanda:

i) Efnahagsleg- og lagaáhætta

- Ölgerðin er, eins og önnur félög, háð þeirri áhættu að stjórnvöld breyti lögum og reglum með þeim hætti að starfsemi félagsins verði óhagkvæmari en ella. Ákvarðanir stjórnvalda, sem geta m.a. ráðist af þróun stjórn málaumhverfisins á Íslandi eða einstökum pólitískum atburðum, geta haft bein eða óbein áhrif á starfsemi Ölgerðarinnar.
- Flestir samningar Ölgerðarinnar um t.d. umboð og sölu, eru byggðir á langtíma viðskiptasamböndum og eru án skriflegra samninga líkt og tíðkast á þeim mörkuðum sem félagið starfar. Samningar og viðskiptasambönd félagsins við stærstu birgja og samstarfs- og söluaðila eru mikilvæg fyrir reksturinn.

ii) Rekstraráhætta

- Um 63% tekna samstæðunnar komu til vegna sölu á framleiðsluvörum árið 2021, en eigin framleiðsla er samtala eigin vörumerkja og framleiðslu með sérleyfum. Unnið er samkvæmt skilgreindri framleiðsluáætlun til að hámarka afköst í samræmi við eftirspurn og framleiðslugetu. Takist félaginu ekki að framleiða samkvæmt áætlun og uppfylla þannig eftirspurn eftir vörum sínum getur það valdið tekjutapi og minni arðsemi.
- Rekstur og afkoma Ölgerðarinnar er háð hráefna- og afurðaverði, en starfsemi félagsins er háð því að það geti keypt vörur og hráefni af birgjum sínum á sanngjörnum kjörum. Félagið notast við ýmis lykilhráefni sem eru notuð í margar vörur. Ef skortur myndast á framboði þessara lykilhráefna og/eða miklar verðhækkningar eiga sér stað getur það haft hamlandi áhrif á framleiðslu félagsins.
- Framleiðsla á vörum undir eigin vörumerkjum félagsins er arðbærasta framleiðsla Ölgerðarinnar og því er vörubrúun nauðsynleg út frá arðsemisjónarmiði. Takist

félaginu ekki að mæta markmiðum sínum um vöruþróun til lengri tíma, getur það haft neikvæð áhrif á rekstur félagsins auk þess sem það getur dregið úr virði vöruverkja þess.

iii) Fjárhagsleg áhætta

- Lausafjárahætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.
- Lánasamningar félagsins og dótturfélaga innihalda skilmála sem lúta að lágmarksgreiðsluþekju og eiginfjár- og skuldsetningarhlutfalli auk þess sem félaginu er óheimilt að gera verulegar breytingar á starfsemi sinni, nema með samþykki lánveitanda. Brot gegn sérstökum lánaskilmálum kann að leiða til gjaldfellingar.

C. Lykilupplýsingar um verðbréfin

Helstu eiginleikar verðbréfanna

Tegund og flokkur verðbréfa, auðkenni og ISIN númer	Verðbréfin sem taka skal til viðskipta eru áður útgefnir hlutir í Ölgerðinni. Hlutabréfin eru í einum flokki og eru jöfn að öllu leyti, skv. samþykktum félagsins. Hlutir í Ölgerðinni eru gefnir út í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög og eru skráðir rafrænt sem nafnbref hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., í samræmi við lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppför og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga, með auðkenni OLGGERD og ISIN númer IS0000028678.
Gjaldmiðill verðbréfanna	Íslenskar krónur
Nafnvirði hluta	Heildarhlutafé Útgefanda er 2.806.965.174 kr. að nafnverði, sem skiptist í jafnmaga hluti, hvert að nafnverði 1 króna eða margfaldi þeirrar fjárhæðar, eftir því sem hver einstakur hluthafi á í félaginu á hverjum tíma.
Réttindi	Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutafé. Réttindi hluthafa eru háð samþykktum félagsins á hverjum tíma sem og gildandi löggjöf.
Réttthæð verðbréfanna í fjármagnsskipan útgefanda ef til gjaldþrotaskipta kæmi	Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum félagsins. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda. Við slit eða gjaldþrot Útgefanda fá hluthafar greitt í hlutfalli við hlutafjáreign sína það sem eftir stendur af eignum hlutafélags eftir að allir aðrir kröfuhafar hafa fengið gildar kröfur sínar greiddar.
Hömlur á meðferð hluta	Engar hömlur eru lagðar á veðsetningu, sölu eða annarskonar framsal hluta í Útgefanda. Um skrásetningu veða, eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra.
Arðgreiðslustefna	Ekki er til staðar arðgreiðslustefna hjá Útgefanda.

Hvar munu viðskipti með verðbréfin fara fram?

Hlutabréf Ölgerðarinnar verða tekin til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland hf. Í kjölfarið mun lýsing þessi sem hefur verið staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og í kjölfar almenns Útboðs mun stjórn Ölgerðarinnar, í umboði Seljenda, óska eftir því að allir útgefni hlutir verða teknir til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland hf. sem er skipulegur verðbréfamarkaður.

Eru verðbréfin með ábyrgð?

Á ekki við. Verðbréfin eru ekki með ábyrgð.

Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir verðbréfin

- Nauðsynlegt er að hafa í huga að fjárfestingar í hlutabréfum fela að öllu jöfnu í sér meiri áhættu en fjárfestingar í skuldabréfum. Eigendur skuldabréfa eru framar í röð kröfuhafa en eigendur hlutabréfa við slit eða gjaldprot hlutafélaga Þrátt fyrir að fjárfesting í hlutabréfum kunni að skila góðri ávöxtun er vert að taka fram að sú áhætta er almennt fyrir hendi að gengi hlutabréfa geti lækkað á hlutabréfamarkaði sem og í einstökum félögum. Þá er ekki heldur hægt að fullyrða um arðgreiðslur einstakra félaga til framtíðar.
- Skipan eignarhalds getur verið áhættuþáttur fyrir fjárfesta. Skortur á leiðandi fjárfestum sem og ódreift eignarhald eru hvort tveggja dæmi um kringumstæður sem gætu haft neikvæð áhrif á seljanleika, verðmyndun og áhrif hluthafa. Athygli fjárfesta er einnig vakin á því að heimild er til staðar í samþykktum Ölgerðarinnar til þess að auka hlutafé félagsins um 280 m.kr. að nafnverði án þess að hluthafar félagsins hafi forgangsrétt til kaupa á hlutafénu, sem getur valdið hlutafjárþynningu hluthafa.

D. Lykilupplýsingar um almennt útboð og töku til viðskipta á skipulegum markaði

Samkvæmt hvaða skilyrðum og tímaáætlun get ég fjárfest í þessu verðbréfi?

Í Útboðinu verða boðnir til kaups 827.299.496 hluti af áður útgefnu hlutafé í Ölgerðinni, sem samsvarar 29,5% af hlutafé félagsins. Hlutirnir verða seldir í almennu Útboði sem er áætlað að hefjist þann 23. maí og ljúki þann 27. maí 2022. Ef umframeftirspurn verður í Útboðinu getur stjórn félagsins, í umboði Seljenda, þurfti að skerða áskriftir í Útboðinu. Áskriftartímabilið verður ekki stýtt. Stjórn félagsins, í umboði Seljenda, áskilur sér einliðarétt til að falla frá Útboðinu ef ekki fæst áskrift í Útboðinu fyrir öllum boðnum hlutum og verður það þá tilkynnt með niðurstöðum Útboðs. Jafnframt því áskilur stjórn félagsins, í umboði Seljenda, sér rétt til að fresta Útboðinu, framlengja það eða falla frá því hvenær sem er fram að tilkynningu Nasdaq Iceland um að hlutabréf í Útgefanda verði tekin til viðskipta, ef einhverjir atburðir eiga sér stað sem stjórn félagsins telur gefa tilefni til þess að ætla að markmið Seljenda með Útboðinu náist ekki. Stjórn félagsins, í umboði Seljenda, áskilur sér rétt til að falla frá Útboðinu ef Nasdaq Iceland hafnar umsókn Útgefanda um að taka hluti í Ölgerðinni til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland eða samþykkir hana ekki í síðasta lagi þann 30. maí 2022.

Niðurstaða Útboðs mun birtast í seinasta lagi í lok dags 30. maí 2022. Upplýsingar um greiðslufyrirmæli verða í formi rafrænna innheimtukrafna sem verða aðgengilegar í netbönkum. Gjaldtagi og eindagi innheimtukrafna vegna Útboðsins er fyrirhugaður þann 3. júní 2022. Áætlaður fyrsti viðskiptadagur í kauphöll er 9. júní 2022. Þátttaka í Útboðinu af hálfu fjárfesta er háð skilyrðum sem m.a. varða markaðssetningu Útboðsins og fjárræði. Útboðið fer fram á Íslandi og er markaðssett á Íslandi. Þátttaka í Útboðinu er heimil öllum þeim einstaklingum og lögaðilum sem hafa bæði íslenska kennitölu og eru fjárráða í skilningi lögræðis laga nr. 71/1997 með þeim takmörkunum sem kunna að leiða af lögum.

Fjárfestum bjóðast tveir áskriftarmöguleikar, tilboðsbók A og tilboðsbók B. Helstu skilmála um tilboðsbækurnar má sjá hér að neðan.

Tilboðsbók A: Í tilboðsbók A bjóðast 330.919.798 hlutir, eða um 40% af seldum hlutum í Útboðinu. Hámarksáskrift í tilboðsbók A er takmörkuð við kaupvirði 20.000.000 kr. en lágmarksáskrift er að kaupvirði 100.000 kr. Í tilboðsbók A verður tekið við áskriftum á föstu gengi 8,9 krónur á hlut. Ekki verður tekið við tilboðum sem eru lægri en framangreint gengi.

Tilboðsbók B: Í tilboðsbók B bjóðast 496.379.698 hlutir, eða um 60% af seldum hlutum í Útboðinu. Lágmarksáskrift í tilboðsbók B er takmörkuð við kaupvirði 20.000.001 króna en hámarksáskrift takmarkast aðeins af framboði hlutabréfa í tilboðsbók B. Í tilboðsbók B verður tekið við áskriftum á eða yfir lágmarksgenginu 8,9 krónur á hlut, en ekkert hámarksgengi er þó skilgreint. Öllum hlutum sem seldir verða í tilboðsbók B verður úthlutað á föstu gengi, sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum. Áskriftum undir ákvarðaða genginu verður hafnað.

Í tilboðsbók A verða áskriftir skertar hlutfallslega, þó þannig að leitast verður við að skerða ekki áskriftir undir 1.000.000 kr. og hlutfallslegum niðurskurði beitt ef það dugar ekki til.

Í tilboðsbók B verður meginreglan við úthlutun sú að áskriftir verða metnar á grundvelli verðs. Ekkert hámarksverð áskrifta er tilgreint af hálfu Seljenda en tekið verður við áskriftum á eða yfir lágmarksgenginu 8,9 krónur á hlut. Öllum hlutum sem seldir verða í tilboðsbók B verður úthlutað á föstu gengi, sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum. Áskriftum undir útboðsgenginu verður hafnað. Við ákvörðun verðs verður horft til markmiða Útboðsins, þ.e. að auka fjölbreytni í hluthafahóp, aukins seljanleika hlutabréfanna, virkrar verðmyndunar, heilbrigð viðskipti á eftirmarkaði og annarra langtímasjónarmiða félagsins. Ef skerðing út frá verði nægir ekki til þess að jafngilda fjölda boðinna hlutabréfa í tilboðsbók B mun hlutfallslegri skerðingu vera beitt. Þó verður sérstaklega horft til tímanlegra skila á tilboðum en áskriftir sem berast á fyrstu tveimur dögum Útboðsins munu vera skornar niður um þrjá fjórðu (75%) á við áskriftir sem koma inn síðar. Áskriftir skal skrá rafrænt í gegnum sérstakan áskriftarvef sem verður aðgengilegur fjárfestum á vef Kviku, á vefslóðinni www.kvika.is/olgerdin. Ekki verður tekið við áskriftum á öðru formi og ekki er tekið við áskriftum sem innihalda fyrirvara.

Hvers vegna er þessi lýsing gerð?

Lýsing þessi er gerð í tengslum við almennt Útboð á 827.299.496 hlutum í Ölgerðinni Egill Skallagrímsson hf. og töku allra hluta í Útgefanda til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði hjá Nasdaq Iceland hf. Áætlaður heildarkostnaður í tengslum við útgáfu hlutanna og töku þeirra viðskipta er að lágmarki 50 m.kr. Hvorki umsjónar- og söluaðili, Seljendur né Útgefandi munu leggja kostnað á fjárfesta vegna viðskiptanna. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér hvort kostnaður muni falla á þá frá öðrum aðilum vegna Útboðsins.

Fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hf. hefur umsjón með sölu hlutabréfanna í almenna Útboðinu og með töku þeirra til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland og fær greidda þóknun fyrir sína vinnu. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér hugsanlega hagsmunarárekstra umsjónaraðila við Ölgerðina.



Útgefandalýsing

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

17. maí 2022

Þessi blaðsíða er vísitandi höfð auð.

Efnisyfirlit

1. Áhættuþættir	3
1.1 Efnahags- og lagaáhætta	4
1.2 Rekstraráhætta	10
1.3 Fjárhagsleg áhætta	17
2 Skilgreiningar	20
2.1 Skilgreiningar og tilvísanir	20
3 Mikilvægar upplýsingar	22
3.1 Tilkypping til fjárfesta	22
3.2 Upplýsingar frá þriðja aðila	24
3.3 Skjöl felld inn með tilvísun	24
3.4 Gildistími, aðgengi að Lýsingunni og skjöl til sýnis	25
3.5 Yfirlýsingar ábyrgðaraðila Útgefandalýsingarinnar fyrir hönd Útgefanda	26
4 Markaðir og samkeppni	27
4.1 Egils - áfengir drykkir og kaffilausnir	27
4.2 Egils - óáfengir drykkir	29
4.3 Danól	31
5 Upplýsingar um Útgefandann	33
5.1 Lagaumhverfi	33
5.2 Ágrip af sögu Ölgerðarinnar	34
5.3 Skipulag samstæðunnar og skipurit	35
5.4 Starfsemi Ölgerðarinnar	37
6 Stjórn og stjórnarhættir	45
6.1 Stjórnarhættir	45
6.2 Undirnefndir stjórnar	49
6.3 Framkvæmdastjórn Ölgerðarinnar	50
6.4 Laun og hlunnindi forstjóra, lykilstjórnenda og stjórnar, samstæðunnar fyrir fjárhagsárið 2021	55
6.5 Endurskoðendur	56
6.6 Viðskipti við tengda aðila	56
6.7 Yfirlýsingar og hagsmunaárekstrar	57
6.8 Kaupréttir	58

7	Fjárhagsyfirlit	60
7.1	Breytingar frá lokum síðasta fjárhagsárs	60
7.2	Fjárhagsdagatal	60
7.3	Rekstrarreikningur samstæðu Ölgerðarinnar	61
7.4	Efnahagur samstæðu Ölgerðarinnar	63
7.5	Sjóðstreymi samstæðunnar fjárhagsárin 2019, 2020 og 2021	67
7.6	Framtíðarhorfur fyrir fjárhagsárið 2022	69
8	Hluthafar og hlutafé	70
8.1	Hluthafar	70
8.2	Hlutafé	70
8.3	Réttindi	71
8.4	Þróun hlutfjár	72

1. Áhættupættir

Hér er fjallað um þá áhættupætti sem Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf., kt. 420369-7789, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík („Ölgerðin“, „Útgefandi“ eða „félagið“) er kunnugt um og sem að mati félagsins eiga sérstaklega við um það og þá atvinnugrein sem það starfar innan.

Áður en fjárfestar taka ákvörðun um þátttöku í almennu útboði á hlutum í Ölgerðinni, sem fyrirhugað er dagana 23.-27. maí 2022, eru þeir hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar sem koma fram í Lýsingu félagsins dagsettri 17. maí 2022, sem samanstendur af samantekt, Verðbréfalýsingu og Útgefandalýsingu þessari. Fjárfestar eru sérstaklega hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar um þá áhættu- og óvissupætti sem lýst er í köflunum um áhættupætti sem finna má í Lýsingu félagsins og gætu haft veruleg áhrif á rekstur Ölgerðarinnar og fjárfestingar í hlutabréfum félagsins.

Ekki er hægt að setja fram með neinni vissu líkur á því hvort einstakur áhættupáttur geti haft keðjuverkandi áhrif og hrindi af stað fleiri áhættupáttum. Ekki er mögulegt að meta töluleg áhrif einstakra áhættupátta á afkomu, efnahag og virði hlutabréfa í Ölgerðinni og slíkt mat væri þá háð því að aðrir áhættupættir væru óbreyttir í einhvern tíma, sem sjaldnast er raunin. Hver áhættupáttur getur haft margþætt og ítrekuð áhrif á rekstur og efnahag félagsins og þar með á verðmæti hluta í Ölgerðinni, í meira eða minna mæli, bæði til skemmri og lengri tíma. Ekki er hægt að segja til um umfang eða tímamörk slíkra áhrifa. Við framsetningu og uppröðun eftirfarandi áhættupátta hefur Útgefandi leitast við að telja fyrst upp þá áhættupætti sem metnir eru alvarlegastir, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á Útgefandann og líkunum á að þeir raungerist. Umfjöllun um þá áhættupætti sem félaginu er kunnugt um og telur skipta máli varðandi mat á hlutabréfum í félaginu er að finna í kafla 1. Áhættupættir í fyrrgreindri Verðbréfalýsingu Ölgerðarinnar. Sá kafli í Verðbréfalýsingunni, inniheldur upplýsingar um áhættupætti sem Útgefandi telur skv. bestu vitund eiga sérstaklega við um verðbréfin svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim.

Áhættupættir þessir eru háðir óvissu og því er Útgefandi ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað. Möguleiki er á því að Útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta sem ekki eru taldir áhættupættir á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og Útgefandi er kunnugt um. Ekki er víst að hér sé fjallað um alla þá áhættupætti sem gætu haft áhrif á afkomu og efnahag félagsins í framtíðinni, því áhættupættir sem eru álitnir óverulegir í dag gætu þróast á þann veg að þeir hefðu veruleg áhrif síðar. Einnig gætu komið fram nýir áhættupættir í framtíðinni sem ekki eru þekktir í dag.

1.1 Efnahags- og lagaáhætta

1.1.1 Stjórn málaumhverfi, lög og reglur

Ölgerðin er, eins og önnur félög, háð þeirri áhættu að stjórnvöld breyti lögum og reglum með þeim hætti að starfsemi félagsins verði óhagkvæmari en ella. Nánari umfjöllun um gildandi lagaumhverfi félagsins er að finna í kafla 5.1 Lagaumhverfi. Ákvarðanir stjórnvalda, sem geta m.a. ráðist af þróun stjórn málaumhverfisins á Íslandi eða einstökum pólitískum atburðum, geta haft bein eða óbein áhrif á starfsemi Ölgerðarinnar. Breytingar á lögum, reglum, og stjórnsýsluframkvæmd sem gilda um félagið, eða ný lög eða reglur sem settar eru um starfsemi þess, gætu haft jákvæð eða neikvæð áhrif á félagið og áhrif á það hvernig félagið hagar starfsemi sinni. Ekki er hægt að útiloka að gerðar verði lagabreytingar eða sett verði ný lög sem gætu haft neikvæð áhrif á rekstur félagsins.

Sem dæmi var sykurskattur lagður á matvæli á Íslandi árið 2013 í formi neysluskatts. Sykurskatturinn var afnuminn í lok árs 2014 en áhætta er fólgin í því að hann verði tekinn upp að nýju í einhverju formi. Frá því að sykurskattur var lagður á árið 2013 hefur þó margt breyst í vöruframboði Ölgerðarinnar og hefur félagið dregið verulega úr magni sykurs í vörum sínum auk þess að bjóða upp á sykurskerta kosti í fjölda vöruflokka. Óvíst er þó hvernig sykurskattur yrði útfærður ef hann yrði tekinn upp á ný. Álagning sykurskatta eða annara neysluskatta getur leitt til þess að eftirspurn eftir vörum Ölgerðarinnar dregst saman auk þess sem skattbyrði félagsins eykst.

Meðal þeirra laga sem snerta starfsemi Ölgerðarinnar eru lög nr. 75/1998 um áfengislög („Áfengislög“) og lög nr.86/1995 um gjald af áfengi og tóbaki. Áfengisgjöld á Íslandi eru há, samanborið við önnur Evrópuríki, sem hefur óneitanlega áhrif á starfsemi Útgefanda, þar sem stór hluti tekna félagsins kemur af sölu áfengra drykkja. Hækkun áfengisgjalda gæti leitt til þess að eftirspurn eftir vörum Ölgerðarinnar drægist saman.

Þá er samkvæmt lögum 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak ekki leyfilegt að selja áfengi í öðrum verslunum á Íslandi en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins („ÁTVR“) og er almenn sala í verslunum og stórmörkuðum því ekki heimil eins og tíðkast víða. Nýlega hefur borið á því að einkaaðilar reyni á túlkun laganna með sölu áfengis í vefverslunum sem þjónusta íslenska neytendur, jafnvel með lagerhaldi á Íslandi til þess að styðja skjótan afhendingartíma. Taki fyrrnefnd lög breytingum eða þróist túlkun ákvæða þeirra, t.d. í kjölfar dómsmála, gæti það gefið ýmsum aðilum kost á því að byrja að selja áfengi, hvort sem er í búðum eða vefverslunum. Slíkt gæti gjörbreytt samkeppnisumhverfi á áfengismarkaði og skapað hvata fyrir nýja aðila til innflutnings og sölu á áfengum drykkjum. Þá ríkir einnig, samkvæmt sömu lögum, bann við að auglýsa áfengi á Íslandi. Ljóst er að breytingar á Áfengislögum og/eða afleiddum reglugerðum gætu haft neikvæð áhrif á rekstur Útgefanda, en ekki er hægt að meta hvert umfang þeirra gæti orðið.

Starfsemi Ölgerðarinnar lýtur jafnframt ýmsum opinberum reglum og eru helstu starfsstöðvar og rekstur framleiðslustöðva félagsins háð leyfisveitingu opinberra aðila. Starfsemi félagsins er þess eðlis að nauðsynlegt er að afla ýmissa leyfa og heimilda frá þar til bærum yfirvöldum, t.d. í

tengslum við framleiðslu, innflutning, geymslu, dreifingu, meðhöndlun og sölu matvara. Ef tilskilin leyfi eru ekki veitt, ekki endurnýjuð með tilskildum hætti, eru afturkölluð eða þeim breytt á einhvern hátt, kann það að hafa fjárhagslegar afleiðingar fyrir félagið.

Ef í ljós kemur að starfsemi félagsins uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum kann það að hafa neikvæð áhrif á rekstur félagsins, til að mynda þar sem orðspor félagsins bíður hnekki, félagið fær á sig sektir eða önnur viðurlög, eftirlitsaðilar grípa til annarra íþyngjandi úrræða gagnvart félaginu eða viðskiptavinir eða aðrir hagaðilar höfða dómsmál á hendur félaginu. Úrskurðir dómstóla, laga- og reglugerðarbreytingar ásamt breytingum á stjórnarsýsluframkvæmd geta haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins, m.a. vegna framleiðslutafa og/eða stöðvun með tilheyrandi vöruskorti og tekjutapi.

Samkeppnislög og reglur

Starfsemi Ölgerðarinnar heyrir undir samkeppnislög nr. 44/2005 ("Samkeppnislög") og eftirlit Samkeppniseftirlitsins sem framfylgir þeim lögum og getur íhlutun þess haft fjárhagsleg áhrif á Útgefanda. Ef félagið skyldi brjóta gegn Samkeppnislögum getur það hamlað starfsemi félagsins og haft áhrif á orðspor þess og afkomu. Ef fyrrnefnd lög myndu taka breytingum gæti það einnig haft neikvæð áhrif á félagið. Jafnframt er sá möguleiki fyrir hendi að sett verði ný lög sem Ölgerðin verður að lúta sem geta haft neikvæð áhrif á rekstur, arðsemi og fjárhagsstöðu.

Ölgerðin hefur ekki verið skilgreind í markaðsráðandi stöðu á ákveðnum mörkuðum af samkeppnisyfirvöldum en það útilokar þó ekki að félagið teljist vera í slíkri stöðu á einhverjum mörkuðum. Ef félag er í markaðsráðandi stöðu og misnotar þá stöðu getur það leitt til hárrar sektar fyrir viðkomandi félag.

Á árinu 2020 gerði Ölgerðin sátt við Samkeppniseftirlitið vegna máls frá 2011 og féllst á að greiða 20 milljónir króna í sekt vegna brota á 10. gr. Samkeppnislaga um bann við ólögsmætu samráði vegna hilluuppröðunar drykkjarvara. Jafnframt féllst félagið á að undirgangast tiltekin skilyrði, s.s. takmörkun á samskiptum við keppinauta og upplýsingaskipti í samskiptum við smásöluaðila, auk fræðslu til starfsmanna og stjórnenda um samkeppnisreglur.

1.1.2 Efnahagsaðstæður og þróun

Náin tengsl eru á milli þróunar á mat- og drykkjarvörumarkaði og almennrar efnahagsþróunar. Niðursveifla í efnahagslífinu gæti haft neikvæð áhrif á veltu og hagnað félagsins. Auk þess geta sveiflur í efnahagslífinu breytt hegðun neytenda og þannig haft áhrif á veltu og hagnað félagsins, sérstaklega í öðrum geirum en smásölu, svo sem með fækkun ferðamanna. Neikvæð þróun efnahagslegra þátta líkt og þróun kaupmáttar, hagvaxtar, atvinnuleysis og ráðstöfunartekna heimila, getur verið áhyggjuefni fyrir Ölgerðina og önnur íslensk fyrirtæki. Megnið af tekjum félagsins koma til af innlendri starfsemi og því er félagið afar háð aðstæðum og þróun í íslensku efnahagsumhverfi.

Mikil verðbólga getur haft neikvæð áhrif á rekstur Ölgerðarinnar. Við slíkar aðstæður hækka útgjöld og engin trygging er fyrir því að hægt verði að mæta hækkun kostnaðarverðs seldra vara



og annarra útgjalda með verðhækkunum á þeim mörkuðum sem félagið starfar á. Meirihluti vöruframboðs Ölgerðarinnar samanstendur hins vegar af mat- og drykkjarvöru, sem er nauðsynjavara fyrir heimili og fyrirtæki. Tiltölulega stöðug eftirspurn á matvöru getur að einhverju marki dregið úr þeirri verðbólguáhættu sem fólgin er í starfsemi félagsins.

Þá er félagið einnig háð efnahagsaðstæðum og verðlagi í þeim löndum sem samstæða Ölgerðarinnar kaupir aðföng til innflutnings. Verðhækkun á aðföngum sem flutt eru inn til framleiðslu og/eða dreifingar hefur bein áhrif á afkomu félagsins að því marki sem ekki er hægt að velta áfram í verðlag.

Heimsfaraldur

Covid-19 faraldurinn hefur haft víðtæk áhrif á efnahagslíf og þróun á Íslandi sem og erlendis. Heildarumfang áhrifanna eru enn óljós og er ekki víst hvenær þau fjara út. Félagið fylgdi öllum tilmælum og sóttvarnareglum sem í gildi voru hverju sinni og hefur þurft að grípa til fjölda ráðstafana til að gæta öryggi starfsfólks og halda starfsemi áfram á sem eðlilegastan máta. Ef félagið þyrfti að grípa aftur til slíkra ráðstafana gæti það skaðað rekstur félagsins, t.d. með framleiðslutöfum og/eða vöruskorti.

Ölgerðin fann fyrir áhrifum vegna Covid-19 í breyttum neysluvenjum í kjölfar breyttra ferðavenja, ferðahamla, samkomutakmarkana o.s.frv. Í töflunni hér að neðan má sjá þróun tekna eftir tekjuflokkum síðustu þrjú fjárhagsár og þær breytingar sem áttu sér stað sem margar má rekja til heimsfaraldursins. Þar ber helst að nefna aukið vægi sölu til stórmarkaða, sem jókst úr 33% fjárhagsárið 2019-20 („fjárhagsárið 2019“) í 41% árið eftir. Þetta hlutfall hefur þó lækkað aftur fyrstu tvo mánuðina fjárhagsárið 2022 er það orðið 37%. Sala til veitingastaða, hótela, bara og kaffihúsa („HORECA“) fór úr 18% fjárhagsárið 2019 í 9% fjárhagsárið 2020. Þetta hlutfall hefur rétt úr sér og var hlutfallið orðið 15% fjárhagsárið 2021-22 („fjárhagsárið 2021“) og fyrstu tvo mánuði fjárhagsársins 2022 var þetta hlutfall orðið 19%. Sala á áfengi fluttist frá HORECA og Fríhafnar til ÁTVR og jókst hlutfallið úr 26% fjárhagsárið 2019 í 35% fjárhagsárið 2020. Heildarneysla á áfengi breyttist lítið þrátt fyrir stóraukna sölu í ÁTVR. Áhrif faraldursins á rekstur Útgefanda voru því fremur í formi breyttra neysluvenja heldur en minni sölu, en tekjur félagsins hafa vaxið á tímabilinu. Erfitt er að áætla að hversu miklu leyti neysluvenjur muni hverfa aftur í fyrra horf en ljóst er að hluti mun ganga til baka líkt og sést á þróun milli fjárhagsáranna 2020-21 („fjárhagsárið 2020“) og 2021. Einnig gefa fyrstu tveir mánuðir fjárhagsársins 2022 góða vísbendingu um að hlutföllin séu farin að rétta sig af.

Tilvik þar sem viðsnúningur yrði í þróun í einum tekjuflokki en ekki öðrum, t.d. í því tilviki að viðskiptavinir minnkuðu kaup í ÁTVR en ferðamennska og HORECA næði sér ekki jafn fljótt á strik, gætu haft neikvæð áhrif á tekjur og afkomu félagsins.

Tafla 1-0-1: Þróun tekna eftir tekjuflokkum¹

Tekjuflokkar	2019	2020	2021	2022²
Stórmarkaðir	33%	41%	39%	37%
Fríhöfn og ÁTVR	26%	35%	29%	24%
HORECA	18%	9%	15%	19%
Bensínstöðvar og skyndibiti	8%	6%	6%	7%
Fyrirtæki	4%	3%	4%	5%
Annað	10%	6%	7%	8%

1.1.3 Kjarasamningar

Í apríl árið 2019 undirrituðu Samtök atvinnulífsins og aðildarfélag kjarasamning, oft kallaður lífskjarasamningurinn, sem gildir til 1. nóvember 2022 og kveður á um launahækkanir sem eru að hluta til tengdar hagvexti. Samningurinn hefur falið í sér talsverðar krónutöluhækkanir fyrir starfsfólk Ölgerðarinnar sem hefur haft áhrif á launakostnað félagsins. Stutt er eftir af gildandi kjarasamningi og er ljóst að nokkur óvissa ríkir um launapróun komandi ára. Nái aðilar ekki saman að gildistíma loknum skapast auk þess hætta á verkfallsaðgerðum sem geta hamlað starfsemi félagsins og jafnvel stöðvað hana að hluta eða öllu leyti til lengri eða skemmri tíma. Erfitt getur verið að velta auknum launakostnaði út í verðlag. Af því leiðir geta kjarasamningar haft áhrif á hagnað og sjóðstreymi félagsins.

1.1.4 Samningsáhætta og mikilvægir samningar

Flestir samningar Ölgerðarinnar um t.d. umboð og sölu, hvort sem ræðir innkaup heildsöluvara eða áframsölu þeirra og/eða eigin framleiðslu til endursöluaðila, eru byggðir á langtíma viðskiptasamböndum og eru án skriflegra samninga líkt og tíðkast á þeim mörkuðum sem félagið starfar. Samningar og viðskiptasambönd félagsins við stærstu birgja og samstarfs- og söluaðila eru mikilvæg fyrir reksturinn.

Þá hefur félagið einnig framleiðslumboð frá PepsiCo Inc., og tiltekin dótturfélag þess („PepsiCo“) sem tryggir Ölgerðinni einkarétt á framleiðslu gosdrykkja fyrirtækisins m.a. Pepsi, Pepsi Max og 7UP. Sambærilegt samkomulag við Carlsberg breweries AS („Carlsberg“) tryggir Ölgerðinni einkarétt á framleiðslu á Carlsberg og Tuborg bjór. Missi félagið umboðin eða verði verulegar breytingar á skilmálum þeirra getur það haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins, geti félagið ekki framleitt og selt vinsælar vörur.

Í núverandi samningi Ölgerðarinnar við PepsiCo er er kveðið á um að Ölgerðin skuli á hluthafafundi innleiða í samþykktir ákvæði sem kveður á um að fulltrúar samkeppnisaðila í drykkjarframleiðslu, eða aðilar þeim tengdir, skulu ekki gjaldgengir til að taka sæti í stjórn Ölgerðarinnar eða gegna stjórnunarstöðu innan félagsins. Markmiðið með þessu samningsákvæði er að koma í veg fyrir að fulltrúi samkeppnisaðila Ölgerðarinnar geti tekið sæti í


¹ Byggir á óendurskoðuðum tölum úr fjárhagsbókhalda

² Tölur frá mars og apríl 2022

stjórn félagsins eða gegnt stjórnunarstöðu. Samkeppnisaðili er skilgreindur hver sá aðili sem er eigandi alþjóðlegra vörumerkja drykkja, eða sá aðili sem hefur öðlast réttindi frá eiganda alþjóðlega viðurkenndra vörumerkja drykkja til að framleiðslu þeirra eða dreifingu. Í 16. gr. í samþykktum félagsins er að finna ákvæði sem fjallar efnislega um ofangreinda skuldbindingu Ölgerðarinnar gagnvart PepsiCo. m.t.t. þessa er riftunarákvæði í samningnum sem virkjast getur við annað tveggja tilvika:

- i) Ef aðili, sjálfur eða með þeim sem hann telst í samstarfi með, eignast beint eða óbeint 30% eða stærri hlut útgefins hlutafjár í Ölgerðinni; eða
- ii) Ef fulltrúi samkeppnisaðila í drykkjarframleiðslu sest í stjórn félagsins eða verður einn lykilstjórnenda Ölgerðarinnar.

Niðurbrot á framlegð Ölgerðarinnar eftir innflutningi, framleiðslu með leyfum og framleiðslu eigin vörumerkja má sjá hér að neðan:



Ljóst er að rekstur Ölgerðarinnar er því að einhverju leyti háður fyrrnefndum framleiðslumboðs samningum sem og samkomulagi um innflutning, þrátt fyrir sterkt framboð eigin vörumerkja sem aukist hefur síðastliðin ár. Tapi félagið mikilvægum vörumerkjum úr vöruúrvali sínu gæti það haft þau áhrif að tekjur og markaðshlutdeild minnki, sérstaklega í tilfelli verðmætra vörumerkja líkt og þeirra sem framleidd eru í umboði PepsiCo.

Á félaginu hvílir einnig samningsbundin skylda til að uppfylla ýmis ákvæði leigu- og fjármögnunarsamninga. Ef félagið yrði ófært um að standa við skuldbindingar sínar, eða hætti af einhverjum ástæðum að gera það, ættu leigusalar og lánveitendur rétt á að rifta umræddum samningum, sem gæti haft neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar í för með sér fyrir félagið, t.d. gjaldfellingu lána eða leiguskuldbindinga. Lánasamningar félagsins innihalda skilmála sem lúta að fjárhagsstöðu, sjóðsstreymi og fjárfestingum félagsins auk þess sem félaginu er óheimilt að gera verulegar breytingar á starfsemi sinni. Brot gegn sérstökum lánaskilmálum kann að leiða til gjaldfellingar. Stærsti lánardrottinn félagsins er Íslandsbanki.

1.1.5 Verðbréfalöggjöf

Útgefandi mun óska eftir því að verðbréf félagsins verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallar Íslands hf. („Nasdaq Iceland“), kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, og mun því þurfa að fylgja þeim lögum, reglum og reglugerðum sem gilda um útgefendur fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði, eins og þau eru á hverjum tíma, m.a. lögum nr. 20/2021, um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, lögum nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum, reglugerð nr. 630/2005, um innherjaupplýsingar og markaðssvik, lögum nr. 108/2007, um yfirtökur, og reglugerðum settum á grundvelli laganna, reglum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík („Fjármálaeftirlitið“) nr. 320/2022 um aðgerðir gegn markaðssvikum og nr. 1470/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa, og reglum Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga.

Ef félagið skyldi brjóta framangreind lög eða reglur gæti það haft neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar í för með sér fyrir félagið. Brot gætu leitt til þess að eftirlitsaðilar veittu félaginu áminningu og beittu það jafnvel fjársektum.

1.1.6 Málaferli og ágreiningsmál

Vegna stærðar og umfangs rekstrar Ölgerðarinnar kann félagið á hverjum tíma að vera aðili að einhvers konar ágreiningsmálum sem upp koma af hálfu félagsins eða á hendur félaginu. Ágreiningsmál geta verið af ýmsum toga og geta til dæmis snert viðskiptavinum félagsins, birgja, starfsfólk, opinberar stofnanir og fleiri sem eru í samskiptum við félagið á hverjum tíma.

Félagið hefur ekki verið aðili að stjórnarsýslu-, dóms- eða gerðardómsmálum sl. 12 mánuði sem hafa haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi þess, að undantolini umfjöllun þessa kafla 1.1.6. Málaferli og ágreiningsmál, en undanfarin ár hafa ýmsir úrskurðir og dómar verið kveðnir upp er varða Ölgerðina, eins og eðlilegt er hjá stóru félagi. Má þar sem dæmi nefna sátt sem gerð var við Samkeppniseftirlitið árið 2020 sem markaði endalok rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á hilluuppröðun drykkjarvara í verslunum á árunum 2009-2011, en sátt var gerð um að Ölgerðin hefði brotið gegn 10. gr. Samkeppnislaga um bann við ólögumætu samráði og greiddi félagið 20 milljón króna sekt sem gjaldfærð var á fjárhagsárinu 2020.

Þann 14. mars 2022 barst Danól ehf. bréf frá Skattinum, Skatturinn, kt. 540269-6029, Laugavegi 166, 105 Reykjavík, („Skatturinn“), um fyrirhugaða endurákvörðun tollgæslu skattsins. Fyrirhuguð endurákvörðun er vegna innflutnings vöru á árunum 2019 og 2020. Við innflutning vörunnar á sínum tíma var tollafgreiðsla byggð á flokkun í tollskrárnúmer 2106.9068 en sá liður ber heitið „Jurtaostur“ en undir liðunum 2106 eru ýmis matvæli og fjallar 21. kafli tollskrár um ýmsa matvælaframleiðslu. Tollyfirvöld telja þá tollflokkun ranga og endurskoðunardeild Skattsins metur viðkomandi vöru í tollskrárnúmer 0406.2000 sem er skilgreint sem ostaduft³. Fjárhæð endurálagningar er áætluð 151 m.kr. að viðbættu 50% álagi og dráttarvöxtum. Í ársreikningi 2021 eru áætlaðir dráttarvextir gjaldfærðir meðal fjármagnsgjalda en fyrirhuguð endurálagning með álagi vegna áranna 2019 og 2020, samtals 227 m.kr. er færð til lækkunar á eigin fé Danól ehf.

³ <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/landbunadarraduneyti/nr/3119>

Þá sýknaði Hæstiréttur íslenska ríkið í nóvember 2021 af kröfum innflutningsfyrirtækisins Ásbjörns Ólafssonar ehf. („Ásbjörn Ólafsson“) um að íslenska ríkið endurgreiddi fyrirtækinu útboðsgjöld vegna innflutnings á landbúnaðarvörum. Landsréttur hafði áður dæmt gjaldtökuna ólögmeta en ríkið var sýknað í héraðsdómi. Þrátt fyrir að vera ekki beinn málsaðili að dómsmálinu hafði niðurstaða Hæstaréttar 25 milljón króna neikvæð áhrif á rekstur Ölgerðarinnar á fjárhagsárinu 2021.

Á fjárhagsárinu 2021 var einnig greitt upp að fullu lán sem átti uppruna sinn í svokölluðum öfugum samruna Ölgerðarinnar og Danól ehf. („Danól“) árið 2007, en í lok árs 2013 úrskurðaði Ríkisskattstjóri að fjármagnskostnaður Ölgerðarinnar sem til var kominn vegna samruna Límonaðis ehf., Daníels Ólafssonar ehf. og Ölgerðarinnar og hafði verið talinn til frádráttar skattstofni frá 2008 teldist ekki frádráttarbær kostnaður og endurákvarðaði tekjuskattstofn Ölgerðarinnar.

1.1.7 Skattaleg áhætta

Ölgerðin er íslenskt hlutafélag og ber sem slíkt ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi. Skattlagning á tekjur lögaðila fer samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt ásamt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Tekjuskattshlutfall fyrirtækja er nú 20%, hefur verið stöðugt undanfarin ár og hefur sértækum skattstofnum á fyrirtæki ekki fjölgað.

Breyting á skattheimtu lögaðila og/eða öðrum opinberum gjöldum svo sem tollum og vörugjöldum, hvort sem beina eða óbeina skattheimtu sé að ræða, felur í sér áhættu í rekstri félagsins og kann að leiða til þess að félagið þurfi annaðhvort að velta kostnaðarauka yfir í verðlag með tilheyrandi samdrætti í eftirspurn eða auka rekstrarkostnað sinn og þar með afkomu félagsins.

1.2 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er áhættan á beinu eða óbeinu tapi eða tjóni af völdum starfsfólks, tækni, ófullnægjandi eða gallaðra innri ferla eða ytri atburða.

Ölgerðin leitast við að stýra rekstraráhættu með hagkvæmum hætti til að forðast fjárhagslegt tap og til að vernda orðstír sinn. Til að draga úr rekstraráhættu er meðal annars komið á viðeigandi aðskilnaði starfa, eftirliti með viðskiptum og fylgni við lög, góð þjálfun starfsmanna, verkferlar skipulagðir og skráðir og tryggingar keyptar þegar við á. Árlega er framkvæmt áhættumat og það lagt fyrir stjórn félagsins ásamt úrbótaáætlun.

1.2.1 Áhætta vegna framleiðslu

Um 63% af framlegð samstæðunnar kom til vegna sölu á framleiðsluvörum fjárhagsárið 2021, en eigin framleiðsla er samtala eigin vörumerkja og framleiðsla með sérleyfum. Unnið er samkvæmt skilgreindri framleiðsluáætlun til að hámarka afköst í samræmi við eftirspurn og framleiðslugetu.

Takist félaginu ekki að framleiða samkvæmt áætlun og uppfylla þannig eftirspurn eftir vörum sínum getur það valdið tekjutapi og minni arðsemi.

Mikilvægt er að öllum búnaði og framleiðslutækjum sé vel við haldið og hægt sé að viðhalda stöðugum rekstri, en unnið er á vöktum í flestum framleiðslusölum félagsins. Í byrjun árs 2022 var tekinn í gagnið nýr framleiðslusalur sem áætlað er að auki afköst félagsins um 45.000 dósir á klukkustund, sem dregur verulega úr áhættu félagsins á vöruskorti á mikilvægum vörutegundum. Þrátt fyrir fyrirbyggjandi viðhald og varahlutalagerhald er ávallt hættu á að búnaður og/eða framleiðslutæki bili og ekki fái stöðugt varahlutir. Slíkt gæti valdið töfum í framleiðslu, röskun á framleiðsluáætlun, vöruskorti og þar með tekjutapi. Vegna áhrifa Covid-19 og stríðsins í Úkraínu er aukin hættu á skorti á íhlutum og aðföngum til viðhalds.

Bilanir og/eða mistök í framleiðslu geta einnig haft áhrif á gæði vara. Framleiðsluferli eru flókin og vélbúnaður tæknilegur og því mikilvægt að starfsfólk sé vel þjálfað og hafi góða þekkingu á framleiðsluferlum og vélum félagsins. Auk þess þarf starfsfólk að vera meðvitað og metnaðarfullt um vönduð vinnubrögð og gæðakröfur. Þá er mikilvægt að framleiðslutæki, allur búnaður og aðstaða sé rétt þrifið og haldið við, en Ölgerðin vinnur eftir ISO vottuðu gæðakerfi. Hluti af því kerfi er að tekin eru sýni úr hverri framleiðslulotu og þau rannsökuð til að tryggja að gæði vara sé í samræmi við kröfur. Félagið lágmarkar þannig líkur á að gallaðar vörur komist í hendur neytenda enda er ljóst að ef slíkt gerist ítrekað mun það hafa áhrif á eftirspurn eftir vörum félagsins og þar með á tekjur og afkomu Ölgerðarinnar.

1.2.2 Áhætta vegna birgja, hráefna- og afurðaverðs

Rekstur og afkoma Ölgerðarinnar er háð hráefna- og afurðaverði, en starfsemi félagsins er háð því að það geti keypt vörur og hráefni af birgjum sínum á sanngjörnum kjörum. Vöru- og hráefnaverð getur tekið breytingum, hvort sem það er til skemmri eða lengri tíma. Verð þessara þátta er byggt á markaðsverði og getur tekið örur breytingum sem ekki er hægt að sjá fyrir né hafa stjórn á. Félagið notast við ýmis lykilorð sem eru notuð í margar vörur. Ef skortur myndast á framboði þessara lykilorða og/eða miklar verðhækkningar eiga sér stað getur það haft hamlandi áhrif á framleiðslu félagsins, einkum ef um viðvarandi truflun er að ræða. Ef félaginu tekst ekki að finna viðeigandi staðgengla eykur það rekstrarkostnað félagsins.

Missi félagið umboð eða framleiðsluleyfi, t.d. ef birgir er keyptur eða sameinast öðrum, vegna bresta í viðskiptasambandi, eða hækki birgir innkaupsverð þannig að félagið telji innkaup ekki lengur hagkvæm er hættu á að félagið verði fyrir skaða til skamms tíma á meðan staðgönguvara er fundin. Ölgerðin vinnur með sterk vörumerki og getur það því reynst erfitt að finna staðgengil fyrir ákveðnar vörur. Takist það ekki getur það haft neikvæð áhrif á tekjur, arðsemi og vöxt félagsins.

Nýverið leiddu hækkningar á hráefni og umbúðum til þess að Ölgerðin sá sér ekki annað fært en að hækka verð innlendra framleiðsluvara um 5,9%, sem þó var minna en raunveruleg hækkunarþörf, en fjöldi aðfanga hafa hækkað um tugi prósentu síðustu misseri m.a. í kjölfar Covid-19. Dæmi um aðföng sem hækkað hafa í verði á heimsvísu undanfarið eru korn, kolsýra, dósir, lok, bragðefni, plast, sykur, appelsínusafi og fleira. Þá hefur flutningskostnaður aukist töluvert.

Ölgerðin tók hluta af framkomnum hækkunum á sig, í von um að hluti þeirra gangi til baka. Loks má benda á að auk þegar framkominna hækkana hjá birgjum, eru framundan launahækkanir og búist er við enn frekari hækkunum hjá ýmsum birgjum. Haldi hráefna- og afurðaverð áfram að hækka er ljóst að Ölgerðin mun þurfa að endurmeta verðlagningu, en ljóst er að frekari hækkanir á hráefna- og afurðaverði auk neikvæðra áhrifa vegna verðbreytinga gætu haft neikvæð áhrif á rekstur og afkomu félagsins.

Mikilvægt er að öryggi og gæði vara félagsins sé fullnægjandi og er það nauðsynlegt til að viðhalda trausti viðskiptavina. Félagið og birgjar þess eiga með sér samstarf til þess að tryggja gæði og gagnkvæman skilning á þeim kröfum sem þarf að uppfylla. Einnig er fylgst með þróun á sviði heilbrigðis- og öryggismála og fleiri sviðum til að tryggja að félagið sé í stakk búið að bregðast með viðeigandi hætti við breytingum á lagaumhverfi og neysluvenjum viðskiptavina.

1.2.3 Aðfangakeðjan og vörustjórnun

Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur drykki, matvæli og ýmsa sérvöru, en hluti af sérvörum Ölgerðarinnar eiga uppruna sinn utan Íslands. Aðfangakeðja Ölgerðarinnar nær því frá kaupum og innflutningi á vörum og hráefnum til framleiðslu, sölu og dreifingar á framleiddum og innfluttum vörum til verslana, HORECA, fyrirtækja og annara viðskiptavina.

Til þess getur komið að framleiðslugeta vörubirgja og/eða hráefnabirgja félagsins skerðist, líkt og félagið upplifði t.d. í tilfelli dósabirgja í tengslum við Covid-19. Slíkt getur valdið auknum kostnaði, töfum í framleiðslu o.fl. Þá geta tafir í innflutningi valdið tímabundnum vöruskorti og tekjutapi. Birgðahald félagsins er annars vegar á Grjóthálsi í höfuðstöðvum Ölgerðarinnar (einkum eigin framleiðsluvörur, hráefni og aðföng til framleiðslu) og hins vegar Vöruhótelí Eimskips (einkum innflutningsvörur sem seldar eru af Danól). Stuðst er við viðurkenndar aðferðir við birgðastjórnun og hefur kostnaður vegna rýrnunar verið óverulegur í rekstri félagsins síðastliðin ár. Þó er mikilvægt að birgðum félagsins sé vel stýrt til að tryggja vöruframboð en a sama tíma lágmarka rýrnun og fjárbindingu í birgðum. Mistök í birgðastýringu getur haft neikvæð áhrif á bæði rekstur og afkomu félagsins, t.d. í tilfelli vöruskorts eða umfangsmikillar rýrnunar.

1.2.4 Aðgengi að mörkuðum

Ölgerðin selur bróðurpart vara sinna á íslenskum markaði í gegnum fjölda söluaðila og er háð því að hafa greiðan aðgang að lykilmörkuðum með vörur sínar. Lykilsöluaðilar/staðir eru stórmarkaðir, ÁTVR, HORECA, bensínstöðvar og skyndibiti, fyrirtæki og sérvöruverslanir. Breyttar aðstæður á þessu mörkuðum, t.d. þær sem sést hafa síðastliðin ár vegna Covid-19, geta haft veruleg áhrif á tekjuflæði félagsins en á árunum 2019 - 2020 jókst sala Ölgerðarinnar í stórmörkuðum og ÁTVR mikið á meðan sala í HORECA dróst saman sökum samkomutakmarkana og fækkunar ferðamanna. Ef aðgengi félagsins að lykilsölustöðum minnkar getur það haft talsverð áhrif á rekstur Ölgerðarinnar.

Þá er félagið í samkeppni við önnur fyrirtæki sem bjóða sambærilegar vörur. Áhætta er fólgin í því að stórir erlendir aðilar hefji verslunarrekstur á Íslandi og selji staðgönguvörur eða sömu vörumerki og Ölgerðin á hagstæðara verði eins og sást með komu Costco Wholesale til Íslands. Auk þess eru til staðar erlendir vefverslanir með sambærilegt vöruframboð og Ölgerðin, t.d. á

sviði snyrtivara. Ölgerðin gætir þess að viðhalda samkeppnishæfu vöruverði með áherslu á gott aðgengi en ljóst er að öflug samkeppni erlendis frá gæti haft neikvæð áhrif á rekstur og hagnað félagsins.

1.2.5 Umhverfisáhætta

Áhætta félagsins í loftlagsmálum er að mestu leyti tengd nýjum lögum og reglugerðum og breyttum viðhorfum neytenda. Ef lögð eru fram ný frumvörp og reglugerðir, sem gerir félaginu ekki kleift að bregðast við, t.d. ef einhverjar vörur eru ekki leyfðar, getur það verið kostnaðarsamt fyrir félagið. Há losunargjöld og háir mengunarskattar fela einnig í sér áhættu fyrir félagið þar sem gjöldin og tollarnir varpast út í vöruverð. Til að takmarka áhættu af þessu tagi vinnur félagið markvisst í átt að sjálfbærni og styður hringrásarhagkerfið með ýmsum aðgerðum. Félagið þarf einnig að fylgjast með breyttum þörfum neytenda, t.d. óskum þeirra um annað en einnota umbúðir. Ölgerðin hefur t.d. lagt áherslu á að umbúðir félagsins séu eins umhverfisvænar og kostur er. Í dag eru um 83% af einnota drykkjavöruumbúðum Ölgerðarinnar framleiddar úr endurunnum hráefnum. Plastflöskur félagsins eru um 50% unnar úr endurunnu plasti, en félagið leitar að enn frekari umbótum. Þá eru flöskurnar um 5,5gr léttari en áður tíðkaðist, sem minnkar kolefnisspor þeirra. Ölgerðin er einnig hluthafi í Endurvinnslunni hf., kt. 610789-1299, Knarrarvogi 4, 104 Reykjavík („Endurvinnslan“) en örugg endurvinnsla umbúða af drykkjarvörum styður hið mikilvæga hringrásarhagkerfi. Hætti félagið að sinna samfélagslegri ábyrgð sinni í tengslum við umhverfismál og umbætur og/eða sinni slíkrri ábyrgð illa er hætta á að slíkt skapaði orðsporsáhættu og minni eftirspurn eftir vörum félagsins.

Áhætta félagsins er einnig tengd því að ekki sé horft til samfélagsins og umhverfisþátta í ákvörðunartöku. Ölgerðin hefur haft það að leiðarljósi að hámarka framleiðni með sem minnstum umhverfisáhrifum, en félagið hefur sett sér metnaðarfull markmið um sjálfbærni í rekstri og leggur þar mikla áherslu á umhverfismál. Ölgerðin vinnur eftir viðmiðum Global Compact og skilar árlega inn framvinduskýrslu til Sameinuðu Þjóðanna. Ölgerðin tekur þátt í að ná loftlagsmarkmiðum Íslands um 40% minnkun kolefnisspors til 2030. Markviss vinna félagsins hefur nú þegar skilað því að félagið hefur dregið úr kolefnisspori sínu frá rekstri (umfang 1 og 2⁴) um 65% frá árinu 2016. Ölgerðin hefur mælt árangurinn og gefið út upplýsingar um ESG þætti þess í sjálfbærnisráðgjafu reglulega. Ölgerðin hefur tekið þessa vinnu enn lengra og hefur sett sér metnaðarfull markmið sem hægt er að sannreyna með vísindalegum hætti og miða að því að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C (e. Science Based Target). Ölgerðin hefur sett sér markmið um að draga úr losun frá rekstri um 42% til viðbótar og mæla og minnka umfang 3. Þá hefur Ölgerðin sett sér markmið um kolefnishlutleysi árið 2040.

Félagið fylgir öllum lögum og reglum í tengslum við umhverfiseftirlit og leggur áherslu á að vera ábyrgur þátttakandi í nærumhverfi sínu. Sem dæmi um umbótaverkefni er fjárfesting í uppsetningu hreinsistöðvar, sem sett verður upp á árinu 2022.

⁴ <https://www.olgerdin.is/Files/Files/Olgerdin/esg-skyrsla-2020-undirritud.pdf>

Félagið telur umhverfisáhættu skapast bæði í eigin rekstri og við notkun framleiðsluvara þess. Ef félagið veldur mikilli umhverfismengun, beint eða óbeint, hvort sem að það sé vísitandi eða fyrir slysn, getur það skaðað orðspor félagsins og teflt öryggi rekstrar í hættu.

1.2.6 Vöruþróun

Vöruþróun er gríðarlega mikilvægur hluti af starfsemi Ölgerðarinnar og er eitt af lykilmarkmiðum félagsins að 5% af veltu framleiðsluvara félagsins komi frá nýjum vörum. Markmiðið hefur tekist vel en árið 2019 var hlutfall tekna frá nýjum vörum 4,9%, 9,6% árið 2020 og 14,2% árið 2021. Vara er skilgreind sem ný vara í tvö ár eftir að framleiðsla hefst. Félagið stefnir á að halda áfram á þessari braut en geta Ölgerðarinnar til þess að þróa nýjar vörur sem uppfylla breyttar þarfir viðskiptavina skiptir gríðarlegu máli til að viðhalda vexti og ná árangri í rekstri. Breyting í neysluvenjum getur haft áhrif á eftirspurn eftir vörum félagsins og haft neikvæð áhrif á rekstur og afkomu.

Framleiðsla á vörum undir eigin vörumerkjum félagsins er arðbærasta framleiðsla Ölgerðarinnar og því er vöruþróun nauðsynleg út frá arðsemisjónarmiði en auk þess er það besta og hagkvæmasta leiðin til að mæta breyttum neysluvenjum, þörfum viðskiptavina og þar af leiðandi markmiðum félagsins. Sem dæmi hefur Ölgerðin síðastliðin ár sett kraft sinn og markvissa vinnu í vöruþróun í átt að minni skammtastærðum og hollari valkostum til að mæta kröfum neytenda. Sú vinna hefur átt stóran þátt í að viðhalda vexti félagsins þrátt fyrir að neysla sykraðra drykkja fari minnkandi ár hvert en árið 2012 voru 63% af seldum lítrum hjá Ölgerðinni sykraðir drykkir en árið 2020 var þetta hlutfall komið niður í 32%.

Takist félaginu ekki að mæta markmiðum sínum um vöruþróun til lengri tíma, t.d. ef nýjungar uppfylla ítrekað ekki væntingar viðskiptavina og ná ekki fótfestu, getur það haft neikvæð áhrif á rekstur félagsins auk þess sem það getur dregið úr virði vörumerkja þess.

1.2.7 Vörumerki og hugverkaréttindi

Félagið á fjölda vörumerkja og annarra hugverkaréttinda í gegnum rekstrareiningar sínar sem það hefur reynt að tryggja eignarrétt sinn yfir. Það gæti haft áhrif á rekstur Ölgerðarinnar ef það gæti af einhverjum ástæðum ekki reitt sig áfram á mikilvæg hugverkaréttindi, t.d. vegna mistaka við skráningu eða eldri réttar annars aðila. Áhrifin gætu t.d. falist í því að það yrði nauðsynlegt að fjárfesta í nýju vörumerki, með tilheyrandi kostnaði. Vörumerki og birgjasambönd félagsins eru bókfærð á meðal óefnislegra eigna félagsins og námu 7.340 m.kr. í lok fjárhagsársins 2021. Félagið framkvæmir virðisrýnnunarpróf árlega þar sem athugað er fjárstreymi vegna eigin vörumerkja, komi fram virðisrýnnun er sú rýnnun færð til gjalda.

1.2.8 Húsnæði, fasteignir og staðsetning

Höfuðstöðvar Ölgerðarinnar eru að Grjóthálsi 7-11 í Reykjavík, en þar fer fram öll framleiðsla á vörum félagsins, lagerhald á drykkjarvörum og skrifstofustarfsemi. Fasteignin, sem er 21.863 m² að stærð, er í eigu dótturfélags Ölgerðarinnar, G7-11 fasteignafélag ehf., kt. 490911-2510, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík („G7-11“). Annað húsnæði er leigt svo sem skrifstofuhúsnæði Danól að Fosshálsi 25 ásamt því að lagerhaldi Danól er útvistað til Eimskip.

Félagið ber ábyrgð á að viðhald og/eða endurnýjun eigin húsnæðis sé fullnægjandi fyrir reksturinn. Ef slíkum framkvæmdum er ekki sinnt sem skyldi, ef gjaldfærsla og eignfærsla slíkra framkvæmda rúmast ekki innan áætlana félagsins eða félagið nær ekki að afla nauðsynlegs fjármagns vegna fjárfestinga, getur það haft neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar í för með sér, hvort heldur sem litið er til mistaka í áætlanagerð, kvaða opinberra aðila eða þarfa og/eða væntinga viðskiptavina og starfsmanna. Þá er fasteignin sérhönnuð fyrir framleiðslu félagsins og gæti það reynst félaginu erfitt að finna hentugt húsnæði af sömu stærðargráðu á sambærilega miðsvæðis staðsetningu, kæmi til þess að ekki væri hægt að halda áfram starfsemi á Grjóthálsi.

Þá þarf félagið að gæta þess að húsnæðið uppfylli ávallt þau skilyrði sem krafist er af framleiðsluhúsnæði og að heilsufarsáhætta myndist ekki gagnvart starfsmönnum, t.d. þar sem unnið er með hættuleg efni.

1.2.9 Stjórnun og starfsmannaáhætta

Framtíðarsýn Ölgerðarinnar er að vera fyrsta val viðskiptavina og neytenda og telur félagið að lykillinn að þeirri sýn felist í mannauði fyrirtækisins sem er eitt stærsta verðmæti félagsins. Ánægja starfsmanna er eitt af fjórum aðalmarkmiðum Ölgerðarinnar til að ná samkeppnisforskoti enda er innan samstæðu félagsins yfirgripsmikil reynsla og þekking á starfsemi og mörkuðum Ölgerðarinnar. Starfsánægja er gríðarlega mikilvægur þáttur í því að halda góðu starfsfólki í vinnu hjá Ölgerðinni, þjálfa það upp og byggja þannig upp enn dýpri og verðmætari þekkingarbrunn. Með vel þjálfuðu starfsfólki getur félagið veitt framúrskarandi þjónustu. Fylgst er með þróun starfsánægju með reglulegum mælingum hlutlauss fagaðila og eru niðurstöður kynntar starfsmönnum og nýttar til úrbóta. Metnaðarfullt markmið um að starfsánægja mælist yfir 85% náðist árið 2021. Takist félaginu ekki að laða til sín og/eða halda í hæft, vel menntað og áhugasamt starfsfólki gæti það haft neikvæð áhrif á rekstur, gæði og þjónustustig félagsins.

Stór þáttur í að starfsfólki líði vel við störf sín og að það vaxi og dafni innan félagsins er fræðsla og þjálfun, en Ölgerðin vinnur markvisst að því að þjálfa upp ábyrgt og metnaðarfullt starfsfólk, hvort sem um þjálfun nýrra starfsmanna eða endurmenntun er að ræða. Þjálfun og fræðsla er lykilþáttur í starfsánægju en einnig lykilþáttur þegar kemur að framleiðsluöryggi, vörugæðum og daglegum rekstri og þjónustu við viðskiptavini. Fræðsla starfsmanna fer að mestu leyti í gegnum rafrænt fræðslukerfi, Ölgerðarskólann. Hlutverk Ölgerðarskólans er að auka þekkingu starfsmanna og viðhalda henni með aðgengilegum námskeiðum og fræðslu. Áhætta er fólgin í að mistök og/eða slys í framleiðslu, bilanir í tækjum og búnaði eða óánægja viðskiptavina eigi sér stað vegna þekkingaskorts starfsmanna.

Vinnuvernd og öryggi starfsmanna er í fyrirrúmi hjá Ölgerðinni og starfar félagið samkvæmt núllslysastefnu, með það að markmiði að engin slys eigi sér stað. Með fyrirbyggjandi fræðslu, öflugri nýliðþjálfun, framúrskarandi tækjakosti, öruggum aðbúnaði og tryggju verklagi er reynt að koma í veg fyrir slys. Hjá Ölgerðinni er starfandi öryggisnefnd sem tekur til umfjöllunar mál sem varða forvarnir, aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðnum. Ef slys eiga sér stað eru þau skráð og greind. Í framhaldi eru gerðar úrbætur á aðbúnaði eða verklagi til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Einnig er haldið er utan um skráningar á svokölluðum næstum því slysum þar

sem starfsmenn skrá tillögur að úrbótum til að koma í veg fyrir slys. Slys á vinnustað, að því marki sem falla ekki undir tryggingar félagsins, geta valdið fjárhagslegu tjóni auk tapaðra vinnustunda og áhrifa á annað starfsfólk.

Starfsemi Ölgerðarinnar er umfangsmikil, sem leiðir til aukinnar hættu á að starfsmenn félagsins viðhafi sviksamlega háttsemi. Þó félagið telji að yfirgnæfandi meirihluti starfsmanna þess sinni starfi sínu af heiðarleika og fagmennsku, er sú hættu til staðar á öllum stigum rekstursins að sviksamleg háttsemi eigi sér stað. Félagið er með stöðugt eftirlit í gangi til að lágmarka þessa áhættu, sem felst m.a. í innleiðingu viðeigandi bókhalds- og öryggiseftirlits og annars konar eftirlitsferla á öllum stigum rekstarins. Öryggiseftirlit félagsins er rafrænt kerfi sem sinnir frávika eftirliti, t.d. vegna frávika í verði, birgðamagni, vöntun, afsláttum o.s.frv. Einnig er mikið af viðskiptasamböndum félagsins í höndum starfsmanna þess. Ekki er hægt að tryggja að starfsmaður sem býr yfir birgjatengslum um vörur og viðskipti gæti ekki valdið félaginu skaða t.d. með því að færa viðskiptasambandið eða deila trúnaðarupplýsingum. Þá er ekki hægt að tryggja að starfsmaður valdi ekki galla á vörum. Ölgerðin reynir með bestu getu að koma í veg fyrir áhættu af þessu tagi með samningum við starfsmenn og vitund um vönduð vinnubrögð.

1.2.10 Orðsporsáhætta

Orðsporsáhætta er hættan á að félagið verði fyrir tekjumissi vegna neikvæðrar umfjöllunar um t.d. viðskiptahætti eða vörur þess. Slík neikvæð umfjöllun getur til dæmis komið upp ef félaginu verða á mistök í rekstri eða ef félagið eða tengdur aðili félagsins er sakaður um eða dæmdur fyrir athæfi sem samrýmist ekki lögum. Ef orðspor eða trúverðugleiki félagsins bíður tjón vegna opinberrar eða almennrar umræðu getur það skert möguleika þess til vaxtar og haft neikvæð áhrif á framtíðartekjur.

1.2.11 Vátryggingar

Ölgerðin og dótturfélög kaupa almennar vátryggingar s.s. bruna- og húseigendatryggingar, ábyrgðartryggingar ökutækja, tryggingar vegna lausafjár og birgða, rekstrarstöðvunartryggingar, farmtryggingar og almennar ábyrgðartryggingar vegna atvinnureksturs. Ekki er hægt að ábyrgjast að vátryggingar félagsins veiti fullkomna vörn gegn tjóni í öllum tilfellum sem ætlun félagsins er að tryggja sig fyrir. Þættir sem hafa áhrif á tryggingabótagreiðslur eru m.a. sjálfsábyrgð vátryggingartaka, mögulegar undanþágur frá greiðslu tjónabóta eða takmarkanir á bótaskyldu. Af þessu leiðir að félagið gæti í einhverjum tilfellum sjálft þurft að bera kostnað vegna tjóna þar sem vátryggingarfjárhæð er takmörkuð eða bótaskylda ekki til staðar. Slíkt tjón getur leitt til verulegs kostnaðar fyrir félagið.

1.2.12 Upplýsingatækni

Rekstur félagsins þarfnast skilvirkra tölvukerfa og bilanir í þeim geta haft neikvæð áhrif á rekstur félagsins. Þá gæti það haft alvarleg áhrif á félagið ef tölvukerfi skyldi bregðast þannig að vinnslugögn og/eða samningar myndu tapast. Öll kerfi félagsins eru í dag rekin og hýst hjá viðkenndum og vottuðum aðilum og eru afrit tekin af öllum gögnum samkvæmt skipulögðum verkferlum. Einnig er áhætta fólgin í því að öryggisbrestur eigi sér stað, t.d. ef brotist væri inn í kerfi, gögnum eytt eða þau dulkóðuð eða komist yrði yfir viðkvæmar upplýsingar, en félagið tekur

á þeirri áhættu á ýmsan hátt m.a. með tvöfaldri auðkenningu, fræðslu og skilgreindu verklagi um öryggisbresti.

Microsoft Dynamics Ax (2009 útgáfa) er núverandi sölu og fjárhagskerfi (ERP) Ölgerðarinnar. Microsoft hætti að styðja þessa útgáfu kerfisins í byrjun árs 2022 sem þýðir að kerfið fær ekki lengur uppfærslur. Stjórnendur telja kerfið þó öruggt í því umhverfi sem það er rekið en hafa sett uppfærslu á kerfinu á fjárfestingaráætlun ársins 2023.

Þá gerir Ölgerðin sér grein fyrir því mikilvæga hlutverki sem tækni gegnir í skilvirkum rekstri félagsins og að félagið geti náð viðskiptalegu forskoti með því að innleiða tækninýjungar sem m.a. bæta vörukaupa- og pantanaferli viðskiptavina og auðveldar starfsmönnum að sinna starfi sínu.

Eftirlitsferlar eru til staðar hjá félaginu sem tryggja öryggi og skilvirkni tölvukerfa þess en ekki er hægt að tryggja að ekki komi upp brestir í upplýsingatæknikerfum félagsins sem gætu haft neikvæð áhrif á rekstur þess, afkomu og orðspor.

1.3 Fjárhagsleg áhætta

1.3.1 Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins. Lausafjárstaða félagsins er sterk eins og sjá má af efnahagsreikningi og er það stefna félagsins að halda þeirri stöðu sterkri.

Handbært fé þann 28.2.2022 nam um 658 m.kr. og hefur samstæðan möguleika á skammtímalánalánum ef þörf er á. Samstæðan leitast við að eiga nægt fé til þess að standa straum af afborgunum lána. Minnki aðgangur samstæðunnar að lausafé getur það haft neikvæð áhrif á sjóðstreymi og afkomu og þar með getu samstæðunnar til að standa við skuldbindingar sínar. Félög samstæðunnar hafa aðgengi að lánsloforði frá viðskiptabanka félaganna að fjárhæð 2.500 m.kr til að fjármagna tilteknar framkvæmdir sem eru þegar hafnar. Þann 28.02.2022 hafði verið dregið á 208 m.kr. af lánsloforðinu.

Félagið veitir viðskiptamönnum sínum greiðslufrest til að fjármagna viðskipti sín en þarf að greiða skammtímakröfur sínar gagnvart birgjum og öðrum kröfuhöfum innan tilskilins greiðslufrests. Skapist misræmi á milli greiðslufrests viðskiptamanna og lánadrottna félagsins til lengri tíma getur það haft neikvæð áhrif á lausafjárstöðu félagsins og valdið auknum vaxtakostnaði.

Til þess að mæta skammtímasveiflum í rekstri samstæðunnar og standa við skuldbindingar sínar gagnvart birgjum og öðrum kröfuhöfum hefur félagið veltufjármögnun hjá viðskiptabanka sínum.

1.3.2 Sérstakir lánaskilmálar

Lánasamningar félagsins og dótturfélaga innihalda skilmála sem lúta að lágmarksgreiðsluþekju og eiginfjár- og skuldsetningarhlutfalli auk þess sem félaginu er óheimilt að gera verulegar breytingar á starfsemi sinni, nema með samþykki lánveitanda. Brot gegn sérstökum lánaskilmálum kann að leiða til gjaldfellingar. Félagið uppfyllir að fullu alla fyrrnefnda lánaskilmála á dagsetningu Lýsingarinnar.

1.3.3 Gengisáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er talin vera fjárhagslegur áhættuþáttur í rekstri samstæðunnar. Gjaldmiðlaáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla hafi áhrif á afkomu samstæðunnar í tengslum við handbært fé, erlend innkaup og innflutning, eignarhlut í hlutdeildarfélögum og gjaldmiðlasamninga. Ölgerðin býr við gjaldmiðlaáhættu vegna innkaupa í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum (ISK). Breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla geta þannig haft neikvæð áhrif á fjármagnskostnað og afkomu félagsins.

Stóri hluti innkaupa félagsins eru frá erlendum birgjum og eru greiðslur vegna þeirra í erlendum gjaldmiðlum. Reikningsskilagjaldmiðill Ölgerðarinnar er íslensk króna og því ber félagið gengisáhættu vegna innkaupa í öðrum gjaldmiðli en íslenskri krónu. Sá gjaldmiðill sem skapar mesta gengisáhættu er evra (EUR). Ölgerðin og Danól minnka þessa áhættu með því að breyta verðum á innfluttri vöru til endursölu til samræmis við gengisbreytingar einstakra gjaldmiðla séu þær meiri en 5% og haldist stöðugar.

1.3.4 Vaxta- og fjármögnunaráhætta

Vaxtaáhætta felst í því þegar vextir á eignum og skuldum breytast ekki á sama tíma. Gengishreyfingar, verðbólga og verðbólguvæntingar kunna að hafa áhrif á vaxtastig og þar með fjármagnsliði samstæðunnar. Samstæðan býr við vaxtaáhættu vegna vaxtagreiðslna af skuldum og vaxtaberandi eignum. Vaxtaform skulda og eigna samstæðunnar eru breytilegir vextir í íslenskum krónum. Hluta af skuldum félagsins var breytt á árinu 2021 í fasta USD vexti með vaxta- og gjaldmiðlasamningi, en hlutfallið endurspeglar hlutdeild Ölgerðarinnar í eigin fé Iceland Spring í sömu mynt. Framangreind hlutföll kunna að breytast í takt við eignaþróun Ölgerðarinnar og framboðs á lánsfjármarkaði. Greiðsluáhætta vegna vaxta er þrjúþætt, gengishátta, verðbólguáhætta og hækkun breytilegra vaxta.

Breytilegir vextir langtímalána á fjárhagsárinu 2021 hafa verið lágir í sögulegu samhengi. Miðað við stöðu í árslok hefðu áhrif 1% hækkunar eða lækkunar breytilegra vaxta á rekstrareikninginn verið 80,2 m.kr.

Þegar endurskoðunartími fastvaxta lána samstæðunnar nálgast getur félagið séð hvort greiðslubrýði hækki og þar með gripið til ráðstafana. Áhætta varðandi endurfjármögnun er alltaf til staðar hjá félögum sem eru fjármögnuð með lántökum. Bæði er til staðar hættan á því að samstæðan nái ekki að fjármagna sig á sambærilegum eða betri kjörum og áður og einnig hættan á því að samstæðan takist ekki að endurfjármagna lán sín fyrir gjalddaga eða semja um áframhaldandi fjármögnun og geti því mögulega ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar.

1.3.5 Viðskiptakröfur og skuldabréfalán

Viðskiptamannahópur félagsins er fjölbreyttur og dreifður og fer stærsti hluti viðskipta fram í reikningsviðskipum eða með milligöngu kreditkortafyrirtækja. Ákveðin mótaðilaáhætta skapast þó vegna 10 stærstu viðskiptavina samstæðunnar en þeir aðilar hafa staðið fyrir um 60-70% af veltu félagsins síðastliðin ár. Greiði þessir viðskiptavinir ekki samningsbundnar greiðslur og/eða skaðist viðskiptasamband félagsins við þessa aðila, gæti það haft veruleg áhrif á afkomu og efnahagsreikning félagsins. Tíu stærstu viðskiptavinir Ölgerðarinnar eru m.a. íslenskar verslanakeðjur og ÁTVR.

Ölgerðin hefur veitt ákveðnum viðskiptavinum lán sem bera fasta óverðtryggða vexti, einkum skemmti- og veitingastöðum. Skuldabréfalánin eru almennt til þriggja ára, meðalupphæð nemur um 10 m.kr. Bókfært verð skuldabréfa í árslok 2021 er um 400 m.kr. undir liðnum skuldabréf og áhættufjármunir í ársreikning. Lánin eru í flestum tilfellum tryggð með veði í eignum eða sjálfskuldarábyrgð. Greiði lántakar ekki samningsbundnar greiðslur af lánunum getur það haft neikvæð áhrif á afkomu og efnahagsreikning Ölgerðarinnar.

1.3.6 Reikningsskilaaðferðir og mat á eignum

Ársreikningar og árshlutauppgjör félagsins eru frá og með árinu 2021 útbúin í samræmi við alþjóðlega reikningsskila staðla (International Financial Reporting Standards, („IFRS“)). Alþjóðlegu reikningsskila staðlarnir eru endurskoðaðir með reglulegu millibili og breytingar á þeim gætu haft áhrif á reiknaðan hagnað félagsins.

Þá er einnig gerð sú krafa til stjórnenda að þeir leggi mat á ákveðin atriði og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Áhætta getur skapast reynist mat stjórnenda og/eða forsendur þeirra langt frá raunaðstæðum. Helstu liðir sem Ölgerðin beitir mati stjórnenda á eru virði viðskiptakrafna, skuldabréfa, birgða og óefnislegra eigna s.s. viðskiptavildar og vörumerkja.

2 Skilgreiningar

2.1 Skilgreiningar og tilvísanir

„Áfengislög“	Lög nr. 75/1998 um áfengislög
„Ásbjörn Ólafsson“	Ásbjörn Ólafsson ehf., kt.430169-2709, Köllunarklettsvegur 6, 104 Reykjavík
„ÁTVR“	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins
„Carlsberg“	Carlsberg breweries AS, 100 Ny Carlsberg Vej Copenhagen V, 1799 Denmark
„Danól“	Danól ehf., kt. 530802-2640, Fosshálsi 25, 110 Reykjavík
„eigin framleiðsla“	Vörur framleiddar af Ölgerðinni
„Eimskip“	Eimskipafélag Íslands hf., kt.421104-3520, Sundabakki 2, 104 Reykjavík
„Endurvinnslan“	Endurvinnslan hf., kt. 610789-1299, Knarrarvogi 4, 104 Reykjavík
„fjárhagsárið 2019“	Fjárhagsárið 2019-20 sem lauk 29.febrúar 2020
„fjárhagsárið 2020“	Fjárhagsárið 2020-21 sem lauk 28.febrúar 2021
„fjárhagsárið 2021“	Fjárhagsárið 2021-22 sem lauk 28.febrúar 2022
„Fjármálaeftirlitið“	Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, kt. 560269- 4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, Ísland
„framleiðsla eigin vörumerkja“	Vörur framleiddar af Ölgerðinni undir eigin vörumerkjum
„framleiðsla undir sérleyfi/umboði“	Vörur sem Ölgerðin framleiðir á grundvelli sérleyfissamninga
„G7-11“	G7-11 fasteignafélag ehf., kt. 490911-2510, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík
„hlutir“ eða „hlutabréfin“	Hlutir útgefnir af Ölgerðinni
„HORECA“	Hótel, veitingastaðir, barir og kaffihús
„Iceland Spring“	Iceland Spring ehf., kt. 7003043450, Grjóthálsi 7- 11, 110 Reykjavík

„IFRS“	International Financial Reporting Standards eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002,
„Leiðbeiningar um stjórnarhætti“	Gefið út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins, 6. útgáfa 2021
„Lýsingin“	Samanstendur af Útgefandalýsingu þessari, Verðbréfalýsingu og samantekt, dagsettri 17. maí 2022
„lög um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna“	Lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna
„lög um yfirtökur“	Lög nr. 108/2007, um yfirtökur
„Nasdaq Iceland“	Kauphöll Íslands hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Ísland
„PepsiCo“	PepsiCo Inc., 700 Anderson Hill Road Purchase, NY 10577 United States
„PWC“	PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík
„Reglur Nasdaq Iceland“	Reglur fyrir útgefendur hlutabréfa, gefnar út af Nasdaq Iceland, 1. febrúar 2021. (e. Nordic Main Market Rulebook for Issuers of Shares)
„Samkeppnislög“	Samkeppnislög nr. 44/2005,
„Skatturinn“	Skatturinn, kt. 540269-6029, Laugavegi 166, 105 Reykjavík
„skipulegur verðbréfamarkaður“	Skv. skilgreiningu laga nr. 110/2007 um kauphallir
„umsjónaraðili“	Fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hf., kt. 540502-2930, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, Íslandi
„Útgefandalýsingin“	Útgefandalýsing Ölgerðarinnar, dagsett 17. maí 2022
„Verðbréfalýsingin“	Verðbréfalýsing Ölgerðarinnar, dagsett 17. maí 2022
„Ölgerðin“ „Útgefandi“ eða „félagið“	Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf., kt. 420369-7789, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík

3 Mikilvægar upplýsingar

3.1 Tilkynning til fjárfesta

Útgefandalýsing þessi, dagsett 17. maí 2022 („Útgefandalýsingin“) hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirlitinu, sem er lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 2017/1129. Fjármálaeftirlitið staðfestir einungis Útgefandalýsinguna í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm því sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, og ekki ber að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann sem Útgefandalýsingin varðar. Útgefandalýsingin er hluti af Lýsingu Ölgerðarinnar, dagsett. 17. maí 2022 („Lýsingin“), sem samanstendur af þremur skjölum; Útgefandalýsingu þessari, Verðbréfalýsingu og samantekt. og eftir atvikum viðaukum sem kunna að vera gerðir í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Lýsingin er útbúin í tengslum við umsókn Ölgerðarinnar um að hlutabréf í Ölgerðinni verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og almennt útboð hlutabréfa í Ölgerðinni eins og lýst er í Lýsingunni. Lýsingin hefur verið útbúin í samræmi við íslensk lög og reglugerðir á þeim degi sem hún er dagsett og fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðaukum 1 og 11 við framselda reglugerð (ESB) nr. 2019/980. Útgefandalýsingin uppfyllir ákvæði 1. viðauka í framseldri reglugerð (ESB) nr. 2019/980, sem varðar lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í Útgefandalýsingu fyrir hluti. Jafnframt er Lýsingin útbúin með hliðsjón af reglum fyrir útgefendur hlutabréfa, sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland, 1. febrúar 2021 („Reglur Nasdaq Iceland“).

Lýsingin er á íslensku og er hún birt á Íslandi. Lýsinguna má nálgast á vef Útgefanda, www.olgerdin.is/fjarfestar í 10 ár frá útgáfudegi hennar, en fjárfestar geta einnig óskað eftir útprentuðu eintaki sér að kostnaðarlausu á skrifstofu félagsins að Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík.

Upplýsingar sem fram koma í Lýsingunni skal ekki undir neinum kringumstæðum túlka sem tilboð, meðmæli eða leiðbeiningar um að kaupa, halda eða selja hlutabréf í útgefanda og skulu ekki mynda grundvöll fyrir aðrar fjárfestingaákvæðanir. Lýsingin inniheldur upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum til að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur Útgefanda á þeim degi sem hún er dagsett. Fjárfestar eru hvattir til þess að kynna sér efni Lýsingarinnar vel, sérstaklega kafla 1. Áhættuþættir, sem finna má í bæði Útgefandalýsingu þessari og Verðbréfalýsingu dags. 17. maí 2022.

Eftir birtingu Lýsingar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af Ölgerðinni eða varða Ölgerðina og/eða hlutabréf útgefin af Ölgerðinni. Upplýsingar í Útgefandalýsingu þessari eru byggðar á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem hún er dagsett og geta breyst frá því að skjölin eru staðfest af Fjármálaeftirlitinu og þar til fyrirhuguð viðskipti geta hafist með verðbréf á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Ef mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varðar upplýsingar í Útgefandalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem tilheyrja Lýsingu Útgefanda sem máli geta skipt við mat á verðbréfum koma fram á þessu tímabili þá skal útbúa og birta viðauka við lýsingu í samræmi við ákvæði laga nr. 14/2020

um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Viðaukinn skal staðfestur innan fimm virkra daga og birtur á sama hátt og upprunaleg lýsing. Í samræmi við ákvæði fyrrnefndra laga nr. 14/2020 og 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skulu fjárfestar sem þegar hafa samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir fjármálagerningum sem viðkomandi lýsing varðar, áður en viðaukinn er birtur, eiga rétt á að falla frá fyrrgreindu samþykki innan að lágmarki tveggja virkra daga frá birtingu viðaukans.

Útgefandalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem eru hluti af Lýsingu Útgefanda, skal ekki dreifa, hvorki á rafrænu né neinu öðru formi, til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótarskráningarfærlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðkomandi landa. Útgefandalýsingu þessari skal þannig ekki dreifa á einn eða annan hátt til landa utan Íslands. Útgefandi, Seljendur eða umsjónaraðilar bera ekki ábyrgð vegna dreifingar lýsingarinnar eða annarra skjala sem tilheyra Lýsingunni í andstöðu við framangreint.

Útgefandalýsingu þessa eða önnur skjöl sem tilheyra lýsingu Útgefanda, má ekki undir neinum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu Útgefanda, Seljenda, umsjónaraðila Útboðs, söluaðila, umsjónaraðila með töku til viðskipta á Nasdaq Iceland hf. eða annarra aðila. Fjárfestar eru minntir á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum en ekki loforðum og fjárfesting í verðbréfum sem gefin eru út af Ölgerðinni eru alfarið á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru minntir á að þeir verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í verðbréfum Ölgerðarinnar og taka tillit til starfsumhverfis félagsins, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á verðbréfum útgefanda sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem fjárfesting í verðbréfum útgefnum af útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Lýsing þessi inniheldur í einhverjum tilvikum framsýnar yfirlýsingar (e. forward looking statements). Þessar framsýnu yfirlýsingar eru byggðar á núverandi áætlunum og væntingum en eru ekki ábyrgð eða trygging fyrir tilteknum árangri í framtíðinni. Þær byggja á ákveðnum væntingum sem eru sanngjarnar við útgáfu framsýnar yfirlýsingar en geta reynst rangar. Þá eru slíkar framsýnar yfirlýsingar háðar ýmsum áhættum og óvissu og fjárfestar ættu ekki að treysta á þessar framsýnu yfirlýsingar. Félaginu sem og ráðgjöfum þess ber engin skylda til endurskoða, staðfesta eða gefa út opinberlega ef breytingar eru gerðar á framsýnum yfirlýsingum til að endurspeglar atburði eða aðstæður sem eiga sér stað eftir útgáfudag Lýsingarinnar.

Frá því að Útgefandi óskar eftir því að hlutabréfin verði tekin til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland gilda um útgefandann og hlutabréfin ákvæði laga, reglugerða og reglna um útgefendur verðbréfa og verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eins og þau eru á hverjum tíma, m.a. lög nr. 20/2021, um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu, lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum, lög nr. 108/2007, um yfirtökur, og reglugerðir settar á grundvelli laganna, reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 1626/2021 um

aðgerðir gegn markaðssvikum og nr. 1470/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa, og reglugerð nr. 630/2005, um innherjaupplýsingar og markaðssvik. Umsókn Útgefanda um töku hlutabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland telst vera fullgild þegar Lýsing staðfest af Fjármálaeftirlitinu hefur verið birt. Þegar hlutabréf útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland verður félagið skilgreint sem eining tengd almannahagsmunum í skilningi laga nr. 3/2006, um ársreikninga, og laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun.

3.2 Upplýsingar frá þriðja aðila

Upplýsingar í Útgefandalýsingu þessari byggja m.a. á gögnum sem Útgefandi hefur aflað sér frá þriðja aðila. Útgefandi staðfestir að þær upplýsingar sem fengnar eru frá þriðja aðila hafi verið endurgerðar með réttum hætti, að því marki sem honum er kunnugt um og honum er unnt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum, sem gerir upplýsingar ónákvæmar eða villandi, hafi verið sleppt. Heimilda frá þriðja aðila getið þar sem á við.

3.3 Skjöl felld inn með tilvísun

Eftirfarandi skjöl eru felld með tilvísun inn í lýsinguna og skoðast sem órjúfanlegur hluti af lýsingunni:

- Endurskoðaður samstæðureikningur Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárið 2021, ásamt áritun óháðs endurskoðenda, vefslóð:
[https://www.olgerdin.is/Files/Files/%C3%96ES%20-%20%C3%81rsreikningur%202021%20\(Samst%C3%A6%C3%B0a\).pdf](https://www.olgerdin.is/Files/Files/%C3%96ES%20-%20%C3%81rsreikningur%202021%20(Samst%C3%A6%C3%B0a).pdf)
- Endurskoðaður samstæðureikningur Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárið 2020, ásamt áritun óháðs endurskoðenda, vefslóð:
<https://www.olgerdin.is/Files/Files/%C3%96ES%20-%20%C3%81rsreikningur%20feb%202021%20Samst%C3%A6%C3%B0a%20skv.undirrita%C3%B0.pdf>
- Endurskoðaður samstæðureikningur Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárið 2019, ásamt áritun óháðs endurskoðenda, vefslóð:
<https://www.olgerdin.is/Files/Files/Olgerdin/%C3%81rsreikningur%20samst%C3%A6%C3%B0a%202019%20LokaLoka.pdf>

Lýsingu þessa skal lesa í samhengi við öll þau skjöl sem vísað er til með tilvísun. Lýsingu þessa skal lesa og túlka á þeim grundvelli að öll þau skjöl sem vísað er til með tilvísun eru eins og áður segir órjúfanlegur hluti af lýsingu þessari.

Meðan Útgefandalýsingin er í gildi er heimilt að skoða skjöl sem vísað er til hér að framan en slíkt aðgengi er veitt í 10 ár með birtingu Lýsingar á vef félagsins, <https://www.olgerdin.is/fjarfestar> og fyrrnefndum vefslóðum.

3.4 Gildistími, aðgengi að Lýsingunni og skjöl til sýnis

Lýsingin samanstendur af þremur skjölum, samantekt, Útgefandalýsingu þessari, og Verðbréfalýsingu dagsettri 17. maí 2022, og eftir atvikum viðaukum sem kunna að vera gerðir í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Upplýsingar í Lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem Lýsingin er undirrituð. Gildistími Lýsingarinnar, sem dagsett er 17. maí 2022, er 12 mánuðir frá staðfestingu hennar. Eftir birtingu lýsingarinnar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af Útgefanda eða varða hann.

Eftirfarandi skjöl eru til sýnis á skráðri skrifstofu Ölgerðarinnar og/eða á vefsíðu Útgefanda, <https://www.olgerdin.is/fjarfestar> á gildistíma Útgefandalýsingar.

- Lýsing Ölgerðarinnar dags. 17. maí 2022
- Samþykktir Ölgerðarinnar, dagsettar 12. maí 2022.
- Endurskoðaður samstæðureikningur Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárið 2021.
- Endurskoðaður samstæðureikningur Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárið 2020.
- Endurskoðaður samstæðureikningur Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárið 2019.
- Samfélagsskýrsla Ölgerðarinnar 2021.
- Fjárfestakynning dagsett 14. maí 2022.
- Starfsreglur stjórnar
- Yfirlýsing um stjórnarhætti
- Sjálfbærnistefna félagsins

3.5 Yfirlýsingar ábyrgðaraðila Útgefandalýsingarinnar fyrir hönd Útgefanda

Stjórnarformaður og forstjóri Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf., kt. 420369-7789, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Ölgerðarinnar, sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar sem að Útgefandalýsingin inniheldur, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 17. maí 2022
Fyrir hönd Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf.

DocuSigned by:

Októ Einarsson

F072E7F68DFB432...

Októ Einarsson
Stjórnarformaður

DocuSigned by:

Andri Þór Guðmundsson

B309A61696C84BF...

Andri Þór Guðmundsson
Forstjóri

4 Markaðir og samkeppni

Ölgerðin starfar á markaðnum fyrir mat- og sérvörur. Þessir markaðir einkennast að því að vera fremur stöðugir og breytast hægt yfir lengri tíma. Vörur Ölgerðarinnar, hvort sem það er eigin framleiðsla eða innflutningur, koma við sögu nánast á hverjum einasta degi hjá mörgum Íslendingum. Bróðurpartur rekstrartekna Ölgerðarinnar verður til á Íslandi, en einnig verður lítil hluti tekna til af útflutningi framleiðsluvara. Tekjusvið, og þar með markaðir, Ölgerðarinnar skiptast í þrjá flokka; Egils - áfengir drykkir og kaffilausnir, Egils - óáfengir drykkir og Danól.

4.1 Egils - áfengir drykkir og kaffilausnir

Markaður fyrir áfengi er mjög mikilvægur fyrir Ölgerðina og er félagið meðal leiðandi aðila í sölu á áfengum drykkjum á Íslandi. Markaðurinn hefur farið vaxandi og eru þarfir og óskir neytenda stöðugt að taka breytingum. Helstu sölustaðir áfengra drykkja Ölgerðarinnar eru Vínbúðir, friðhafnir og HORECA. Þar er unnið metnaðarfullt markaðsstarf með vörur Ölgerðarinnar og eru sérfræðingar til staðar fyrir viðskiptavinum í öllum flokkum áfengra drykkja. Samkeppnisaðilar Ölgerðarinnar á markaði áfengra drykkja einkennist mikið til af mörgum smærri aðilum með færri og sérhæfðari vörur/vöruflokka en einnig er til staðar annar stór aðili á markaðnum.

4.1.1 Söluleiðir

ÁTVR er stærsti sölustaður áfengra drykkja og fer um 60% af sölu áfengra drykkja hjá félaginu fram þar. ÁTVR er með einkaleyfi til að selja og afhenda áfengi í smásölu og rekur um 52 verslanir um allt land, sem gerir vörur Ölgerðarinnar aðgengilegar öllum landsmönnum. Ölgerðin sendir vörur sínar á einn miðlægum lager ÁTVR sem dreifir síðan í vínbúðirnar.

Ölgerðin selur einnig áfenga drykki í fríhöfninni og er þar með fjölbreytt vöruúrval í öllum flokkum áfengis, en það sem einkennir söluna í Fríhöfninni í Keflavík er að þar selur félagið hlutfallslega meira af sterku áfengi frekar en öðrum vörum.

Auk þess má finna vörur Ölgerðarinnar á hótélum, veitingastöðum, börum og kaffihúsum (HORECA). Á Íslandi eru yfir 300 aðilar með áfengisleyfi, þ.e.a.s. með leyfi til að kaupa og selja áfenga drykki. Ölgerðin heldur úti öflugum þjónustuneti við viðskiptavinum á þessum markaði en nánast allur bjór í kútum sem framleiddur er hjá Ölgerðinni er seldur inn á þennan markað. Þar sem má ekki auglýsa áfenga drykki á Íslandi er markaðsstarfs að miklu leyti unnið inni á stöðunum. Talsverður hluti viðskiptavina nýtir sér vefverslun Ölgerðarinnar sem hefur um þúsund virka viðskiptavinum. Vefverslunin er einnig mikil umbót fyrir söludeildir þar sem skilvirkni er meiri, en sá tími sem fór í að taka pantanir fer í að sinna viðskiptavinum og þörfum þeirra enn frekar. Auk þess sér söludeild áfengra drykkja um sölu á kaffilausnum Ölgerðarinnar til sömu viðskiptavina og annara. Tekjusviðið selur einnig óáfenga drykki og snakk til sinna viðskiptavina. Hver viðskiptavinur er því aðeins með einn snertipunkt við Ölgerðina.

4.1.2 Helstu vöruflokkar

Bjór

Bjór er langstærsti flokkur áfengra drykkja í bæði magni og verðmætum hjá félaginu. Framleiðsla félagsins er gríðar sterk á þessu sviði og teflir félagið fram fjölbreyttri flóru vörumerkja í bjórflokki sem hafa tekið þátt í að móta bjórmarkaðinn. Félagið er með sterka og vaxandi markaðshlutdeild í bjór í ÁTVR eða rúmlega 37% af seldu magni á árinu 2021⁵.

Bjór var leyfður aftur á Íslandi árið 1989 og hefur verið í mikilli þróun síðan þá. Borg Brugghús, handverksbrugghús Ölgerðarinnar, var sett á laggirnar árið 2010 og er í dag eitt framsæknasta brugghús landsins. Borg Brugghús leitast við að nýta íslenskt hráefni og menningarhætti í sína bjórframleiðslu og para við mat. Borg Brugghús hefur unnið til fjölmargra verðlauna á mörgum helstu bjórkeppnum heims. Ölgerðin var á sínum tíma fyrst hér á landi til þess að starfrækja bjórskóla fyrir almenning og hafa yfir 20.000 einstaklingar farið í bjórskóla Ölgerðarinnar. Í framhaldi af þessu var þróað sérstakt bjórþjónanámskeið fyrir starfsfólk á börum og veitingahúsum.

Sterkt vín

Ölgerðin er með 33% markaðshlutdeild í ÁTVR í sterku víni og er vodka stærsti flokkurinn innan sterkra drykkja hjá félaginu. Neytendur eru í auknum mæli að leita að vörum sem eru vandaðar og þar með flóknari. Markaður fyrir gin er að þróast hratt og auk þess fer eftirspurn eftir viskí vaxandi. Ölgerðin er með sterka hlutdeild í flestum flokkum sterks áfengis. Fjölbreytt vöruflóra Ölgerðarinnar félagið því góðan samstarfsaðila fyrir HORECA.

Léttvín

Markaðurinn fyrir léttvín er stöðugur og er Ölgerðin með sterka stöðu á léttvínsmarkaði. Ölgerðin er með góða vörufloðu frá öllum helstu vínræktarlöndum heims og var á síðasta ári með rúmlega 15% markaðshlutdeild í ÁTVR.

Víngos

Talsverður vöxtur hefur orðið í sölu á víngosi síðustu ár. Ölgerðin er með mjög stóra hlutdeild í flokknum, eða um 61% markaðshlutdeild í ÁTVR, og er með mörg af stærstu vörumerkjum víngoss. Meðal vinsælla drykkja má nefna drykkina BARA, LoV, og Somersby. Þennan mikla vöxt má að ýmsu leiti rekja til þess að margir drykkir á þessu sviði eru sykurlausar lágkolvetnadrykkir. Þar má t.d. nefna nýjungina BARA sem hefur notið gríðarlega vinsælda, en BARA er kolsýrður áfengur drykkur án sykurs og kolvetna. Ölgerðin fylgist vel með breytingum á þörfum neytenda og viðskiptavina og hefur tekist að stækka viðskiptahóp sinn með nýjum vörum á víngosmarkaði.

4.1.3 Kaffilausnir

Burðarásinn á fyrirtækjamarkaði eru kaffikerfi fyrir lítil sem stór fyrirtæki, mötuneyti, hótél o.s.frv., en einnig eru seldar stoðvörur s.s. aðrir drykkir, kex, sælgæti o.fl. Undir kaffilausnir falla einnig

⁵ Nielsen sölutölur hjá Markaðsgreiningu

sjálfssalar, en sú söluleið tryggir vörumerkjum Ölgerðarinnar og ekki síst drykkjarvörumerkjum mikilvægan sýnileika á mikilvægum sölustöðum t.d. íþróttavöllum, skólum og vinnustöðum.

Kaffimarkaðurinn er gott dæmi um þá umbreytingu sem hefur átt sér stað á drykkjarvörumerkjum en dýrari vörur eru í vexti á meðan hlutdeild hinna er að minnka. Sem dæmi hefur sala á kaffihylkjum aukist gríðarlega á undanförunum árum á kostnað hefðbundins malaðs kaffis.

4.2 Egils - óáfengir drykkir

Mikill fjöldi eigin vörumerkja auk innfluttra erlendra vara mynda heilsteypt vöruúrval Ölgerðarinnar á markaði fyrir óáfenga drykki. Markaðurinn hefur verið í stöðugum vexti síðustu ár en líkt og á öðrum sviðum breytast þarfir og óskir neytenda stöðugt og neysla drykkjarvara sömuleiðis. Með auknu úrvali heilsusamlegri vara eykst neysla ákveðinna hópa og vöruflokka. Mikil vöruþróun hefur átt sér stað í óáfengum drykkjum. Helsti samkeppnisaðili Ölgerðarinnar er Coca-Cola Europacific Partners á Íslandi en þeir framleiða og flytja inn vörur fyrir The Coca Cola Company. Nokkrir aðrir minni aðilar veita harða samkeppni einkum með innflutta drykki en einnig vörumerkið Klaki sem keppir við Kristal.

4.2.1 Söluleiðir

Stórmarkaðir og bensínstöðvar selja langstærstan hluta gosdrykkja en aðrir mikilvægir sölustaðir eru veitingastaðir, stóreldhús, kvikmyndahús o.s.frv. Hlutdeild stórmarkaða hefur stækkað undanfarin ár og þá sérstaklega frá árinu 2019, sem má að miklu leyti rekja til áhrifa Covid-19 faraldursins, en þá færðist sala á drykkjavörum í talsverðum mæli frá veitingahúsamarkaðnum yfir í stórmarkaði. Sala til bensínstöðva hefur færst að nokkru leyti til stórmarkaða vegna samruna hjá stærstu keðjunum.

4.2.2 Helstu flokkar

Gosdrykkir

Stærsti flokkurinn innan Egils-óáfengra drykkja eru gosdrykkir, en Ölgerðin er leiðandi í sölu á gosdrykkjum. Stærsti flokkurinn innan gosdrykkja hjá félaginu eru sykurlausir Cola drykkir. Þar á eftir kemur kolsýrt vatn. Þriðji stærsti flokkurinn eru hefðbundnir Cola drykkir. Vöxtur gosdrykkja hefur verið fremur stöðugur undanfarin ár en þó hefur áhugaverð þróun átt sér stað innan flokksins.

Sala á smærri einingum, þá helst í áldósum, hefur verið að sækja í sig veðrið á meðan stórar einingar í plastumbúðum eiga undir högg að sækja. Þessi þróun hefur haft í för með sér að virði gosdrykkjarmarkaðarins hefur aukist síðastliðin ár. Athyglisverð þróun er að eiga sér stað á gosdrykkjarmarkaði, en hefðbundnir sykraðir gosdrykkir eiga ekki lengur upp á pallborðið en sala sykurlausra drykkja er miklum vexti, sem má að miklu leyti rekja til vitundavakninga um heilsu hjá neytendum og viðskiptavinum. Ölgerðin hefur brugðist við þessum breyttu neyslunum og hefur aukið framboð sitt af sykurlausum drykkjum og er staða félagsins því sterk á sviði sykurlausra drykkja og hefur hlutdeild félagsins í flokknum stækkað. Stærstu vörumerkin þar eru

Kristall og Pepsi Max. Auk þess eru fleiri sykurlausir drykkir sem njóta góðs af þessum breytingum, t.d. Egils Appelsín án sykurs og 7UP Free. Langstærsta einstaka varan á gosdrykkjarmarkaði hefur verið Pepsi Max í dós og hefur þetta stærsta vörumerki markaðarins verið að styrkja sig enn frekar í sessi.

Orku- og íþróttadrykkir

Markaðurinn fyrir orkudrykki hefur verið að ryðja sér til rúms síðustu ár og hefur orðið gríðarlega mikill vöxtur á þessum markaði, bæði hér á landi og víða í nágrennalöndum Íslands. Samkvæmt áætlunum Ölgerðarinnar var þessi markaður um 2% af gosdrykkjarmarkaði árið 2015, en er nánast 20% af gosdrykkjarmarkaði í dag. Talsverð samkeppni er til staðar á þessu sviði og eru flestir samkeppnisaðilar á þessu sviði eru með sérhæfðari vörur.

Orkudrykkjaflokkurinn er í mikilli þróun og til einföldunar má skipta flokknum í hefðbundna orkudrykki og svo virknidrykki og/eða lífsstílsdrykki. Flestir orkudrykkjanna sem Ölgerðin er með innihalda koffín en þó eru nokkrar vörur sem innihalda önnur virk efni. Um það bil 2/3 hluta orkudrykkja félagsins eru sykurlausir drykkir. Stærsta vörumerki Ölgerðarinnar í flokknum er nýjungin COLLAB, sem hefur notið gríðarlega vinsælda meðal viðskiptavina frá því hún kom á markað árið 2019. Samkvæmt Nielsen sölutölum frá Markaðsgreiningu, sem tekna eru saman úr sölutölum verslana á Íslandi, er COLLAB mest vaxandi vörumerkið á íslenskra drykkjavörumarkaðnum, og er helsta ástæða fyrir aukinni hlutdeild Ölgerðarinnar í koffíndrykkjum. Aukin eftirspurn eftir þessum vörum er að breyta drykkjavörumarkaðnum og reikna má með að töluverð þróun muni eiga sér stað næstu 3-5 ár. Neytendur þessa flokks eru helst yngri kynslóðir. Auk þess hefur verið mikill vöxtur í íþróttadrykkjum en þar er félagið eingöngu með innflutta vörumerkið Gatorade sem er eign PepsiCo.

Ávaxtasafar

Ölgerðin framleiðir ávaxtasafa undir vörumerkjum Ölgerðarinnar, Floridana og Sól. Ölgerðin er eini framleiðandi ávaxtasafa í einhverjum mæli hér á landi og nýtur því töluverðrar sérstöðu.

Maltdrykkir

Ölgerðin er með algjöra sérstöðu í flokki Maltdrykkja á Íslandi en Egils Maltextrakt er vara sem flestir landsmenn þekkja og er enn í dag lykilvara á íslenskum matvörumarkaði í kringum hátíðarnar. Egils Maltextrakt er í raun einstök en Tómas Tómasson, stofnandi Ölgerðarinnar, hóf starfsemi félagsins árið 1913 með því að selja nokkrar flöskur af Egils Malti. Segja má að þessi vara skipi sess í sögu matvælaíðnaðar á Íslandi og ekki eru mörg dæmi um vörur sem hafa lifað í 109 ár.

Léttöl/NOLO

Seinasti flokkurinn innan óáfengra drykkja er léttöl eða NOLO (e. No and Low alcohol). Þangað til fyrir skömmu var þessi markaður mjög hefðbundinn og litlar breytingar á milli ára í magni og verðmætum. Ölgerðin hefur fjárfest tölúvert í vöru- og vörumerkjapróun í flokki áfengislausra bjóra með eftirtektarverðum árangri. Heildarvirði flokksins hefur aukist mikið og í dag er verðmætasta vörumerki flokksins Brío áfengislaus. Bylting hefur orðið í framleiðsluáðferðum á áfengislausum bjórum og gæði þeirra aukist að sama skapi. Neytendur kunna að meta gæðin og er mikill og

vaxandi áhugi fyrir þessum vörum. Félagið telur að næstu ár verði spennandi fyrir þennan flokk enda eru vörurnar að uppfylla kröfur neytenda um hollari vörur.

Annað

Ölgerðin er með stærstu hlutdeildina í snakki og flytur inn mest seldu snakk vörumerki landsins, svo sem Lays, Doritos og Popcorners⁶. Þessi vörumerki eru öll í eigu PepsiCo. Ölgerðin flytur einnig inn kaffimerki í eigu JDE sem er næst stærsta kaffiframleiðslufyrirtæki í heimi. Má þar nefna Gevalia sem er eitt þekktasta kaffivörumerkið á Íslandi. Langstærsti hluti ofangreindra vara er seldur til stórmarkaða.

4.3 Danól

Danól er rekið á sérstakri kennitölu og selur fyrsta flokks matvæli og sérvöru af ýmsum toga. Danól hefur frá upphafi lagt mikla rækt við að tryggja að þau vörumerki sem hafa verið tekin inn til sölu séu fremst á sínu sviði. Mikil áhersla er lögð á að framleiðendur uppfylli allar reglur varðandi framleiðsluferli og matvælaöryggi. Samkeppnisaðilar Danól eru að miklu leyti stórir og meðalstórir innflutningsaðilar og framleiðslufyrirtæki auk minni aðila með færri og sérhæfðari vörur og vöruflokkum. Danól útvistar vöruhúsastarfsemi og dreifingu.

4.3.1 Söluleiðir

Þrjár söluleiðir eru innan Danól: matvara, stórelldhús auk snyrti- og sérvöru. Stórmarkaðir, bensínstöðvar, sérvöruverslanir, bakarí, hótél, kaffihús, veitingahús, stórelldhús og aðilar í matvælaíðnaðinum eru meðal viðskiptavina Danól, en hlutdeild stórmarkaða hefur einnig aukist í tilfelli Danól t.d. vegna áhrifa Covid-19 faraldursins, en sala á matvörum færðist í talsverðum mæli frá veitingahúsamarkaðnum yfir í stórmarkaði á þeim tíma ásamt því að viðskipti með snyrti- og sérvöru jukust vegna minni ferðalaga Íslendinga.

4.3.2 Helstu flokkar

Matvara

Danól er með sterka stöðu meðal ýmsa matvöruflokkum og hafa mörg af vörumerkjunum verið hluti af Danól í áratugi. Stærsti flokkurinn innan matvöru hjá Danól er kaffi og eru stærstu vörumerkin þar Merrild, Lavazza, Starbucks og Dolce Gusto. Danól er einnig fyrirferðarmikið í sælgæti. Þekktasta varan er líklega Quality Street sem hefur stóra hlutdeild í hátíðarsælgæti og hefur í langan tíma verið ómissandi hluti af jólnum hjá mörgum Íslendingum. Danól er einnig leiðandi í ávaxtahlapi og er þar með ýmis þekkt vörumerki. Auk þess má nefna að súkkulaðistykki frá Nestlé, sem njóta mikilla vinsælda. Auk sælgætisflokksins eru frystivörur einnig stór flokkur og býður Danól upp á fjölbreytt vöruúrval.

⁶ Nielsen sölutölur hjá Markaðsgreiningu

Snyrti- og sérvara

Danól er ein stærsta heildsala landsins á snyrti- og sérvörumarkaði. Snyrti- og sérvörusvið Danól hefur umboð með vörumerkjum sem eru þekkt fyrir framúrskarandi gæði, mikla vöruþróun og góða virkni.

Vörumerkin eru í öllum flokkum umhirðu, snyrti- og förðunarvörur, húðumhirða, tannhirða, barnavörur, persónulegt hreinleiti, hárvörur og hárlitir. Mörg af vörumerkjunum hafa verið hluti af Danól til margra ára. Mikilvægasti birginn er Loréal sem er eitt stærsta og þekktasta snyrtivöru fyrirtæki í heimi.

Stórelldhús og kaffikerfi

Stórelldhús- og kaffikerfi Danól leggja sig fram við að bjóða upp á heildstæðar lausnir í hinum ýmsu matvælum og aðföngum sem snúa að rekstri í matvælagæiranum. Helstu viðskiptavinir þessa sviðs eru Bakarí, hótél, kaffihús, veitingahús, stórelldhús og aðilar í matvælaíðnaðinum. Markmið stórelldhúsa- og kaffikerfa Danól er að bjóða upp á fjölbreytt vöruúrval, hágæða vörur og gott verð. Danól býður upp á sérsniðnar heildarlausnir í kaffiþjónustu fyrir fyrirtæki, hótél og veitingahús af öllum stærðum og gerðum. Einn tengiliður sér um alla þjónustu við hvert fyrirtæki fyrir sig. Danól býður viðskiptavinum sínum upp á að velja gæðakaffi frá vörumerkjum í heimsklassa.

Ölgerðin áætlar að hlutdeild félagsins sé um 15% á stórelldhúsmarkaði, en hlutdeildin hefur aukist talsvert undanfarin ár. Ný vörumerki og ný birgjasambönd styrkja enn frekar vöruval Ölgerðarinnar á þessu sviði og gefa fyrirheit um frekari sókn. Auk þess vinna sérfræðingar Danól náðið með matvælaframleiðendum um allt land og selja lausnir sem fela í sér notkun á hráefnum og íblöndunarefnum sem að Danól er með. Um er að ræða bæði einfaldar hrávörur líkt og olíur og sykur og eins flóknari íblöndunarefni með sérhæfða virkni í hin ýmsu matvæli.

Félagið er einnig með matvörur fyrir stórelldhús, s.s. mötuneyti m.a. tilbúnir réttir til að auka rekstrarhagkvæmni viðskiptavina. Auk þess býður félagið upp á ýmiss konar umbúðir fyrir matvælaíðnaðinn, t.d. matarbakka, tertubotna, pappamál o.s.frv.

5 Upplýsingar um Útgefandann

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. er íslenskt hlutafélag og starfar í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. Tilgangur félagsins samkvæmt 3. gr. í samþykktum þess er sala, framleiðsla og dreifing á öli, gosdrykkjum og öðrum drykkjartegundum er leyfðar eru samkvæmt lögum, innflutningsverslun og umboðssala svo og kaup og sala alls konar verðbréfa auk þess að eiga og reka fasteignir og lánastarfsemi.

Lögformlegt heiti	Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.
Viðskiptaheiti	Ölgerðin
Höfuðstöðvar og heimili	Grjótháls 7-11, 110 Reykjavík, Ísland
Kennitala	420369-7789
Auðkenni hjá Nasdaq Iceland	OLGERD
LEI	5493003YDW5CUGC5PS30
ISIN	IS0000028678
Vefsíða	www.olgerdin.is ⁷
Tölvupóstfang	olgerdin@olgerdin.is
Símanúmer	+354 412 8000

5.1 Lagaumhverfi

Ölgerðin starfar í samræmi við lög nr. 2/1995, um hlutafélög. Starfsemi félagsins fellur meðal annars undir eftirfarandi löggjöf og reglugerðir settar á grundvelli hennar:

- lög nr. 93/1995, um matvæli
- lög nr. 144/2019, um breytingu á ýmsum lögum um matvæli
- lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Þá gilda um félagið lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lög nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og lög nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

⁷ Upplýsingar á heimasíðu félagsins mynda ekki hluta af Lýsingunni nema þær upplýsingar séu felldar inn í Lýsinguna með tilvísun

Enn fremur gilda um reikningsskil og bókhald félagsins lög nr. 3/2006, um ársreikninga, lög nr. 145/1994, um bókhald og lög nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun. Jafnframt gilda skattalög um félagið, svo sem lög nr. 90/2003, um tekjuskatt og lög nr. 50/1998, um virðisaukaskatt.

Þá snerta að einhverju leyti starfsemina lög nr. 75/1998, um áfengislög, lög nr.96/1995 um gjald af áfengi og tóbaki og lög nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak.

Í rekstri félagsins ber félaginu að fylgja Samkeppnislögum, en varðandi umfjöllun í tengslum við Samkeppnislög og eftirlit Samkeppniseftirlitsins er vísað til kafla 1.1.1 Stjórn málaumhverfi, lög og reglur.

Starfsemi félagsins lýtur ýmsum opinberum reglum og eru helstu starfsstöðvar og rekstur félagsins og tiltekinna dótturfélaga þess háðar leyfisveitingu opinberra aðila. Þá hefur félagið hlotið starfsleyfi til tollmiðlunar og lýtur í þeim efnum ákvæðum tollalaga nr. 88/2005.

5.2 Ágrip af sögu Ölgerðarinnar

Ölgerðin á rætur sínar að rekja aftur til 17. apríl árið 1913 þegar Tómas Tómasson stofnaði Ölgerðina Egill Skallagrímsson hf. og hóf rekstur félagsins í Þórshamri við Templarasund. Árið 1929 keypti Ölgerðin gosdrykkjarverksmiðjuna Sírius og hóf sölu gosdrykkja árið eftir. Eftir mikla samkeppni við fyrirtækið Þór var ákveðið að sameina fyrirtækin og stofna hlutdeildarfélag undir heiti Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar. Ölgerðin hélt áfram að stækka við sig en árið 1934 festi félagið kaup á Gosdrykkjarverksmiðjunni Kaldá af Sælgætisgerðinni Nóa. Kaldá var þá elsta gosdrykkjagerð landsins sem gat rakið sögu sína til 1898.

Framkvæmdir á núverandi höfuðstöðvum Ölgerðarinnar í Grjóthálsi hófust árið 1979 og lauk fyrsta áfanga þess árið 1985, og fluttist starfsemin þá þangað. Mikil tímamót urðu árið 1989 þegar sala á áfengum bjór var heimiluð á ný eftir 74 ára bann og kynnti Ölgerðin þá til leiks lagerbjórinn Egils Gull. Ölgerðin hélt áfram að stækka við sig og keypti árið 1992 Gosan, sem var þá gosdrykkjarhluti fyrirtækisins Sanitas. Um aldamótin urðu mikil þáttaskil í sögu Ölgerðarinnar þegar afkomendur stofnandans Tómasar Tómassonar seldu Ölgerðina, sem hafði þá verið í eigu fjölskyldunnar í tæpa níu áratugi.

Mikilvægir áfangar í sögu Ölgerðarinnar frá aldamótum

2000	Fjölskylda Tómasar Tómassonar selur Ölgerðina, eftir að hafa verið í eigu hennar í tæp níutíu ár.
2002	Ölgerðin valin markaðsfyrirtæki ársins.
2002	Kaup á Lind, áfengisinnflytjandi sem er í eigu Danól
2008	Sameining Ölgerðarinnar og heilðsölufyrirtækisins Danól. Við sameininguna varð til eitt stærsta fyrirtæki landsins á sviði matvælaframleiðslu og innflutnings.
2009	Ölgerðin flytur í nýjar höfuðstöðvar á Grjóthálsi
2010	Örbrugghúsið Borg tekur til starfa.


2013	Jafnlaunavottun
2013	Ölgerðin fagnar aldarafmæli
2015	Ölgerðin tekur yfir framleiðslu Carlsberg á Íslandi.
2017	Ölgerðin kaupir húsnæðið við Grjótháls 7-11
2019	Skipulagsbreytingar, heildsöluhluti fyrirtækisins útvistar vöruhúsa- og flutningastarfsemi og losar um vaxtarhömlur. Innflutningur á mat- og sérvöru færður í heild sinni yfir til Danól
2021	Danól kaupir meirihluta viðskiptasambanda Ásbjörns Ólafssonar
2022	Nýtt 1650 fermetra húsnæði við Grjótháls og átöppunarlína fyrir dósir tekin í notkun

5.3 Skipulag samstæðunnar og skipurit

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. er móðurfélag samstæðu sem samanstendur af Ölgerðinni og dótturfélögum. Í árslok fjárhagsársins 2021 var fjöldi starfsmanna félagsins 385 og fjöldi stöðugilda 349.

Skipurit Ölgerðarinnar skiptir rekstri félagsins í þrjú tekjusvið, óáfenga drykki og áfenga drykki og kaffikerfi sem rekin eru í móðurfélaginu auk þriðja tekjusviðsins, Danól, sem rekið er í dótturfélaginu Danól ehf. Danól sækir alla stoðþjónustu til móðurfyrirtækisins og situr framkvæmdastjórnin í framkvæmdastjórn Ölgerðarinnar.

Skipurit Ölgerðarinnar má sjá hér:



5.3.1 Dóttur- og hlutdeildarfélag Ölgerðarinnar

Helstu dóttur- og hlutdeildarfélag Ölgerðarinnar eru eftirfarandi:

Félag	Skráningarland	Eignarhlutur 28.2.2022	Starfsemi
Danól ehf.	Ísland	100%	Heildsala
G7-11 fasteignafélag ehf.	Ísland	100%	Eignarhald fasteigna
Iceland Spring ehf.	Ísland	40%	Framleiðsla
Endurvinnslan hf.	Ísland	20%	Endurvinnsla á umbúðum

Þá hefur stjórn Ölgerðarinnar sérstaklega skilgreint dótturfélögin Danól ehf. og G7-11 fasteignafélag ehf. sem mikilvæg dótturfélag.

Danól

Danól er sjálfstætt sölu- og markaðsfyrirtæki sem selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga. Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri. Aðeins vörur sem Danól telur eiga þess kost að vera með þeim fremstu í sínum flokki eru settar á markað. Ítarlegri umfjöllun um Danól er að finna í kafla 5.4.1 Tekjusvið.

G 7-11 fasteignafélag ehf.

Fasteign Ölgerðarinnar að Grjóthálsi 7-11 er í eigu dótturfélagsins G7-11. Tilgangur félagsins er að eiga og reka fasteignir Ölgerðarinnar. Það starfar enginn starfmaður hjá félaginu og öll umsýsla er í höndum starfsfólks Ölgerðarinnar. Í félaginu er skattskuldbinding að fjárhæð 87 m.kr. auk tekjuskattsinneignar að fjárhæð 83 m.kr. sem nýtanlegt er hjá G7-11 til ársins 2028.

Iceland Spring ehf.

Ölgerðin á 40% hlut í Iceland Spring, en aðrir hluthafar eru erlendir aðilar. Ölgerðin sér um átöppun gegn átöppunargjaldi fyrir Iceland Spring í gegnum þjónustusamning. Iceland Spring á dótturfyrirtækið Pure Distribution sem sér um sölu afurðanna í Bandaríkjunum. Iceland Spring á borholu við Gvendarbrunna og er vatn úr henni leitt í eigin leiðslu á Grjóthálsi. Fyrirtækið velti yfir 14 milljónum USD árið 2021. Mikill vöxtur hefur verið í sölu, sérstaklega eftir að samningar náðust við Bandaríska verslunarrisann 7-Eleven um framleiðslu á vatni undir þeirra vörumerki í Bandaríkjunum. Ölgerðin framleiddi um 24 milljónir eininga árið 2021 sem var um 34,5% vöxtur frá fyrra ári. Reiknað er með áframhaldandi vexti. Vonir standa til að nýta megi nýja átöppunarlínu fyrir dósir til að auka viðskipti við núverandi viðskiptavinum sem eiga og reka yfir 35.000 verslanir um öll Bandaríkin. Í ársreikningi Ölgerðarinnar er færð hlutdeild í afkomu og eigin fé Iceland Spring.

Endurvinnslan hf.

Ölgerðin á 20% hlut í Endurvinnslunni hf., en meðal annarra eigenda eru ÁTVR, Coca-Cola Europacific Partners Ísland ehf. og Ríkissjóður Íslands. Endurvinnslan sér um móttöku, ásamt

umboðsmönnum sínum, allra einnota drykkjarvöruumbúða hérlendis, greiðir út skilagjald, undirbýr til útflutnings og selur til endurvinnslu.

5.4 Starfsemi Ölgerðarinnar

Ölgerðin Egill Skallagrímsson er stærsta drykkjarvöruvirkni landsins. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur drykkjarvörur og matvæli um allt land. Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri. Aðeins vörur sem eiga þess kost að vera fremstar í sínum flokki eru settar á markað og hverjum birgi sinnt sem hann væri sá eini. Stöðugt er leitað nýrra leiða til að efla starfsemina og ná fram meiri framleiðni með því að gera hlutina betur og fyrr en aðrir. Þetta er gert til hagsbóta fyrir viðskiptavinum, neytendum, starfsfólki og hluthafa.

5.4.1 Tekjusvið

Starfsemi samstæðu Ölgerðarinnar er skipt í þrjú tekjusvið, hvert um sig með skýrar áherslur og markmið. Tekjusviðin eru: Egils – óáfengir drykkir, Egils - áfengir drykkir og Danól.

Egils - óáfengir drykkir

Helstu söluvörur sviðsins eru gosdrykkir, vatn og ávaxtasafar auk þess sem sviðið selur innflutt snakk, morgunkorn og kaffi. Stærstur hluti af sölu sviðsins fer til stórmarkaða eða 78%, en helstu viðskiptavinir sviðsins eru stórmarkaðir, bensínstöðvar og skyndibitastaðir sem eiga það sammerkt að óáfengir drykkir skipa stóran sess í vöruvali þeirra. Ölgerðin selur einnig áfengi til þessara viðskiptavina ef svo ber undir, hver viðskiptavinur er því aðeins undir einu tekjusviði hjá Ölgerðinni.

Mörg af elstu og þekktustu vörumerkjum landsins eru undir þessu tekjusviði. Mörg þeirra eru án áfengis og má sem dæmi taka Egils Appelsín, Kristal og Egils Malt, sem hefur verið framleitt allar götur síðan 1913. Þá þekja flestir Íslendingar einnig Floridana safu, Egils þykkni, jóla-blönduna Malt&Appelsín og gosdrykkina Egils Orku og Mix svo fátt eitt sé nefnt. Þá framleiðir Ölgerðin skv. framleiðslumboði vörur undir vörumerkjum frá PepsiCo., t.d. Pepsi, Pepsi Max, 7UP o.fl.

Kraftmikil vöruþróun á sér stað innan Ölgerðarinnar og meðal óáfengra drykkja má þar t.d. nefna vinsæla kollagendrykkinn COLLAB, fjölmargar nýjungar í bragðtegundum undir vörumerki Kristals auk úrvals óáfengra bjóra sem hafa hlotið auknar vinsældir síðastliðin misseri.

Dæmi um þekktu óáfenga drykki sviðsins:





Egils - Áfengir drykkir + kaffikerfi

Ölgerðin er einn stærsti áfengisframleiðandi landsins og á félagið mörg af þekktustu vörumerkjum landsins, t.d. Gull, Boli, Brennivín og fleiri. Brugghús Ölgerðarinnar og vörumerkisins Borg Brugghús hafa hlotið fjölda verðlauna fyrir vörur sínar, allt frá verðlaunum fyrir lagerbjórinn GULL, sem er stærsta vörumerki landsins í bjór, sem framleiddur hefur verið nánast óbreyttur frá 1. mars 1989, til verðlauna fyrir sérhæfðari vörur Borgar Brugghúss. Ásamt eigin vörumerkjum framleiðir Ölgerðin áfenga drykki skv. framleiðslumboði t.d. bjórtegundirnar Carlsberg, Tuborg Classic, Tuborg Grön, Tuborg Julebryg o.fl. Þá er Ölgerðin einnig stór innflytjandi léttvíns, sterks áfengis og víngoss. Mikil áhersla er lögð á að flytja einungis inn og framleiða hágæða vörumerki og vörur í þessum flokkum sem öðrum. Helstu viðskiptavinir sviðsins eru ÁTVR, Fríhöfn, barir, veitingastaðir og hótél. Sviðið selur HORECA viðskiptavinum einnig kaffivörur og gosdrykki.

Mikil vörupróun á sér einnig stað í flokki áfengra drykkja og má þar til dæmis nefna vörumerkið Borg Brugghús. Þá hefur félagið kynnt nýjar vinsælar bragðtegundir t.d. af Gull Lite léttbjórum. Margar nýjungar hafa litið dagsins ljós í víngosflokknum. Vörurnar LoV, VES og BARA eru á meðal þeirra vinsælustu í flokknum.

Auk þess að sinna ofangreindum viðskiptavinum þá fellur undir sviðið fyrirtækjapjónusta Ölgerðarinnar sem sérhæfir sig í heildarlausnum í drykkjarvöru og snarli fyrir vinnustaði landsins, en þjónustuframboðið er almennt kallað kaffikerfi og sjálfssalar innan félagsins.

Dæmi um þekkt vörumerki og búnað sviðsins:





Danól

Dótturfélagið Danól er þriðja tekjusvið Ölgerðarinnar og flytur það inn og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga. Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri. Aðeins vörur sem Danól telur eiga þess kost að vera með þeim fremstu í sínum flokki eru settar á markað. Sviðin innan Danól skiptast í Matvöru, Snyrti- og sérvöru og Stóreldhús og kaffikerfi.

Meðal matvöru sem Danól flytur inn og dreifir til áframsölu eru vörumerki sem hafa verið hluti af Danól í áratugi. Dæmi um vörumerki sem Danól hefur á að skipa eru Merrild, Haribo, Lavazza, Quality Street, McCain, Lambi, NAN, Maryland, Homeblest, Hatting, Halsans Kök, Goodfellas, FruitFunk, Haust, Þrif, Milt, Nesquik, Mentos, Weetabix, Daloon, Sonax, Felix, Anamma og svo mætti lengi telja. Vörumerki Danól eru í dag um 70-80 talsins og leitar Danól sífellt að nýjum vörumerkjum og vörum sem uppfylla þarfir viðskiptavina og neytenda.



Stóreldhús- og kaffikerfi Danól leggja sig fram við að bjóða upp á heildstæðar lausnir í hinum ýmsu matvælum og aðföngum sem snúa að rekstri í matvælageiranum. Markmið Stóreldhúsa- og kaffikerfa er að bjóða upp á fjölbreytt vöruúrval, hágæða vöru og gott verð.



Sérvörusvið Danól hefur á að skipa vörumerkjum á borð við L'Oréal Paris, Maybelline, NYX Professional Makeup, Essie, Garnier, Elnett, Elvital, Vichy, CeraVe, La Roche-Posay, Neutrogena, o.b., Johnson&Johnson, DrTeal's og Real Techniques.



 USA's nail salon expert Since 1981





 DEVELOPED WITH DERMATOLOGISTS
 DÉVELOPPÉ AVEC DES DERMATOLOGUES



 MAKE-UP DONE RIGHT. IT'S MAYBELLINE.



 Naturally!

5.4.2 Framleiðsla og framleiðslutæki

Ölgerðin framleiðir meira en 300 vörunúmer á ári hverju og eru þar taldar allar drykkjarvörur félagsins í mismunandi pakkningum og mismunandi magni, en Ölgerðin framleiðir drykkjarvörur í plastumbúðum, dósnum, glerflöskum og kútum, í fjölda magneininga. Fyrirtækið semur við undirverktaka um átöppun á söfum í fernum og sterku áfengi í plast og glerflöskum.

Heildarframleiðslugeta félagsins hefur verið vel nýtt og hefur í sumum tilvikum verið unnið á þrískiptum vöktum til þess að anna eftirspurn, t.d. eftir drykkjavörum í dósnum. Í mars 2022 hóf Ölgerðin framleiðslu í nýrri 1650m² viðbyggingu sem byggð var við höfuðstöðvar félagsins. Byggingin hýsir nýjan framleiðslusal með fullkominni átöppunarlínu fyrir dósir. Nýi salurinn fjórfaldar afkastagetu félagsins úr 15.000 dósnum í um 60.000 dósir á klukkustund. Aðrir framleiðslusalir félagsins eru fyrir kúta, safu, plast og gler. Ef allir framleiðslusalir væru í fullum afköstum lætur nærri að hægt væri að framleiða um 85.000 einingar á klukkustund.

Tækjakostur félagsins er annarsvegar framleiðslubúnaður sem er mjög vel við haldið og svo tæki á markaði, svo sem kælikápar, bjórdælur og gosdælur. Framleiðslutæki eru flokkuð eftir framleiðslusölum, en auk þess rekur Ölgerðin fullkomið ölsuðu- og brugghús. Endurnýja þarf reglulega framleiðslubúnað og tæki á markaði og er áætluð árleg fjárfestingarþörf félagsins vegna þess um það bil 950-1050 m.kr.

Síðustu fimm ár hefur átt sér stað mikil endurnýjun í ölsuðu en sá hluti framleiðslunnar bruggar bjór og maltdrykki. Afkastageta hefur verið aukin í takt við aukna markaðshlutdeild Ölgerðarinnar. Talsvert svigrúm er til frekari vaxtar.

Ný átöppunarlína fyrir dósir ásamt fyrirhugaðri endurnýjun á eldri dósa- og glerlínu mun auka hagkvæmni í rekstri félagsins. Búnaðurinn er afkastameiri og skilar auknum vörugæðum. Hann eykur einnig sveigjanleika varðandi minni lotustærðir og magnpakkningar. Þegar salurinn er kominn í fulla virkni verða næturvaktir aflagðar og unnið á tveimur vöktum í stað þriggja, sem mun draga úr launakostnaði félagsins. Einnig verður lítill glersalur lagður af þegar búið verður að endurnýja eldri dósa - og glerlínu. Þannig eykst framleiðni og hagkvæmni í framleiðslunni.

5.4.3 Vöruþróunar- og gæðadeild

Ölgerðin leggur mikla áherslu á vöruþróun og er eitt af lykilmarkmiðum félagsins að hlutfall nýrra vara sé ávallt a.m.k. 5% af veltu framleiðsluvara félagsins, en vörur teljast almennt til nýrra vara í þessum skilningi í tvö ár frá því að framleiðsla þeirra hefst. Vöruþróunar- og gæðadeild heyrir undir forstjóra og vinnur náið með vörumerkjastjórum og öðrum hagaðilum að þróun nýrra vara og viðhaldi gæða. Stóran hluta af vexti Ölgerðarinnar síðustu tvo áratugi má rekja til

metnaðarfullrar og öflugrar vöruþróunar, en geta Ölgerðarinnar til þess að skapa stöðugt nýjar og framsækna vörur er félaginu gríðarlega verðmæt. Dæmi um vinsælar vörur sem eiga rætur sínar að rekja til vöruþróunar Ölgerðarinnar auk hlutfalls nýrra vara af veltu framleiðsluvara fyrir síðastliðin fjárhagsár má sjá hér að neðan:



5.4.4 Dreifing og vöruhús

Ölgerðin á og rekur vöruhús sem hýsir um 12.000 palla og rekur öfluga dreifingu. Vöruhús Ölgerðarinnar, oftast vísað til sem G11, hýsir og tekur til allra söluvara tekjusviðanna Egils áfengt og Egils óáfengt en vöruhúsi og dreifingu Danól er útvistað til Eimskipafélags Íslands hf. („Eimskip“). Var sú ákvörðun tekin árið 2019 í þeim tilgangi að skapa rými og losa um vaxtarhömlur allra tekjusviða. Þá er dreifingu utan höfuðborgarsvæðisins útvistað til flytjanda, þjónustu á vegum Eimskip. Hlutfall vöruhúsa- og dreifingarkostnaðar af heildarkostnaði Ölgerðarinnar hefur minnkað verulega á undanförunum árum með auknu umfangi og hagkvæmum rekstri.

5.4.5 Vörumerkjastjórnun, markaðsmál og sala

Ölgerðin skilgreinir sig sem sölu og markaðsfyrirtæki og er sú hugsun kjarni starfseminnar. Fyrirtækið er óhrætt að gera skipulagsbreytingar til að styrkja stöðu sína og styðja við langtíma markmið. Félagið leggur áherslu á að vera framarlega í nýtingu stafrænnar tækni til að auka framleiðni.

Ölgerðin er með eina stærstu vefverslunum landsins, en um helmingur allra pantana félagsins fer í gegnum vefverslunina sem hefur um 2.000 virka viðskiptavinum hjá Ölgerðinni og 900 hjá Danól. Vefverslun Ölgerðarinnar hefur verið hluti af umbótaverkefnum söludeilda en sparnaðurinn snýst fyrst og fremst að því að minnka tímasóun. Sá tími sem áður fór í að taka pantanir fer í að sinna viðskiptavinum og þörfum þeirra enn frekar.

Hjá Ölgerðinni og Danól starfa yfir 20 starfsmenn í markaðsmálum. Framkvæmdastjóri markaðsmála samhæfir allar markaðsaðgerðir félagsins og tryggir hagræði í innkaupum slíkrar þjónustu. Undir markaðsmál fellur einnig viðskiptapróun svo sem Borg Brugghús, Agla Gosgerð og Kveldúlfur distillery. Einnig heyrir útflutningur undir markaðssvið. Vörumerkjastjórar tilheyra tekjusviðum en markaðsstjóri ber faglega ábyrgð, einkum er varðar eigin vörumerki félagsins. Á dagsetningu Lýsingarinnar er Ölgerðin með 76 vörumerki skráð hér á landi en þar að auki eru átta vörumerki í formlegu skráningarferli. Þar fyrir utan eru myndmerki skráð á helstu vörumerkjum. Einnig eru sterkustu slagorðin skráð. Tvö vörumerki eru skráð í Evrópusambandsríkjunum, bæði orð- og myndmerki (COLLAB og Brennivin). Þessi tvö vörumerki eru einnig skráð í Bretlandi. Þá er orðmerkið Brennivin skráð í Kanada.

Sérstök vöktun er á skráningu vörumerkja og er hún í höndum Arnason Faktor. Í vöruþróun og þegar búin er til ný vörumerki er sérstaklega gætt að skráningarhæfni vörumerkjanna og þau skráð um leið og nægar upplýsingar liggja fyrir.

5.4.6 Sjálfbærni

Ölgerðin er annað stærsta matvælafyrirtæki landsins og leitar stöðugt leiða til þess að minnka áhrif sín á umhverfið. Félagið hefur mikinn metnað á sviði sjálfbærni og er markvisst að innleiða sjálfbærni í menningu fyrirtækisins. Til að framtíðarsýn fyrirtækisins, um að verða fyrsta val viðskiptavina og neytenda, sé náð þarf að huga að sjálfbærni í allri virðiskeðjunni. Viðskiptavinir Ölgerðarinnar og neytendur gera sífellt meiri kröfur um að versla við fyrirtæki sem stuðla að sjálfbærni og þau fyrirtæki búa yfir og viðhalda hæfara starfsfólki. Félagið ætlar að vera í framvarðasveit íslenskra fyrirtækja á sviði sjálfbærni og mæta nútímaþörfum viðskiptavina og neytenda þeirra án þess að skerða möguleika komandi kynslóða að mæta þörfum sínum. Framtíðarsýn félagsins verður náð með því að leggja áherslu á fjóra strauma: sjálfbærni, vöxt, stafræna þróun og fjölbreytileika. Þannig skapar Ölgerðin virði fyrir alla hagaðila og verðmætasköpun til framtíðar.

Ölgerðin vinnur eftir viðmiðum Global Compact og skilar árlega inn framvinduskýrslu til Sameinuðu Þjóðanna. Ölgerðin tekur þátt í því að ná loftlagsmarkmiðum Íslands um 40% minnkun kolefnisspors til 2030. Ölgerðin hefur sett sér metnaðarfull markmið sem hægt er að sannreyna með vísindalegum samþykktum hætti og miða að því að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C (e. Science Based Targets). Þá hefur Ölgerðin sett sér markmið um kolefnishlutleysi árið 2040. Ölgerðin hefur mælt og fylgst náið með losun frá öllum rekstri frá árinu 2015 og hefur á þeim tíma minnkað kolefnisspor sitt um 65%, og má rekja það beint til markvissra aðgerða fyrirtækisins. Félagið gengur nú enn lengra og hefur lagt umtalsverða vinnu við að ná utan um kolefnisspor virðiskeðjunnar, út frá fyrrgreindum vísindalegum viðmiðum. Niðurstaðan er sú að eigin rekstur Ölgerðarinnar leiðir af sér undir 10% af áhrifum en yfir 90% verða til í aðfangakeðjunni sjálfri. Þannig má nefna að 35% af kolefnissporinu sem mælist er vegna framleiðslu á umbúðum. Orkuskipti í framleiðslu, rafbílavæðing bílaflotans og bestun á leiðakerfinu eru meðal verkefna sem hafa leitt til þess að um 87% af starfseminni notar endurnýjanlega orku, samanborett við 60% hlutfall árið 2016. Auk þess kom fyrirtækið nýlega með enn fleiri umhverfisvænar umbúðir á markað og markviss vöruþróun hefur skilað hollari valkostum til neytenda. Það má nefna að á síðustu fimm árum hefur sykurmagn á hvern seldan lítra minnkað um 39%.

Ölgerðin er með mörg markmið sem skiptast í fjóra flokka: Sjálfbær vöxtur, fjölbreytileiki, hringrásarhagkerfi og kolefnishlutleysi.

Markmið Ölgerðarinnar er að sjálfbærni sé hluti af rekstri fyrirtækisins og að horft verði á sjálfbærni með sama hætti og fjárhagsupplýsingar félagsins. Það er trú fyrirtækisins að áhersla á sjálfbærni dragi úr áhættu í rekstri fyrirtækisins og styrki fjárhagslega arðsemi til framtíðar. Ölgerðin stefnir að því að styrkja samkeppnishæfni sína með því að draga úr efnahagslegum, umhverfislegum og félagslegum kostnaði. Markvisst er verið að innleiða sjálfbærni í menningu fyrirtækisins og skapa þannig eftirsóttan vinnustað.

5.4.7 Stefna, gildi og markmið

Mikilvægi starfseminnar og áherslur endurspeglast í stefnupírámíða félagsins sem sjá má á mynd 5-1. Framtíðarsýn Ölgerðarinnar er að vera fyrsta val viðskiptavina og neytenda. Til þess að sú sýn verði að veruleika tryggir félagið að stöðugar umbætur eigi sér stað til að mæta þörfum stækkandi hópi viðskiptavina. Ölgerðin leitast sífellt nýrra leiða til að efla starfsemina og ná fram meiri framleiðni. Þetta er gert með hagsmuni viðskiptavina, neytenda, starfsfólks og eigenda félagsins í fyrirrúmi. Stefnur, gildi og gæðamarkmið félagsins eru yfirfarin að minnsta kosti árlega auk þess sem farið er yfir helstu úrbótaverkefni síðasta árs og niðurstöður. Yfirferðin fer fram á fundi gæðaráðs.

Félagið er með fjögur lykilmarkmið í starfsemi sinni. Fyrsta markmiðið er að ánægja viðskiptavina sé yfir 75% og annað markmiðið að ánægja starfsmanna sé yfir 85%. Þriðja markmiðið er að meira en 5% af veltu framleiðsluvara félagsins komi frá nýjum vörum. Síðasta markmiðið er að reka fyrirtækið ekki undir 10% EBITDA hlutfalli.

Stefna Ölgerðarinnar er að vera sterk liðsheild með framsæknu og skapandi starfsfólki. Félagið leitar stöðugt leiða til að þróa og efla starfsemina og auka framleiðni með því að gera hlutina fyrr og betur en aðrir. Ölgerðin setur aðeins þau vörumerki á markað sem eru, eða hafa möguleika á að vera, fremst í sínum flokki. Félagið leggur megináherslu á að veita framúrskarandi þjónustu og tryggja gæði. Að lokum sinnir félagið hverjum viðskiptavini og birgja, eins og hann væri þeirra eini og gerir félagið til hagsbóta fyrir viðskiptavini sína, samfélagið, starfsfólk og hluthafa. Öll starfsemi Ölgerðarinnar byggir á gildum félagsins en gildin ramma inn menningu fyrirtækisins og starfsemina.



Mynd 5-1 Stefnupíramídi Ölgerðarinnar

6 Stjórn og stjórnarhættir

6.1 Stjórnarhættir

Stjórnarhættir Ölgerðarinnar taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar eins og þær eru á hverjum tíma. Ölgerðin fylgir „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland hf. en 6. útgáfa leiðbeininganna var gefin út 2021. Stjórn Ölgerðarinnar starfar eftir starfsreglum sem byggðar eru á umræddum leiðbeiningum.

Ölgerðin vísar frá leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja í örfáum tilvikum, en fjórir af fimm stjórnarmönnum Ölgerðarinnar eru fulltrúar hluthafa en samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti skulu a.m.k. tveir stjórnarmenn vera óháðir félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum. Auk þess hefur formaður stjórnar, skv. yfirlýsingu frá stjórn, tekið að sér ýmis verkefni fyrir félagið í samræmi við starfslýsingu hans. Til að sinna þessum verkefnum hefur formaður stjórnar aðsetur á skrifstofu félagsins. Þau verkefni sem formaður tekur að sér vinnur hann í nánú samstarfi við forstjóra og aðra framkvæmdastjóra hjá félaginu. Frá og með 28. febrúar 2022 hefur Októ eingöngu sinnt stjórnarstörfum. Þá er ekki til staðar tilnefningarnefnd hjá félaginu.

Eins og fram kemur í samþykktum félagsins er æðsta vald í málefnum félagsins í höndum lögmætra hluthafafunda en stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda. Meginhlutverk stjórnar Ölgerðarinnar er að styðja við stefnumótun félagsins og hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Stjórn félagsins ræður forstjóra sem hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur.

Gildandi samþykktir félagsins, sem og starfsreglur stjórnar, kveða á um stjórnarhætti þess. Samþykktir félagsins, dagsettar 12. maí 2022, kveða á um aðalfundi og hluthafafundi í 10. - 15. gr., um stjórn félagsins og framkvæmdastjórn í 16. - 18 gr. og um endurskoðun og reikningshald í 19.– 20. gr. Samþykktir félagsins hafa verið felldar inn í Lýsingu með tilvísun, sjá kafla 3.2 Skjöl felld inn með tilvísun. Þá má nálgast stjórnarháttayfirlýsingu Ölgerðarinnar á heimasíðu félagsins, <https://www.olgerdin.is/skipurit-og-skipulag>. Stjórnin er skipuð fimm aðalmönnum og einum til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Varamaður tekur sæti í forföllum aðalmanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar. Við stjórnarkjör skal tryggja að kynjahlutföll innan stjórnar séu sem jöfnust og skal hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%. Jafnframt skal litið til kyns varamanns, þannig að kynjahlutföllin í stjórn og varastjórn í heild séu sem jöfnust.

Núverandi stjórn Ölgerðarinnar var kjörin þann 19. maí 2021. Samkvæmt 16. gr. samþykktu félagsins skal hún skipuð til eins árs í senn. Hana skipa þeir einstaklingar sem tilgreindir eru hér fyrir neðan.

Stjórnarmenn

Nafn	Októ Einarsson, stjórnarformaður
Fæðingardagur	07.11.1962
Starfsstöð	Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík
Menntun og reynsla	Októ er viðskiptafræðingur frá California State University Sacramento, með markaðsfræði sem sérgrein og hefur starfað við innflutning og heildsölu frá árinu 1987.
Fyrst kjörinn	Apríl 2002.
Núverandi stjórnarseta	Situr í stjórnnum Nýjabæjar ehf., OA eignarhaldsfélag hf., Lind ehf. og Íslensk Erlenda ehf.
Stjórnarseta sl. fimm ár	Engin stjórnarseta sl. fimm ár.
Eignarhald	Októ Einarsson og Andri Þór Guðmundsson eiga samtals 16,1% hlut í Ölgerðinni í gegnum eignarhaldsfélagið OA eignarhaldsfélag hf. OA eignarhaldsfélag hf. er 50% í eigu Októs og 50% í eigu Andra

Nafn	Hermann Már Þórisson
Fæðingardagur	09.08.1972
Starfsstöð	Borgartún 33, 105 Reykjavík
Menntun og reynsla	Hermann er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Hermann starfar nú sem forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga hjá Landsbréfum og er annar af framkvæmdastjórum Horns IV og Horns III. Áður starfaði hann sem framkvæmdastjóri Horns Fjárfestingafélags.
Fyrst kjörinn	Apríl 2017
Núverandi stjórnarseta	Hvaleyri hf., Hópbílar hf. Hagvagnar ehf. Bílaleiga Flugleiða ehf. GoPro ehf. Landsbréf – Hvatning slhf. Eldum rétt ehf. Pac 1501 ehf. Destination blue lagoon ehf. Reykjavik Sightseeing ehf. Ölgerðin hf. Bushostel ehf.
Stjórnarseta sl. fimm ár	Klifur fjárfestingar ehf. Fafnir Offshore ehf. Invent Invest ehf Basko ehf. Airport Direct ITF I GP ehf. IEI II hf. LAREF Serifali ehf. LAREF lancu ehf.

	LAREF Whiteside ehf. Landsbref – Icelandic Tourism Fund I slhf. IF hf. Landsbréf – Veðskuldabréfasjóður slhf Landsbréf – Veðskuldabréfasjóður GP ehf. LNS I AS
Eignarhald	Hermann er annar af framkvæmdastjórum Horns III slhf. sem á 25,1% hlut í Ölgerðinni.

Nafn	Jóhannes Hauksson
Fæðingardagur	11.11.1963
Starfsstöð	Hagasmára 3, 201 Kópavogi
Menntun og reynsla	Jóhannes er viðskiptafræðingur frá HÍ, er með próf í verðbréfaviðskiptum og hefur lokið Advanced Management Program frá IESE Business School í Barcelona. Jóhannes hefur starfað á fjármálamarkaði frá árinu 1999, hjá m.a. Íslandssjóðum og Íslandsbanka. Jóhannes er framkvæmdastjóri Akurs fjárfestinga slhf.
Fyrst kjörinn	Apríl 2017
Núverandi stjórnarseta	Ölgerðin Egill Skallagríms hf., Steinasalir ehf., Miðborg F skrifstofur ehf., Miðborg F íbúðir ehf., Miðborg F hótél ehf., Miðborg D ehf., Miðborg C verslun ehf., Miðborg C íbúðir ehf., Miðborg B ehf., Lögmansstofan Agni ehf., L1100 ehf., Hveradalir ehf., GL Iceland ehf., Fáfírnir Offshore hf., BBL 45 ehf., Allrahanda GL ehf., Allrahanda fjárfestingar ehf., Akur ÖES ehf., Akur GP ehf., Akur FO ehf., 105 Miðborg slhf., 105 Miðborg GP ehf., 105 Miðborg fasteignasýsl ehf.
Stjórnarseta sl. fimm ár	Ölgerðin Egill Skallagríms hf., Steinasalir ehf., Miðborg F skrifstofur ehf., Miðborg F íbúðir ehf., Miðborg F hótél ehf., Miðborg D ehf., Miðborg C verslun ehf., Miðborg C íbúðir ehf., Miðborg B ehf., Lögmansstofan Agni ehf., L1100 ehf., Hveradalir ehf., GL Iceland ehf., Fáfírnir Offshore hf., FAST-1, slhf., BBL 45 ehf., Allrahanda GL ehf., Allrahanda fjárfestingar ehf., Akur ÖES ehf., Akur GP ehf., Akur FO ehf., 105 Miðborg slhf., 105 Miðborg GP ehf., 105 Miðborg fasteignasýsl ehf.
Eignarhald	Jóhannes er framkvæmdastjóri Akurs fjárfestinga slhf, sem á 18,2% hlut í Ölgerðinni

Nafn	Rannveig Eir Einarsdóttir
Fæðingardagur	20.12.1965
Starfsstöð	Laugavegur 7, 101 Reykjavík
Menntun og reynsla	Rannveig Eir er forstjóri og eigandi Reir Verk ehf. byggingafélags en starfaði sem forstöðumaður hjá Icelandair frá 2000 – 2015. Hún tók þátt í byggingu og stofnun Sandhótels við Laugaveg sem nú er rekið af KEA hótels. Rannveig Eir hefur víðtæka reynslu af stjórnun

	og stefnumótun og hefur setið í stjórnum nokkurra fyrirtækja. Rannveig Eir er viðskiptafræðingur MBA frá Háskóla Íslands.
Fyrst kjörin	Apríl 2017
Núverandi stjórnarseta	Bfirst ehf. Fasti eignarhaldsfélag ehf. Golffélagið ehf. Hallgerðargata ehf. HBH Byggir ehf. H.B.H. Fasteignir ehf. HE ehf. HG 100 ehf. Icegen ehf. N60 ehf. Rauðufossar ehf. Reir ehf. Reir verk ehf. Reir þróun ehf. Sand Bar & Bistro ehf. Sandhótel ehf. Sk18 ehf. Snorrabragur ehf. Tex ehf. Verk og ábyrgð ehf.
Stjórnarseta sl. fimm ár:	BBL 136 ehf. Gluggar import ehf. GS gluggar ehf. Gylfaflöt ehf. Heimstaden ehf. Lambhavegur 7 ehf. Lantan ehf. VMT ehf.
Eignarhald	Rannveig Eir á ásamt eiginmanni sínum 50% hlut í Reir ehf. sem á 5,8% hlut í ÖES.

Nafn	Berglind Ósk Guðmundsdóttir
Fæðingardagur	08.04.1980
Starfsstöð	Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík
Menntun og reynsla	Berglind lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2005. Hún er sjálfstætt starfandi ráðgjafi og er sérvið hennar stjórnarhættir fyrirtækja. Hún hefur aðstoðað fjölmargar stjórnir fyrirtækja við að bæta stjórnarhætti sína, var ritstjóri Handbókar stjórnarmanna og hefur annast fræðslu fyrir stjórnarmenn. Áður starfaði hún sem verkefnastjóri á ráðgjafasviði KPMG.
Fyrst kjörin	Maí 2021
Núverandi stjórnarseta	Ölgerðin

Stjórnarseta sl. fimm ár	Var í stjórn Almenna leigufélagsins (Alma) 2018-2019.
Eignarhald	Engir hlutir

Varamaður í stjórn:

Nafn	Kristrún Auður Viðarsdóttir
Fæðingardagur	18.09.1974
Starfsstöð	Hagasmára 3, 201 Kópavogi
Menntun og reynsla	Kristrún er tölvunarfræðingur frá Háskólanum í Reykjavík, er með próf í verðbréfavíðskiptum og hefur M.Sc. í Information Systems og MBA frá Boston University. Hefur starfað á fjármálamarkaði frá árinu 2004.
Fyrst kjörin	Maí 2018
Núverandi stjórnarseta	Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf., Steinasalir ehf., Hveradalir ehf., GL Iceland ehf., Allrahanda GL ehf., Allrahanda fjárfestingar ehf., Félag kvenna í sjávarútvegi
Stjórnarseta sl. fimm ár	Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf., Steinasalir ehf., Hveradalir ehf., GL Iceland ehf., Allrahanda GL ehf., Allrahanda fjárfestingar ehf., Félag kvenna í sjávarútvegi
Eignarhald	Kristrún á ekki hlutafé í Ölgerðinni

6.2 Undirnefndir stjórnar

Skipan, hlutverk og skyldur starfskjaranefndar og endurskoðunarnefndar fara samkvæmt 6. útgáfu leiðbeininga Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og NasdaqOMX Iceland um stjórnarhætti fyrirtækja. Nefndir setja sér starfsreglur þar sem kveðið skal nánar á um hlutverk þeirra og helstu verkefni. Starfsreglurnar eru háðar samþykki stjórnar.

Ákvarðanir skulu teknar á formlegum fundum og er nefndin ákvörðunarþær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fund, enda hafi fundurinn verið boðaður með sambærilegum hætti og fundir stjórnar, sbr. gr. 7.8 í starfsreglum stjórnar. Formaður viðkomandi nefndar boðar til nefndarfundar. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum við töku ákvarðana í undirnefndum. Ákvarðanir undirnefndar eru ekki bindandi fyrir stjórn félagsins heldur aðeins leiðbeinandi

6.2.1 Endurskoðunarnefnd

Stjórn félagsins skipar endurskoðunarnefnd til að fjalla nánar um fjárhag félagsins og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum og ganga þannig úr skugga um að þær upplýsingar sem stjórn fær um rekstur, hag og framtíðarhorfur gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma. Endurskoðunarnefnd er eingöngu til ráðgjafar en getur ekki tekið ákvörðun fyrir hönd stjórnar. Núverandi endurskoðunarnefnd var skipuð á fundi stjórnar þann 24.febrúar 2022. Eftirfarandi aðilar sitja í endurskoðunarnefnd:

- Margrét Flovenz, formaður
- Berglind Ósk Guðmundsóttir
- Hermann Már Þórisson

6.2.2 Starfskjaranefnd

Stjórn félagsins tilnefndir þrjá einstaklinga til setu í starfskjaranefnd, og má hvorki forstjóri félagsins né annar starfsmaður eiga sæti. Haft skal að leiðarljósi að nefndarmenn hafi reynslu og þekkingu á viðmiðum og venjum við ákvörðun starfskjara stjórnenda. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum.

Í starfskjaranefnd Ölgerðarinnar eiga sæti eftirfarandi einstaklingar:

- Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir, formaður
- Jóhannes Hauksson
- Rannveig Eir Einarsdóttir

Meginhlutverk starfskjaranefndar er að fylgjast með að starfskjör hjá félaginu séu innan starfskjarastefnunnar. Starfskjarastefnan skal tekin til endurskoðunar og samþykktar af stjórn hvert ár og síðar lögð fyrir aðalfund. Stjórn gerir tillögu um stjórnarlaun fyrir komandi starfsár.

Starfskjarastefna

Starfskjarastefna Ölgerðarinnar er skipuð samkvæmt 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Hún byggir á meginreglum sem gilda um góða stjórnarhætti fyrirtækja og tekur mið af langtímahagsmunum félagsins, eigenda, viðskiptamanna og starfsmanna þess. Með starfskjarastefnu vill félagið stuðla að því að markmiðum verði náð auk þess að veita hluthöfum aukin áhrif og innsýn í stefnu félagsins varðandi starfskjör stjórnenda og starfsmanna þess. Starfskjarastefnan miðar að því að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti fengið til sín framúrskarandi starfsfólk sem vinnur að verkefnum í þeim tilgangi að stuðla að velgengni félagsins. Gildandi starfskjarastefna félagsins var samþykkt á aðalfundi félagsins þann 19. maí 2021. Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum stjórnar félagsins, forstjóra og stjórnenda. Þá fylgist stjórn félagsins ásamt starfskjaranefnd með að starfskjör hjá félaginu séu innan ramma starfskjarastefnunnar. Þóknun stjórnarmanna eru ákveðin á aðalfundi hvert ár, svo sem kveðið er á um í 2. mgr. 84. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

6.3 Framkvæmdastjórn Ölgerðarinnar

Nafn	Andri Þór Guðmundsson
Staða	Forstjóri
Fæðingardagur	24. 09.1966
Starfsstöð	Grjótháls 7-11, 110 Reykjavík
Menntun og reynsla	Hann útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og sem MBA frá Rotterdam School of Management. Andri hóf störf hjá Ölgerðinni ári 2002, fyrst sem framkvæmdastjóri fjármála og síðan

	sem forstjóri frá nóvember 2004. Áður starfaði hann við markaðsmál og fjármál hjá Almenna bókafélaginu og Lýsi hf.
Núverandi stjórnarseta	Andri situr í stjórn 4 dótturfélaga Ölgerðarinnar. Þá situr hann í stjórn Iceland Spring ehf., OA Eignarhaldsfélags ehf., S78 ehf., Nafnlaust ehf., Verzlunarskóla Íslands ses. og Ofanleitis 1 ehf.
Stjórnarseta sl. fimm ár	Andri hefur setið í stjórn TM og endurskoðunarnefnd. Hann sat í stjórn Viðskiptaráðs frá 2014-2022
Eignarhald	Andri á 50% hlut í OA eignarhaldsfélagi hf. sem á 16,1% hlut í Ölgerðinni.

Nafn	Gunnar B. Sigurgeirsson
Staða	Aðstoðarforstjóri
Fæðingardagur	14.02.1969
Starfsstöð	Grjótháls 7-11, 110 Reykjavík
Menntun og reynsla	Gunnar er með B.Sc. í matvælafræði og M.Sc. í hagfræði. Hann hóf störf hjá Ölgerðinni árið 2007 og hefur verið aðstoðarforstjóri frá árinu 2019. Markaðs- og sölustjóri hjá Nóa Siríus 2001-2007
Núverandi stjórnarseta	Litir og form ehf.
Stjórnarseta sl. fimm ár	Engin stjórnarseta sl. fimm ár
Eignarhald	3.751.101 hlutir

Nafn	Jón Þorsteinn Oddleifsson
Staða	Framkvæmdastjóri fjármála og mannauðssviðs
Fæðingardagur	24.06.1975
Starfsstöð	Grjótháls 7-11, 110 Reykjavík
Menntun og reynsla	BS. Í hagfræði (HÍ) MS. Í fjármálum fyrirtækja (HÍ) Próf í verbréfamiðlun Búnaðarbankinn, ýmis störf 1998-2003 Forstöðumaður fjárstýringar Landsb. 2003-2008 Fjármálastjóri Landsbankans 2008-2010 Fjármálaráðgjöf Calco Consulting 2010-2014 Viðskiptapróun, Landsbréf hf., 2014-2019 Ölgerðin frá október 2019

Núverandi stjórnarseta	Iceland Spring ehf. JÞO ehf. og JÞO 2 ehf. Situr í stjórn Viðskiptaráðs Íslands Situr í fjórum ráðgjafaráðum fjárfestinga- og verðbréfasjóða Landsbréfa hf. Situr í áhættunefnd FlyPlay hf.
Stjórnarseta sl. fimm ár:	Lífland ehf. 2017-2019 Basko ehf. 2017-2019 Eldum rétt ehf. 2018-2019
Eignarhald	5.001.469 hlutir

Nafn	María Jóna Samúelsdóttir
Staða	Framkvæmdastjóri Danól
Fæðingardagur	07.11.1975
Starfsstöð	Grjótháls 7-11, 110 Reykjavík
Menntun og reynsla	Viðskiptafræði B.Sc., Þjónustustjórnun M.Sc., Viðurkenndur stjórnarmaður diplóma. Starfað sem vörumerkjastjóri, sölu- og markaðsstjóri sl. 25 ár innan heildverslana.
Núverandi stjórnarseta	Gullsteinar fasteignir ehf.
Stjórnarseta sl. fimm ár	Engin stjórnarseta sl. fimm ár
Eignarhald	Engir hlutir

Nafn	Guðmundur Pétur Ólafsson
Staða	Framkvæmdastjóri Egils óáfengir drykkir
Fæðingardagur	10.05.1985
Starfsstöð	Grjótháls 7-11, 110 Reykjavík
Menntun og reynsla	B.Sc. í viðskiptafræði með áherslu á fjármál og reikningshald (HÍ) MS í fjármálum (Barcelona Graduate School of Economics). Ölgerðin frá 2013 Vörumerkjastjóri Rekstrarstjóri Fyrirtækjasviðs Rekstrarstjóri Fyrirtækjasviðs + Sölustjóri Kalda Sölu & markaðsstjóri óáfengra drykkja Sölu & markaðsstjóri áfengra drykkja Landsbankinn 2010-2013 Sérfræðingur í einstaklingsþjónustu

	Sérfræðingur í fyrirtækjaþjónustu
Núverandi stjórnarseta	ÓKG ehf., F-13 ehf., GPÓKG ehf.
Stjórnarseta sl. fimm ár	Engin stjórnarseta sl. fimm ár
Eignarhald	7.502.202 hlutir

Nafn	Valur Ásberg Valsson
Staða	Framkvæmdastjóri Egils áfengt og fyrirtækjaþjónustu
Fæðingardagur	15.03.1971
Starfsstöð	Grjótháls 7-11, 110 Reykjavík
Menntun og reynsla	Menntun: Sveinspróf í Bakaraiðn og starfaði í greininni frá 1990-1997. Frumgreinadeild Tækniháskóla Íslands 1998-2000. B.Sc. í Iðnaðartækniþræði af Iðnvörumarkaðssviði 2000-2003. Reynsla: Hóf störf hjá Ölgerðinni árið 2003 Áætlanastjóri 2003-2008 Framkvæmdastjóri Fyrirtækjaþjónustu 2008-2015 Framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs 2015-2019 Framkvæmdastjóri Egils áfengt og fyrirtækjaþjónustu frá 2019
Núverandi stjórnarseta	MAVB ehf.
Stjórnarseta sl. fimm ár	Engin stjórnarseta sl. fimm ár
Eignarhald	7.144.955 hlutir

Nafn	Óli Rúnar Jónsson
Staða	Framkvæmdastjóri Markaðssviðs
Fæðingardagur	27.10.1980
Starfsstöð	Grjótháls 7-11, 110 Reykjavík
Menntun og reynsla	Menntun: B.Sc. Viðskiptafræði / Háskólinn í Reykjavík Reynsla: 2007- nú: Ölgerðin Egill Skallagrímsson 2006-2007: Reykjavík FM/sölu- og markaðsstjóri 2006-2007: Rannsóknarsetur Háskólans í Reykjavík 2004-2007: Gítarskóli Íslands 2001-2003: Mótus / Sölu- og markaðsmál
Núverandi stjórnarseta	Varastjórn hjá Sýn hf. Eigin félög:

	Nýja Sjáland ehf. Björn og aðrir minna þroskaðir menn ehf.
Stjórnarseta sl. fimm ár	Vara- og aðalstjórn hjá Sýn hf. Eigin félag: Nýja Sjáland ehf. Björn og aðrir minna þroskaðir menn ehf.
Eignarhald	1.686.209 hlutir

Nafn	Margrét Arnardóttir
Staða	Framkvæmdastjóri Framleiðslu- og Tæknisviðs
Fæðingardagur	22.01.1975
Starfsstöð	Grjótháls 7-11, 110 Reykjavík
Menntun og reynsla	Menntun: MBA í viðskiptafræði – Háskóli Íslands, 2009. M.Sc. í vélaverkfræði (Termisk Energiteknik) – Aalborg Universitet, Álaborg, Danmörku, 2002. Raungreinadeildarpróf – Tækniskóli Íslands, 1996. Málmiðn / bifvélavirkjun – Iðnskólinn í Reykjavík, 1992 – 1994. Reynsla: Ölgerðin Egill Skallagrímsson: Framkvæmdastjóri framleiðslu- og tæknisviðs frá 2016 Landsvirkjun: Verkefnastjóri vindorku frá 2012 -2016 Rio Tinto Alcan: Technical Leader for Reduction – ISAL Production Upgrade 2008 – 2012 Rio Tinto Alcan: Leiðtogi kersmiðju – rekstur og tækni 2003 – 2008 Aalborg Universtitet, Álaborg, Danmörku: Rannsóknir og kennsla 2002 – 2003.
Núverandi stjórnarseta	Lífsverk lífeyrissjóður, Formaður endurskoðunarnefnd Lífsverks lífeyrissjóðs frá 2021. Hamar, stjórn frá júní 2018 (<i>sameinað félag frá 4.mars er nú HD tæknilausnir</i>) Deilir ehf. Stál í stál ehf. Idea ehf. Fulltrúi faghópi 4 í fimmta áfanga rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða
Stjórnarseta sl. fimm ár	Engin stjórnarseta sl. fimm ár
Eignarhald	1.428.991 hlutir

Nafn	Gunnlaugur Einar Briem
Staða	Framkvæmdastjóri Vörustjórnunarsviðs
Fæðingardagur	31.03.1974
Starfsstöð	Grjótháls 7-11, 110 Reykjavík
Menntun og reynsla	Iðnaðartæknifræðingur. Unnið sem framkvæmdastjóri í Ölgerðinni frá 2011 en fram að því sem innkaupastjóri og önnur vörustjórnunarstörf í Ölgerðinni frá árinu 2000
Stjórnarseta sl. fimm ár	Engin stjórnarseta sl. fimm ár
Núverandi stjórnarseta	Hjálparsveit skáta Kópavogi Humlar ehf.
Eignarhald	7.144.955 hlutir

6.4 Laun og hlunnindi forstjóra, lykilstjórnenda og stjórnar, samstæðunnar fyrir fjárhagsárið 2021

Upplýsingar um laun og hlunnindi forstjóra, lykilstjórnenda og stjórnar samstæðunnar á síðastliðnu fjárhagsári eru tilgreindar í töflu hér að neðan. Þar er einnig tilgreind hlutafjäreign þeirra í Ölgerðinni og önnur réttindi tengd hlutabréfum í félaginu þann 28.2.2022.

Starfssamningar félagsins við lykilstjórnendur innihalda engin óvenjuleg ákvæði og eru í samræmi við hefðbundna samninga. Félagið hefur ekki lagt greiðslur til hliðar vegna lífeyrisframlags, starfsloka eða svipaðra hlunninda til viðbótar við það sem lög gera ráð fyrir. Félagið hefur ekki gert aðra samninga við lykilstjórnendur um greiðslu hlunninda við starfslok.

Tafla 6-1: Forstjóri, lykilstjórnendur og stjórn - Laun, hlunnindi og réttindi tengd hlutabréfum Ölgerðarinnar, fjárhæðir í þús.kr.

Nafn	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð	Hlutafjäreign í Útgefanda
Októ Einarsson, stjórnarformaður ⁸	64.550	13.887	225.974
Hermann Már Þórisson, stjórnarmaður ⁹	2.694		705.402
Rannveig Eir Einarsdóttir, stjórnarmaður	2.774	319	161.476

⁸ Stjórn Ölgerðarinnar hefur á undanförunum árum samið við stjórnarformann félagsins um að hann taki að sér verkefni sem eru utan hefðbundins starfssviðs stjórnarformanns og hefur verið upplýst um það á aðalfundum félagsins. Þann 8. febrúar 2022 samþykkti stjórn Ölgerðarinnar að stjórnarformaðurinn taki að sér það verkefni að undirbúa félagið fyrir skráningu á markað og forvinna þau mál sem stjórn þarf að taka til umræðu og ákvörðunar. Kostnaður vegna þessa verkefnis gjaldfærast á fjárhagsárinu meðal launa- og launatengdra gjalda.

⁹ Fyrir stjórnarsetu er greitt til Horns III slhf. skv. reikningi. Hlutafjäreign miðast við eignarhlut Horns III slhf.

Jóhannes Hauksson, stjórnarmaður ¹⁰	2.760		512.249
Sylvía Ólafsdóttir, stjórnarmaður	600	69	
Berglind Ósk Guðmundsdóttir, stjórnarmaður	2.260	260	
Andri Þór Guðmundsson, forstjóri	55.716	11.319	225.974
Lykilstjórnendur ¹¹	249.885	33.301	33.660

Með fjölda hluta í Ölgerðinni í eigu ofangreindra aðila eru taldir eignarhlutir maka, ófjárráða barna og fjárráða einstaklinga með sama lögheimili, ásamt eignarhlutum í eigu félaga sem stjórnendurnir ráða.

6.5 Endurskoðendur

Starfsár og reikningsár félagsins er frá 1.mars til loka febrúar ár hvert. Stjórn skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðanda eigi síður en hálfum mánuði fyrir aðalfund. Í 19.gr samþykktu félagsins er kveðið á um að á aðalfundi skuli kjósa löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki. Endurskoðandi skal endurskoða reikninga félagsins fyrir hvert starfsár. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hóp stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

Endurskoðandi Útgefanda er PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík („PWC“). Kristinn Kristinsson, löggiltur endurskoðandi, annaðist endurskoðun reikninga Útgefanda og áritaði hann ársreikninga félagsins fyrir fjárhagsárin 2019, 2020 og 2021. Kristinn er meðlimur í félagi löggiltra endurskoðenda. Engir hlutir í Útgefanda eða tengdar afleiður eru í eigu PWC eða fulltrúa þeirra sem annast endurskoðun Útgefanda.

PWC hefur ekki sagt starfi sínu lausu eða verið leyst frá störfum á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til í Lýsingunni.

6.6 Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar eru þeir sem eiga 20% eða meira í félaginu, hlutdeildarfélag, dótturfélag, stjórnarmenn og nánir fjölskyldumeðlimir, framkvæmdastjóri, forstjóri ásamt eiginkonum / eiginmönnum þeirra og fjárhagslega tengdum aðilum.

Viðskipti milli Ölgerðarinnar og dótturfélaga, sem eru skilgreind sem tengdir aðilar, eru hefðbundinn hluti af rekstri félagsins og hafa verið færð út í samstæðureikningsskilum og því ekki tekið tillit til slíkra viðskipta þegar horft er til viðskipta við tengda aðila.

¹⁰ Fyrir stjórnarsetu er greitt til Íslandssjóða hf. skv. reikningi. Hlutafjäreign miðast við eignarhlut Akurs ÖES ehf.

¹¹ Um er að ræða 6 stjórnendur hjá móðurfélagi Ölgerðarinnar auk framkvæmdastjóra Danól ehf. Einn af lykilstjórnendum Ölgerðarinnar og framkvæmdastjóri Danól ehf. létu af störfum 1. mars 2022 og er kostnaður vegna starfslokanna inn í þessum fjárhæðum.

Eftirfarandi viðskipti við tengda aðila áttu sér stað á fjárhagsárunum 2019 til 20. apríl 2022.

Viðskipti við tengda aðila

Allar upphæðir eru í þúsundum króna	01.03.2022 - 30.04.2022 <i>IFRS</i> ¹²	2021 <i>IFRS</i>	2020 <i>Lög um ársreikninga</i>	2019 <i>Lög um ársreikninga</i>
Rekstrartekjur.....	44.433	291.460	155.555	143.508
Keyptar vörur og þjónusta.....	7.012	14.065	7.406	16.946
Viðskiptakröfur í lok tímabils	68.899	70.076	59.731	257.792
Viðskiptaskuldir í lok tímabils	6.309	1.377	5.497	478
Samtals	126.653	376.978	228.189	418.724

Liðurinn rekstrartekjur vegna þjónustusamnings sýnir viðskipti sem Ölgerðin á í við hlutdeildarfélagið Iceland Spring, en Ölgerðin sinni átöppun og fær greitt fyrir þá þjónustu skv. þjónustusamningi milli félaganna. Þá áttu sér stað á tímabilinu viðskipti við félag í eigu stjórnarmanns Ölgerðarinnar, þar sem Ölgerðin leigði af félaginu húsnæði sem greitt er fyrir skv. leigusamningi.

6.7 Yfirlýsingar og hagsmunaaðrekstrar

Meðal stórra hluthafa í Ölgerðinni eru forstjóri félagsins, Andri Þór Guðmundsson, og formaður stjórnar, Októ Einarsson, í gegnum eignarhaldsfélagið OA eignarhaldsfélag hf., sem átti 16,1% hlutafjár á dagsetningu þessarar Lýsingar og er á meðal Seljenda í fyrirhuguðu hlutafjárútböðinu eins og lýst er í Verðbréfalýsingu dags. 17. maí 2022. OA eignarhaldsfélag hf. er 50% í eigu Októs og 50% í eigu Andra. Þá fól stjórn Ölgerðarinnar Októ að sinna ýmsum verkefnum fyrir félagið í umboði stjórnar til viðbótar við stjórnarformennsku, og hefur Ölgerðin greitt honum sérstaka þóknun fyrir þau. Frá og með 28. febrúar 2022 hefur Októ Einarsson þó einungis sinnt stjórnarstörfum og þeim verkefnum sem teljast til starfs hans sem stjórnarformanns. Þá leigir Ölgerðin geymsluhúsnæði að Skútahrauni í Hafnarfirði af félaginu Nýjabæ ehf. sem er í eigu Októ sem greitt er fyrir skv. leigusamningi og nánar er fjallað um í kafla 6.6 Viðskipti við tengda aðila.

Sjö stjórnendur í framkvæmdastjórn félagsins, aðrir en forstjóri, eiga á dagsetningu Útgefandalýsingar þessarar samtals 33.659.882 hluti í Ölgerðinni, sem keyptir voru í tengslum við hvatakerfi sem sett var á fót af Ölgerðinni. Samkvæmt skilmálum hvatakerfisins lánaði Ölgerðin stjórnendum 2/3 kaupverðsins með vaxtagreiðslulánum með einni greiðslu höfuðstóls á gjalddaga, þann 27. apríl 2023 en lántaka er heimilt að einhliða framlengja láni sínu til 27. apríl 2024. Einnig eiga tveir fyrrum lykilstarfsmenn 7.144.954 hlutabréf í Ölgerðinni gegn samskonar lánveitingum. Í aðdraganda fyrirhugaðs hlutafjárútböðs í Ölgerðinni bauðst fyrrgreindum stjórnendum að selja Ölgerðinni hluti sína að hluta eða í heild á fyrirhuguðu útböðsgengi gegn því að lán þeirra yrðu greidd upp, með það að leiðarljósi að æðstu stjórnendur félagsins væru ekki lántakar félagsins að skráningu lokinni. Fjórir stjórnendur félagsins seldu við þetta tilefni hluta bréfa sinna og greiddu upp lán, en þrír kusu að gera upp lán sín síðar. Tekið skal fram að æðstu

¹² Tölur fyrir fjárhagsárið 2022 eru fengnar úr fjárhagsbókhalda Útgefanda og eru ekki endurskoðaðar.

stjórnendur félagsins (forstjóri, aðstoðarforstjóri og fjármálastjóri) eru ekki í hópi þeirra stjórnenda sem skulda félaginu lán vegna framangreindra hlutabréfakaupa. Heildarlánsupphæð vegna hlutabréfanna á dagsetningu Útgefandalýsingar þessarar eru um 85 m.kr., þar af um 21 m.kr. vegna lána til fyrrum starfsmanna.

Útgefanda er ekki kunnugt um aðra hugsanlega hagsmunaárekstra milli skyldustarfa stjórnar og framkvæmdastjórnar og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra, né aðra hagsmuni sem skipta máli fyrir fyrirhugað útboð á hlutfé í Ölgerðinni.

Stjórnarmenn og framangreindir aðilar í framkvæmdastjórn hafa á síðastliðnum fimm árum ekki verið sakfelldir vegna svikamála og ekki verið dæmdir vanhæfir til að starfa sem aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn Útgefanda eða til að stjórna eða stýra verkefnum hjá útgefanda, né heldur sætt opinberri ákæru eða viðurlögum lögboðinna yfirvalda eða eftirlitsaðila á tímabilinu. Þeir hafa ekki verið framkvæmdastjórar, stjórnendur eða umsjónarmenn fyrirtækja sem hafa orðið gjaldþrota eða farið í skipta- eða slitameðferð á síðastliðnum fimm árum, að undanskilinni umfjölluninni hér að neðan:

Félögunum Fast1 slhf. og Horn II slhf. var slitið sbr. tilgang og líftíma félaganna enda höfðu félögin selt allar eignir sínar, en Jóhannes Hauksson var stjórnarmaður í Fast1 slhf. og Hermann Már Þórisson var framkvæmdastjóri Horns II slhf. Auk þess situr hann og Krístrún Auður í stjórn ferðaþjónustufélagsins Allrahanda ehf., sem er ein af fjárfestingum Akurs fjárfestingar slhf., en það félag hefur fengið heimild til greiðslustöðvunar með það að markmiði að koma á nauðasamningi.

Engin fjölskyldutengsl eru á milli stjórnarmanna, framkvæmdastjórnar og/eða lykilstjórnenda Útgefanda.

6.8 Kaupréttir

Í samræmi við starfskjarastefnu Ölgerðarinnar, sem sett er skv. 79. gr. a. laga nr. 2/1995, um hlutfélög, er stjórn veitt heimilt til þess að gera kaupréttarsamning við einstaka stjórnendur félagsins og dótturfélaga um kaup á hlutfé í Ölgerðinni, allt að samtals 140.000.000 kr. að nafnverði, svo fremi sem hluthafafundur félagsins hafi veitt stjórn heimild til að gefa út nýtt hlutfé til að uppfylla skyldur sem félagið kann að takast á hendur með gerð slíkra kaupréttarsamninga.

Skulu kaupréttarsamningarnir fela í sér að veittur kaupréttur ávinnist og verði innleysanlegur í áföngum. Skal kaupréttarhafa almennt ekki heimilt að neyta kaupréttar að hlutum fyrr en að loknum þriggja ára biðtíma frá því kaupréttur var veittur. Skilmálar kaupréttarsamninga við einstaka starfsmenn skulu að öðru leyti ákvarðaðir af stjórn, innan þeirra marka sem fram koma í samþykktum félagsins. Skal félaginu heimilt að fjármagna að hluta til eða í heild kaup æðstu stjórnenda félagsins á hlutum í félaginu, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar og á grundvelli skilmála sem stjórn samþykkir, skv. 8. gr. í samþykktum félagsins.

Stjórnarmenn skulu ekki njóta hlutabréfa, kaupréttar eða annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu.

Kaupréttir hafa verið gefnir út fyrir 106.875.000 kr. að nafnverði til 19 starfsmanna. Tveir hafa látið af störfum og falla kaupréttir þeirra því niður. Útistandandi kaupréttir í mars 2022 eru 91.875.000 kr. að nafnverði til 17 starfsmanna, 10 karlar og 7 konur. Innlausnarverð úthlutaðra kaupréttanna er 4,75 sem hækkar um 8,0% á ári. Ávinnslutími er til 19. maí 2024 og hefst nýtingartímabil þegar ávinnslutímanum lýkur. Árið 2024 verða 40% af þeim innleysanlegir, 30% í maí 2025 og 30% í maí árið 2026. Heildarkostnaður félagsins vegna kaupréttarsamninga er áætlaður um 48 m.kr. byggt á reiknilíkani Black-Scholes.

6.8.1 Hlutir til starfsmanna

Þá hefur félagið tekið ákvörðun um að gefa öllum starfsmönnum Ölgerðarinnar hluti í félaginu, m.a. í tilefni af skráningu félagsins á markað. Magn hluta fer eftir starfsaldri og starfshlutfalli en hámarksupphæðin verður 500.000 kr. að markaðsvirði, m.v. gengið 8,9 sem er lágmarksgengi í Útboðinu. Áætlað er að uppgjör viðskiptanna eigi sér stað stuttu eftir töku bréfanna til viðskipta og er um að ræða úthlutun á eigin hlutum félagsins auk hluta sem keyptir verða af Ölgerðinni í Útboðinu til þess að uppfylla fyrrgreinda skuldbindingu. Þá hafa þeir starfsmenn sem móttaka hlutina staðfest að þeir muni undirgangast að eiga ekki viðskipti með fyrrgreinda hluti í þrjá mánuði frá töku bréfanna til viðskipta.

7 Fjárhagsyfirlit

Hér á eftir er umfjöllun um þróun rekstrar, efnahags og sjóðstreymis samstæðu Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárin 2019, 2020 og 2021. Ársreikningur samstæðu Ölgerðarinnar samanstendur af ársreikningi Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. og dótturfélaga Ölgerðarinnar, Danól ehf. og G7-11 fasteignafélag ehf. Umfjöllunin byggir á endurskoðuðum ársreikningum samstæðunnar sem felldir hafa verið inn í Lýsinguna með tilvísun, sbr. kafli 3.3. Upplýsingar í Útgefandalýsingu þessari byggja m.a. á gögnum sem Útgefandi hefur aflað sér frá þriðja aðila. Útgefandi staðfestir að þær upplýsingar sem fengnar eru frá þriðja aðila hafi verið endurgerðar með réttum hætti, að því marki sem honum er kunnugt um og honum er unnt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum, sem gerir upplýsingar ónákvæmar eða villandi, hafi verið sleppt. Heimilda frá þriðja aðila getið þar sem á við.

. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér ársreikninga samstæðunnar, þ.m.t. skýrslur endurskoðenda, skýrslu stjórnar og allar skýringar.

Samstæðureikningar fyrir fjárhagsárin 2019 og 2020 eru gerðir í samræmi við lög nr. 3/2006, um ársreikninga, og settar reikningsskilareglur. Samstæðureikningur fyrir árið 2021 er sá fyrsti sem félagið gerði í samræmi við alþjóðlega reikningsskila staðla (IFRS), eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskila staðla og hafa lagagildi á Íslandi skv. lögum nr. 3/2006, um ársreikninga. Til samræmis við það hefur félagið útbúið ársreikninga sem eru í samræmi við IFRS sem gilda fyrir fjárhagsárið 2021 ásamt samanburðartölum fyrir fjárhagsárið 2020.

Ölgerðinni er ekki kunnugt um stjórnvalds-, dóms- eða gerðardómsmál sem kunna að hafa eða hafa nýlega haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi Ölgerðarinnar og/eða samstæðunnar utan þeirra sem nefnd eru í kafla *1.1.6 Málaferli og ágreiningsmál*

7.1 Breytingar frá lokum síðasta fjárhagsárs

Fjárhagsárinu 2021 lauk þann 28.2.2022. Engar mikilvægar breytingar hafa orðið á fjárhagsstöðu né fjárhagslegri afkomu samstæðunnar frá lokum fjárhagsársins.

Í upphafi yfirstandandi fjárhagsárs, 2022, hóf Ölgerðin framleiðslu í nýbyggðum framleiðslusal félagsins sem fjallað hefur verið um í Útgefandalýsingu þessari. Eins og fram hefur komið eykur nýr salur framleiðslugetu Ölgerðarinnar og veitir möguleikann á að aðeins sé starfað á tveim vöktum við framleiðslu utan álagstíma, sem eykur hagkvæmni og framleiðni. Slíkt hagræði hefur þó ekki haft veruleg áhrif á rekstur samstæðunnar frá lokum síðasta fjárhagsárs.

7.2 Fjárhagsdagatal

Eftirfarandi fjárhagsdagatal sýnir áætlaða birtingu fjárhagsupplýsinga fyrir fjárhagsárið 2022 auk næsta aðalfundar Ölgerðarinnar. Ef breyting verður á áætluðum birtingardegi skv.

fjárhagsdagatali mun Útgefandinn tilkynna nýjan birtingardag á vefsvæði sínu eins fljótt og því verður við komið.

Efni	Dags.
Aðalfundur 2022	19. maí.2022
Birting árshlutareiknings fyrstu 3 mánaða fjárhagsársins 2022 (Tímabilið 1.mars - 31. maí)	30. júní 2022
Birting árshlutareiknings fyrstu 6 mánaða fjárhagsársins 2022 (Tímabilið 1. mars – 31. ágúst)	11. október 2022
Birting árshlutareiknings fyrstu 9 mánaða fjárhagsársins 2022 (Tímabilið 1. mars – 30. nóvember)	12. janúar 2023
Birting ársreiknings fjárhagsársins 2022 sem lýkur 28. febrúar 2023 (Tímabilið 1. mars – 28. febrúar)	18. apríl. 2023

7.3 Rekstrarreikningur samstæðu Ölgerðarinnar

Hér á eftir fer umfjöllun um rekstrarreikning samstæðu Ölgerðarinnar fyrir árin 2019, 2020 og 2021 en neðangreind tafla sýnir rekstrarreikninga þeirra ára. Vakin er sérstök athygli á því að ársreikningurinn fyrir fjárhagsárið 2021 er sá fyrsti sem félagið hefur samið í samræmi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana IFRS. Fyrri ársreikningar voru gerðir skv. íslensku ársreikningalögunum nr. 3/2006. Til samræmis hefur félagið útbúið ársreikninga sem eru í samræmi við IFRS sem gilda fyrir fjárhagsárið 2021 ásamt samanburðartölum fyrir fjárhagsárið 2020.

Meðfylgjandi tafla sýnir rekstrarafkomu samstæðu Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárin 2019, 2020 og 2021.

Rekstrarreikningur samstæðu Ölgerðarinnar

<i>Allar upphæðir eru í þúsundum króna</i>	2021	2020	2020	2019
	<i>IFRS</i>	<i>IFRS</i>	<i>Lög um ársreikninga</i>	<i>Lög um ársreikninga</i>
Rekstrartekjur				
Vörusala.....	31.840.535	26.154.365	26.154.365	25.944.376
Áfengis- og skilagjald.....	-8.895.079	-7.517.142	-7.517.142	-7.467.857
Vörusala nettó.....	22.945.456	18.637.223	18.637.223	18.476.519
Aðrar rekstrartekjur.....	45.895	50.799	50.799	33.674

	22.991.352	18.688.022	18.688.022	18.510.193
Rekstrargjöld				
Framleiðslukostnaður.....	13.344.776	11.218.352	11.218.352	10.776.363
Annar rekstrarkostnaður.....	6.367.516	5.177.383	5.203.454	5.637.513
	19.712.292	16.395.735	16.421.805	16.413.876
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir	3.279.059	2.292.287	2.266.217	2.096.317
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna..	-802.700	-767.176	-748.003	-769.929
Afskrift óefnislegra eigna.....	-17.736	0	0	0
Rekstrarhagnaður	2.458.623	1.525.111	1.518.213	1.326.388
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)...	-406.761	-523.696	-513.741	-838.851
Hagnaður vegna sölu á dótturfélagi.....		0	0	159.403
Áhrif hlutdeildarfélaga.....		0	-47.386	109.883
		-523.696	-561.128	-569.564
Áhrif hlutdeildarfélaga.....	23.637	-47.386	0	0
Hagnaður fyrir tekjuskatt	2.075.500	954.029	957.085	756.824
Tekjuskattur.....	371.568	-228.277	-228.277	-178.855
Hagnaður eftir skatta	1.703.932	725.752	728.810	577.968

7.3.1 Þróun og afkoma af rekstri fjárhagsárin 2021, 2020, 2019

Tekjur samstæðu Ölgerðarinnar á fjárhagsárunum 2019 og 2020 voru nánast þær sömu bæði árin. Uppruni teknanna var mjög mismunandi þar sem nánast allt fjárhagsárið 2020 litaðist af Covid-19 faraldrinum. Á því ári byggðust tekurnar í meira mæli á innlendum aðilum og minna af ferðamönnum. Tekjuvöxturinn fjárhagsárið 2021 kemur að stórum hluta til vegna aukningar á erlendum ferðamönnum til Íslands og áframhaldandi eftirspurn frá innlendum aðilum. Vöruþróun undanfarna ára og ytri vöxtur hjá Danól hafa einnig áhrif til hækkunar tekna.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) hefur aukist undanfarin þrjú ár. Fjárhagsárið 2019 voru gerðar umtalsverðar breytingar á skipulagi og skipuriti starfseminnar sem leiddi til aukinnar skilvirkni og endurskipulagningar á ferlum. Sú hagræðing skilaði sér strax á fjárhagsárinu 2020 og enn betur á fjárhagsárið 2021. Leggjast því saman góður tekjuvöxtur og hagkvæmari rekstur sem kemur fram í mjög hækkandi EBITDA á milli ára.

Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið nokkuð óbreytt síðustu ár og nokkuð í línu við fjárfestingar í samstæðunni. Stóra fjárfestingin í húsnæði og framleiðslutækjum á fjárhagsárinu 2021 verður ekki afskrifuð fyrr en hún er tekin í notkun sem er á fjárhagsárinu 2022. Óefnislegar

eignir eru viðskiptasambönd og vörumerki Ölgerðarinnar og Danól. Félagið framkvæmir virðisrýrnunarpróf á þeim árlega. Komi fram virðisrýrnun er hún færð til gjalda. Síðustu þrjú ár hefur virðisrýrnun verið gjaldfærð í eitt sinn, en fjárhagsárið 2021 voru 17,7 m.kr. gjaldfærar vegna vörumerkja í flokki hreinlætisvara, en fyrir þann tíma voru viðskiptasambönd færð niður línulega.

Fjármagnsliðirnir hafa breyst mikið á milli ára. Munar þar mest um að allar skuldir samstæðunnar voru á óverðtryggðum breytilegum vöxtum í upphafi Covid-19. Þannig nutu félögin góðs af hratt lækkandi vöxtum án þess að lánin hækkuðu með aukinni verðbólgu. Á fjárhagsárinu 2019 bætti Ölgerðin við sig hlut í Endurvinnslunni og á því ári varð það félag hlutdeildarfélag í reikningsskilunum. Það hafði jákvæð áhrif í reksturinn þar sem eigið fé Endurvinnslunnar er mjög sterkt. Reksturinn á Endurvinnslunni og Iceland Spring gekk ekki vel árið eftir, þ.e. fjárhagsárið 2020, sem skýrir neikvæð áhrif hlutdeildarféлага. Á síðasta ári snerist það við og áhrif hlutdeildarféлага urðu jákvæð aftur. Á fjárhagsárinu 2020 eignaðist Ölgerðin stærri hlut í Iceland Spring í tengslum við umbreytingu skulda í hlutafé. Ölgerðin eignaðist 40% hlut en færði aðeins 30% hlut á fjárhagsárinu 2020 vegna útistandandi breytanlegra bréfa sem og óvissu um rekstur félagsins. Sú óvissa hefur minnkað verulega.

7.3.2 Skipting tekna eftir starfsþáttum

Fjárhagsárið 2021				
	Egils - áfengt	Egils - óáfengt	Danól	Samtals
Rekstrartekjur samtals.....	15.114.510	9.290.191	7.481.729	31.886.430
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA).....	971.076	1.844.868	463.115	3.279.059
Rekstrarhagnaður (-tap).....	447.542	1.588.086	422.995	2.458.623
Fjármunatekjur, (fjármagnsgjöld) og áhrif hlutdeildarféлага.....				- 383.123
Tekjuskattur.....				- 371.568
Hagnaður tímabilsins				1.703.932

7.4 Efnahagur samstæðu Ölgerðarinnar

Hér á eftir fer umfjöllun um efnahagsreikning samstæðu Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárin 2019, 2020 og 2021 en neðangreind tafla sýnir efnahagsreikning þeirra ára. Vakin er sérstök athygli á því að ársreikningurinn fyrir fjárhagsárið 2021 er sá fyrsti sem félagið hefur samið í samræmi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana IFRS. Fyrri ársreikningar voru gerðir skv. íslensku ársreikningalögunum nr. 3/2006. Til samræmis hefur félagið útbúið ársreikninga sem eru í samræmi við IFRS sem gilda fyrir fjárhagsárið 2021 ásamt samanburðartölum fyrir fjárhagsárið 2020.

Meðfylgjandi tafla sýnir efnahagsreikning samstæðu Ölgerðarinnar 29. febrúar 2020, 28. febrúar 2021 og 28. febrúar 2022.

Efnahagsreikningur samstæðu Ölgerðarinnar

Allar upphæðir eru í þúsundum króna

28.2.2022

28.2.2021

28.2.2021

29.2.2020

	<i>IFRS</i>	<i>IFRS</i>	<i>Lög um ársreikninga</i>	<i>Lög um ársreikninga</i>
Eignir				
Fastafjármunir				
Óefnislegar eignir.....	7.340.838	6.848.574	6.848.574	6.848.574
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	9.523.128	8.148.998	8.148.998	8.247.670
Húsaleiguréttindi.....	153.629	161.691	711.113	516.164
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum.....	737.138	711.113	0	0
Kröfur á hlutdeildarfélag.....	69.020	64.943	64.943	257.830
Skuldabréf og áhættufjármunir.....	417.142	312.025	312.025	335.515
Tekjuskattsinneign.....	0	0	0	35.928
Fastafjármunir samtals	18.240.895	16.247.344	16.085.653	16.241.680
Veltufjármunir				
Birgðir.....	2.364.878	1.729.378	1.729.378	1.753.095
Viðskiptakröfur.....	2.256.868	1.831.501	1.831.501	1.917.851
Aðrar skammtímakröfur.....	32.217	139.214	139.214	69.615
Handbært fé.....	658.974	690.751	690.751	180.134
Veltufjármunir samtals	5.312.937	4.390.843	4.390.843	3.920.696
Eignir samtals	23.553.832	20.638.187	20.476.496	20.162.376
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé				
Hlutfé.....	2.806.965	2.806.965	2.806.965	2.796.962
Yfirverðsreikningur.....	1.105.058	1.105.058	1.105.058	1.085.052
Sérstakt endurmat.....	321.888	321.888	321.888	321.888
Aðrir liðir.....	1.389.818	780.060	780.060	529.221
Óráðstafað eigið fé	2.026.238	920.528	1.152.566	674.607
Eigið fé samtals	7.649.967	5.934.499	6.166.537	5.407.731
Skuldir				
Langtímaskuldir og skuldbindingar:				
Vaxtaberandi skuldir.....	8.202.865	8.586.249	8.586.249	9.015.206
Húsaleiguskuldbinding.....	143.039	166.717	0	0
Tekjuskattsskuldbinding.....	1.942.412	1.815.110	1.815.110	1.775.426
	10.288.316	10.568.076	10.401.359	10.790.632
Skammtímaskuldir:				
Viðskiptaskuldir.....	2.306.859	1.862.918	1.635.906	1.478.243
Skuldir við lánastofnanir.....	207.523	0	0	55.170
Næsta árs afborgun af langtímalánum.....	471.186	451.465	451.465	1.004.133
Tekjuskattur til greiðslu.....	236.034	144.431	144.431	130.599
Aðrar skammtímaskuldir.....	2.393.946	1.676.798	1.676.798	1.295.869

Skammtímaskuldir samtals	5.615.549	4.135.612	3.908.600	3.964.014
Skuldir samtals	15.903.865	14.703.688	14.309.959	14.754.645
Eigið fé og skuldir samtals	23.553.832	20.638.187	20.476.497	20.162.376

7.4.1 Eignir, 29. febrúar 2020, 28. febrúar 2021 og 28. febrúar 2022

Eignir samstæðu Ölgerðarinnar námu rúmlega 23 milljörðum króna þann 28.2.2022 og hafa verið á því bili síðustu ár. Stærsti einstaki liðurinn eru varanlegir rekstrarfjármunir þar sem fasteignir og framleiðslutæki vega þyngst en Ölgerðin er eigandi höfuðstöðva sinna að Grjóthálsi 7-11. Varanlegir rekstrarfjármunir námu rúmum 8 milljörðum við lok fjárhagsáranna 2019 og 2020 en námu um 9,5 milljörðum við lok fjárhagsársins 2021. Munar þar mest um kaup á framleiðslutækjum og stækkun fasteignar félagsins sem hýsir nú nýjan framleiðslusal. Annar stór liður innan varanlegra rekstrarfjármuna eru vélar áhöld og tæki, en sá liður á bæði við um framleiðslutæki í höfuðstöðvum félagsins sem og tæki á markaði líkt og bjórdælur og kælar. Vélar, áhöld og tæki námu um 2,7 milljörðum undir lok fjárhagsáranna 2019 og 2020 en jukust um tæplega 850 milljónir króna við lok fjárhagsársins 2021 að mestu vegna fjárfestingar í nýjum framleiðslubúnaði sem settur var upp í nýbyggðum framleiðslusal félagsins.

Óefnislegar eignir eru annar stór eignaliður en þar eru vörumerki Ölgerðarinnar lang stærsta eignin (um 90%) ásamt birgjasamböndum (um 10%). Óefnislegar eignir stóðu í stað fjárhagsárin 2019 og 2020 en jukust um rúmlega 500 milljónir króna úr 6,8 milljörðum við lok fjárhagsársins 2020 í 7,3 milljarða við lok fjárhagsársins 2021, að stærstu leyti vegna kaupa á viðskiptasamböndum frá Ásbirni Ólafssyni hf.

Birgðir og viðskiptakröfur eru stærsti hluti af veltufjármunum félagsins og hefur staða þeirra breyst lítið síðustu ár þrátt fyrir ýmis vandamál tengd flutningum og framleiðslu í Evrópu og víðar. Birgðir námu um 1,7 milljörðum króna við lok fjárhagsáranna 2019 og 2020 en námu tæpum 2,4 milljörðum við lok fjárhagsársins 2021. Viðskiptakröfur að sama skapi námu um 1,9 milljörðum við lok fjárhagsársins 2019, 1,8 milljörðum við lok fjárhagsársins 2020 og um 2,3 milljörðum við lok fjárhagsársins 2021. Aukningu í báðum liðum má rekja til aukinnar veltu.

7.4.2 Skuldir, 29. febrúar 2020, 28. febrúar 2021 og 28. febrúar 2022

Skuldir samstæðu Ölgerðarinnar samanstanda af langtíma- og skammtímaskuldum. Meðal skammtímaskulda vega þyngst viðskiptaskuldir sem koma til vegna innkaupa, bæði á vöru til endursölu og hráefna í framleiðsluvörurnar. Viðskiptaskuldir, eðli sínu samkvæmt, hreyfast nokkuð í takt við birgðastöðu á meðan aðrar skammtímaskuldir sveiflast meira og getur staða þeirra við lok hvers fjárhagsárs t.d. ráðist af því hvernig gjalddagar launa og annara gjalda falla um mánaðamót. Viðskiptaskuldir námu tæpum 1,5 milljörðum við lok fjárhagsársins 2019, 1,8 við lok fjárhagsársins 2020 og 2,3 milljörðum við lok fjárhagsársins 2021 sem rekja má að mestu til ógreidds kaupverðs á viðskiptasamböndum frá Ásbirni Ólafssyni, ógreiddrar skuldar Danól við Skattinn og aukinnar veltu. Aðrar skammtímaskuldir námu 2,4 milljörðum við lok fjárhagsársins 2021, samanborið við 1,7 milljarða fjárhagsárið 2020.

Langtímaskuldir félagsins samanstanda af vaxtaberandi skuldum Ölgerðarinnar, G7-11 og Danól. Öll lán félaganna eru tekin hjá sama viðskiptabanka og eru tryggð með veði í fasteignum, birgðum, tækjum, vörumerkjum o.s.frv. með einum eða öðrum hætti. Lánessamningarnir eru með mismunandi gjalddaga og hafa ákvæði um uppgreiðslugjald sem viðskiptabankinn getur krafist ef lánin eru greidd upp fyrir gjalddaga.

Í tilfalli Ölgerðarinnar er um að ræða tvo lánessamninga á REIBOR grunni, til fjármögnunar á framleiðslutækjum og rekstri. Lokagjalddagi lánanna er 20. júlí 2024 og eru þau án uppgreiðslugjalds eftir 20. janúar 2023. Horft er til að endurfjármagna þessar skuldir með útgáfu skráðra markaðsskuldabréfa. Ölgerðin hefur einnig bíla- og tækjafjármögnun, allir samningar eru á óverðtryggðum breytilegum vöxtum.

Ölgerðin hefur gert vaxtaskiptasamning þar sem núverandi skuld á óverðtryggðum breytilegum vöxtum er skipt yfir í USD fjármögnun á föstum vöxtum. Fjárhæðin endurspeglar hlutdeild Ölgerðarinnar í eigin fé Iceland Spring sem er í USD.

Í tilfalli Danól er um að ræða bíla- og tækjafjármögnun í formi kaupleigu með hefðbundnum kaupleigusamnings skilmálum. Allir samningar eru á óverðtryggðum breytilegum vöxtum.

Í tilfalli G7-11 er um að ræða fjármögnun á fasteignum félagsins. Tveir lánessamningar til á óverðtryggðum breytilegum vöxtum. Lokagjalddagar 2036 og 2042

Þá hafa Ölgerðin og G7-11 samið um lánsloforð frá viðskiptabankanum fyrir 2,5 milljarða króna til þess að fjármagna framkvæmdir við byggingu og kaup á nýjum framleiðslutækjum. Þann 28.02.2022 var búið að draga 200 milljónir króna á línuna. Áætlanir gera ráð fyrir að nýta einungis á bilinu 500-1000 milljónir af línunni.

Langtímaskuldir námu 9 milljörðum við lok fjárhagsársins 2019, 8,6 milljörðum við lok fjárhagsársins 2020 og 8,2 milljörðum við lok fjárhagsársins 2021.

7.4.3 Eigið fé, 29. febrúar 2020, 28. febrúar 2021 og 28. febrúar 2022

Eigið fé Ölgerðarinnar hefur aukist stöðugt samhliða heilbrigðum rekstri og var það um 5,4 milljarðar við lok fjárhagsársins 2019, um 6,2 milljarðar við lok fjárhagsársins 2020 og 7,6 milljarðar við lok fjárhagsársins 2021. Eiginfjárhlutfall félagsins hefur að sama skapi hækkað úr 26,8% við lok fjárhagsársins 2019, í 30,1% við lok fjárhagsársins 2020 og 32,5% við lok fjárhagsársins 2021.

7.4.4 Fjárfestingar

Ölgerðin er framleiðslufyrirtæki og krefst starfsemin árlegra fjárfestinga t.d. í framleiðslutækjum, breytingum á húsnæði, tækjum á markað (bjórdælur, kælar o.s.frv.), endurnýjun bílaflotans og upplýsingatækni. Á fjárhagsárinu 2021 fjárfesti samstæða Ölgerðarinnar fyrir 2.665 milljónir króna. Annarsvegar námu reglubundnar fjárfestingar um 532 milljónum króna og hinsvegar var

fjárfest í stóru verkefni fyrir um 1.623 milljónir króna. Verkefnið sem um ræðir er viðbygging við höfuðstöðvar félagsins ásamt nýrri fullkominni framleiðslulínu fyrir dósaframleiðslu sem margfaldar framleiðslugetu Ölgerðarinnar auk viðbóta og uppfærslna á núverandi framleiðslusal fyrir gler og dósir. Sú fjárfesting mun skv. áætlunum falla til á tímabilinu 2020-2022 og mun nema í heildina um 2.500 milljónum króna.

Danól keypti í maí árið 2021 öll viðskiptasambönd sem snúa að mat- og bílavörum af Ásbirni Ólafssyni. Á meðal þeirra birgja sem Danól tekur yfir eru Orkla og Cloetta ásamt bílavörubirgjanum Sonax. Kaupverðið skiptist í fasta greiðslu auk árangursgreiðslu sem byggir á sölu fyrstu 12 mánaða frá kaupum. Danól metur að heildarkaupverðið munu nema um 510 milljónir króna, en af þeirri upphæð voru 125 milljónir króna greiddar þann 1.9.2021 og 125 milljónir þann 1.3.2022. Mun lokagreiðsla einnig falla til á fjárhagsárinu 2022. Kaupin eru fjármögnuð með fé úr rekstri samstæðu Ölgerðarinnar.

Reglubundnar fjárfestingarnar og meirihluti fjárfestingar í nýjum framleiðslusal eru fjármagnaðar úr rekstri en að einhverju leyti með lántöku frá viðskiptabanka félagsins sem skilyrði liggja fyrir um. Eftirfarandi tafla sýnir fjárfestingar Ölgerðarinnar síðastliðin fjárhagsár:

Fjárfestingar í m. kr.	2019	2020	2021	Á2022¹³
Reglubundnar fjárfestingar	833	533	532	920
Nýr framleiðslusalur		117	1.623	760
Ásbjörn Ólafsson			510	0
Samtals	833	650	2.665	1.680

7.5 Sjóðstreymi samstæðunnar fjárhagsárin 2019, 2020 og 2021

Hér á eftir fer umfjöllun um sjóðstreymi samstæðu Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárin 2019, 2020 og 2021. Vakin er sérstök athygli á því að öll umfjöllun hér að ársreikningurinn fyrir fjárhagsárið 2021 er sá fyrsti sem félagið hefur samið í samræmi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana IFRS. Fyrri ársreikningar voru gerðir skv. íslensku ársreikningalögunum nr. 3/2006. Til samræmis hefur félagið útbúið ársreikninga sem eru í samræmi við IFRS sem gilda fyrir fjárhagsárið 2021 ásamt samanburðartölum fyrir fjárhagsárið 2020.

Eftirfarandi tafla sýnir sjóðstreymisyfirlit samstæðu Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárin 2019, 2020 og 2021.

Sjóðstreymi samstæðu Ölgerðarinnar

Allar upphæðir eru í þúsundum króna

Rekstrarhreyfingar

Hreint veltufé frá rekstri:

28.2.2022
IFRS

28.2.2021
IFRS

28.2.2021
Lög um
ársreikninga

29.2.2020
Lög um
ársreikninga

¹³ Áætlun fjárhagsársins 2022

Hagnaður tímabilsins.....	1.703.932	725.751	728.810	577.968
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:..				
Kaupréttarsamningar.....	9.149	0		
Afkoma hlutdeildarféлага.....	-23.637	47.386	47.386	-109.883
Tap (hagnaður) af sölu á varanl.rekstrarfjármunum.....	-14.545	-19.220	-19.220	-1.053
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.....	820.436	767.176	748.003	769.929
Breyting tekjuskattsskuldbindingar.....	127.302	75.612	75.612	48.258
	2.622.637	1.596.705	1.580.591	1.285.219
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:				
Birgðir.....	-635.500	23.717	23.717	-219.417
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur.....	-318.368	16.752	16.752	287.736
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:				
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir....	867.692	552.426	552.426	-198.225
	-86.175	592.895	592.895	-129.907
Handbært fé frá rekstri	2.536.462	2.189.601	2.173.486	1.155.312
Fjárfestingahreyfingar				
Seldir (keyptir) varanlegir rekstrarfjármunir....	-2.140.911	-676.784	-676.784	-676.953
Keyptar óefnislegar eignir.....	-125.000			
Selt dótturfélag.....		0	0	183.696
Skuldabréf, breyting.....	-105.117	23.490	23.490	221.955
Tengd félög, breyting.....	-4.077	185.260	185.260	-112.373
Fjárfesting í hlutdeildarfélagi.....	0	-242.335	-242.335	-19.375
Seld eigin bréf.....		30.009		
	-2.375.108	-680.360	-710.369	-403.050
Fjármögnunarhreyfingar				
Skammtímalán, breyting.....	207.523	0	0	-175.387
Ný langtímalán.....	76.921	59.324	59.324	0
Afborganir langtímalána.....	-460.542	-1.041.834	-1.041.834	-557.885
Afborgun húsaleiguskuldbindingar.....	-17.035	-16.115	0	0
Keypt eigin bréf.....			0	-21.443
Seld eigin bréf.....			30.009	0
	-193.133	-998.625	-952.501	-754.715
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	-31.778	510.616	510.617	-2.452
Handbært fé í byrjun tímabils.....	690.751	180.134	180.134	183.436
Handbært fé í lok tímabils	658.974	690.751	690.751	180.134

7.5.1 Þróun sjóðstreymis fjárhagsáranna 2019,2020 og 2021

Sjóðsteymi félagsins fjárhagsárin 2019 og 2020 var með hefðbundnum hætti og hefur styrkst frá fyrri árum. Munar mestum um betri grunn afkomu, sem sést í aukningu á hagnaði, auk betri stýringar á veltufjárliðum, en viðskiptakröfur lækkuðu á milli fjárhagsáranna 2019 og 2020 á meðan viðskiptaskuldir jukust ásamt því að fjárbinding í birgðum minnkar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er með hefðbundnum hætti bæði tímabil, 2019 og 2020 og eru afborganir lána að sama skapi venjubundnar. Á fjárhagsárinu 2021 var ráðist í umtalsverðar fjárfestingar sem voru fjármagnaðar að nánast öllu leyti úr rekstri. Félagið er með ónotuð lánsloforð frá viðskiptabanka félagsins til að full fjármagna fyrirhugaðar fjárfestingar á fjárhagsárinu 2022.

7.6 Framtíðarhorfur fyrir fjárhagsárið 2022

Ölgerðin framkvæmir ítarlega fjárhagsáætlun einu sinni á ári fyrir næsta fjárhagsár. Áætlunin er unnin með þátttöku lykilstjórnenda og starfsfólks. Sú áætlun er uppfærð á fjögurra mánaða fresti. Í tengslum við birtingu ársfjórðungslegra fjárhagsupplýsinga í Kauphöll Íslands mun Ölgerðin uppfæra horfur á þriggja mánaða fresti og munu kynntar horfur hverju sinni ná til næstu 12 mánaða frá lokum síðasta uppgjörstímabils. Gert er ráð fyrir að EBITDA fjárhagsársins 2022 verði á bilinu 3,6-3,9 milljarðar. Sú áætlun er byggð á fyrrgreindu áætlunarferli og byggir á forsendum sem að einhverju leyti eru utan áhrifasviðs þeirra sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn Ölgerðarinnar líkt og efnahagsaðstæðum og þróun í þjóðfélaginu en einnig forsendum sem eru að miklu leyti innan áhrifasviðs stjórnenda líkt og afköst og framlegð vörusölu og ýmiss kostnaður. Áætlunin er að fullu samanburðarhæf við þær sögulegu fjárhagsupplýsingar sem birtar eru í Lýsingunni og er í samræmi við reikningsskilaaðferðir Ölgerðarinnar. Forstjóri og fjármálastjóri framkvæma einnig fimm ára fjárhagsáætlun þar sem forsendur um langtímaþróun á markaði og stefnumótandi markmið hafa meira vægi.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi vexti næstu árin sem byggir á spám um áframhaldandi vöruþróun og þróun markaða. Markmið félagsins er að veltan verði á bilinu 43-46 ma.kr. eftir 5 ár og að EBITDA félagsins verði yfir 10%, í takt við núverandi markmið. Gert er ráð fyrir aukinni afkastagetu og hagkvæmni í rekstri framleiðslusala með tilkomu nýrra véla.

8 Hluthafar og hlutafé

8.1 Hluthafar

Í hlutaskrá Ölgerðarinnar voru 27 skráðir hluthafar á dagsetningu Lýsingarinnar. Sex hluthafar eiga meira en 5% hlutafjár en þeir eru Horn III slhf., Akur fjárfestingar slhf. (Akur ÖES), OA eignarhaldsfélag hf., Sindrandi ehf., Reir ehf. og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. Þá eiga lykilstarfsmenn um 2,4% hlut í félaginu. Hluthafar félagsins, utan lykilstarfsmanna, hafa skuldbundið sig til þess að selja 30% af hlut sínum í Ölgerðinni í almennu Útboði, sem lýst er í Verðbréfalýsingu dags. 17.maí 2022.

Á dagsetningu Útgefandalýsingarinnar er til staðar hluthafasamkomulag milli hluthafa Ölgerðarinnar sem falla mun úr gildi við fyrirhugað Útboð á hlutum í Ölgerðinni. Utan þess sem að framan er greint er Útgefanda ekki kunnugt um neins konar fyrirkomulag sem gæti síðar haft í för með sér breytingar á yfirláðum Útgefanda, þó er vakin athygli á því að stórir hluthafar í Útgefanda eru framtakssjóðir með takmarkaðan líftíma. Markmið framtakssjóða er m.a. að ávaxta fjárfestingu sjóðsfélaga með því að fjárfesta í félögum, taka þátt í að auka virði þeirra og styðja við næstu skref í þroska þeirra. Þá er Útgefanda ekki kunnugt um beint eða óbeint eignarhald eða yfirláð umfram það sem fram kemur hér að ofan.

Tafla 8-1: Tíu stærstu hluthafar Ölgerðarinnar á dagsetningu Lýsingar

Nafn	Fjöldi hluta	Fjöldi hluta, %
Horn III slhf.	705.401.933	25,1%
Akur fjárfestingar slhf.	512.249.024	18,2%
OA eignarhaldsfélag ehf.	451.947.200	16,1%
Sindrandi ehf.	396.567.134	14,1%
Reir ehf.	161.475.976	5,8%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	142.884.506	5,1%
Vátryggingafélag Íslands hf.	69.916.538	2,5%
Landsbréf - Úrvalsbréf	62.284.230	2,2%
ISA ehf.	55.933.230	2%
EGG ehf.	55.933.230	2%
Aðrir smærri hluthafar	192.372.172	6,9%
Samtals	2.806.965.173	100,0%

8.2 Hlutafé

Nafnverð útgefins hlutafjár í félaginu nemur 2.806.965.174 kr. Hlutaféð skiptist í hluti og er hver hlutur að fjárhæð ein króna að nafnverði. Allir útgefni hlutir hafa þegar verið greiddir. Allir hlutir hafa jafnan rétt miðað við fjárhæð og fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé.

Hluthafafundi er heimilt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum, að hækka hlutafé félagsins, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta. Hluthafafundur einn getur ákveðið að lækka hlutafé félagsins og þarf til þess sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þess.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins, samkvæmt 4.gr. samþykktum félagsins, um allt að 280 m.kr. að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta sem hluthafar hafa fallið frá forgangsrétti sínum til áskriftar að. Heimild skv.3 mgr. 4 gr. kveður á um heimild til útgáfu hluta 140 m.kr. að nafnvirði sem skulu nýttir til að efna skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningi við starfsmenn. Heimild skv. 4 mgr. 4 gr. kveður á um heimild til útgáfu hluta 140 m.kr. að nafnvirði sem bjóða má mögulegum fjárfestum til áskriftar samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Heimild þessi gildir til 19. maí árið 2026.

Ölgerðin á ekki eigin hluti á dagsetningu Lýsingarinnar en á aðalfundi félagsins, sem haldinn var 19.maí 2021, var félaginu veitt heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu. Heimildin gildir í fimm ár og takmarkast við að samanlögð kaup fara ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins.

8.3 Réttindi

Allir útgefni hlutir í Ölgerðinni tilheyra sama flokki og eru jafn rétt háir. Réttindi hluthafa í Útgefanda eru háð gildandi löggjöf og samþykktum félagsins á hverjum tíma. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu.

Engar hömlur eru lagðar á rétt hluthafa til sölu á hlutum sínum umfram það sem leiðir af lögum og má því selja og veðsetja hlutina nema annað leiði af lögum. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra.

Hlutabréf fyrir eignarhlutum í Ölgerðinni eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, Reykjavík, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna („lög um verðbréfamiðstöðvar“). Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð veitir skráðum eiganda þess lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að og skal jafngilda skilríkjum um eignarrétt að rafbréfinu gagnvart Útgefanda. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær skráning reikningsstofnunar í kerfi verðbréfamiðstöðvar er framkvæmd. Aðeins reikningsstofnanir og aðrir aðilar sem gert hafa aðildarsamning við Nasdaq verðbréfamiðstöð hafa heimild til milligöngu um eignarskráningu eða aðgang að verðbréfamiðstöðinni, skv. 6. gr. laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar.

Eigandi getur ekki nýtt réttindi sín samkvæmt hlut nema hluturinn hafi verið skráður á hans nafn í hlutaskrá Útgefandans í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar. Eigendur hlutanna eiga rétt á að neyta

atkvæðisréttar á hluthafafundum, fá greiddan arð frá Útgefanda, hafa forkaupsrétt að aukningarhlutum í hlutfalli við hlutfjáreign sína (nema þeir hafi afsalað sér slíkum rétti) og eiga rétt á að fá greitt af eignum Útgefanda við slit eða gjaldþrot þess í samræmi við hlutfjáreign nema lög og samþykktir kveði á um aðra skipan.

8.3.1 Atkvæðisréttur

Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutafé Útgefanda. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt á landslögum eða samþykktum félagsins. Í samræmi við 13. gr. samþykktu félagsins má breyta samþykktum þess. Breytingin þarf að hljóta samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutfjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þess í samræmi við 23. gr. samþykktu félagsins. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

Stjórn félagsins skipa fimm aðalmenn og einn til vara, sem kjörnir eru á aðalfundi til eins árs í senn. Í samræmi við 16. gr. samþykktu félagsins skal við stjórnarkjör tryggja að kynjahlutföll innan stjórnar sé sem jöfnust og skal hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%. Jafnframt skal litið til kyns varamanns, þannig að kynjahlutföllin í stjórn og varastjórn í heild séu sem jöfnust. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið.

8.3.2 Arður

Um arðsúthlutun og tillag í lögbundinn varasjóð fer eftir ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög eins og þau eru á hverjum tíma. Að öðru leyti eru ekki settar neinar skorður við ákvörðun um úthlutun arðs. Ekki er til staðar arðgreiðslustefna við dagsetningu Útgefandalýsingarinnar. Ölgerðin hefur ekki greitt úr á tímabilinu sem fjárhagsupplýsingarnar ná til.

8.4 Þróun hlutfjár

Útgefnir hlutir á dagsetningu Lýsingar þessarar eru alls 2.806.965.174 kr. og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Ekki hefur verið um hlutfjárhækkun né lækkun að ræða síðustu þrjú ár.



Verðbréfalýsing

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

17. maí 2022

Þessi blaðsíða er vísitandi höfð auð

Efnisyfirlit

1	Áhættuþættir	3
1.1	Áhætta vegna hlutabréfa útgefnum af Ölgerðinni	3
1.1.1	Markaðsáhætta	4
1.1.2	Seljanleikaáhætta	4
1.2	Uppbygging á eignarhaldi Ölgerðarinnar	5
1.3	Arðgreiðslur og arðgreiðslustefna	6
1.4	Þynning hlutafjáreignar	6
1.5	Breytingar á lögum	7
1.6	Lagaumhverfi almenns Útboðs og töku til viðskipta	7
2	Skilgreiningar	8
3	Mikilvægar upplýsingar	10
3.1	Tilkynning til fjárfesta	10
3.2	Ráðgjafar og umsjón með töku til viðskipta	12
3.3	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	12
3.4	Gildistími, aðgengi að Lýsingu og skjöl til sýnis	14
3.5	Upplýsingar frá þriðja aðila	14
3.6	Yfirlýsingar ábyrgðaraðila Verðbréfalýsingar fyrir hönd Útgefanda	15
4	Veltufé, fjármögnun og skuldastaða	16
4.1	Yfirlýsing um veltufé	16
4.2	Fjármögnun og skuldastaða	16
5	Almennt Útboð hlutabréfa í Ölgerðinni	17
5.1	Útgefandi og Seljendur hlutafjár	18
5.1.1	Útgefandi	18
5.1.2	Seljendur	19
5.1.3	Umsjónaraðili Útboðs og skráningarráðgjafi	20
5.1.4	Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna tilboðsbóka	20
5.2	Stærð Útboðs, verð og tilboðsbækur	20
5.3	Skráning áskrifta og áskriftartímabil	21
5.3.1	Samsett áskrift	22
5.3.2	Staðfesting á greiðslugetu og/eða tryggingu fyrir greiðslu	23
5.4	Úthlutun og skerðing áskrifta við umframeftirspurn	23

5.4.1	Sértæk úthlutun	24
5.5	Tilkynning um niðurstöður almenns útboðs	25
5.6	Tilkynning um úthlutun, greiðslufyrirmæli og afhending hluta	25
5.6.1	Skylda til að eiga vörslureikning	26
5.7	Áætlaður kostnaður og hreint söluandvirði	26
5.8	Skilyrði fyrir þátttöku	26
6	Hlutabréfin og taka til viðskipta	28
6.1	Taka til viðskipta	28
6.2	Viðskiptavakt	28
6.3	Hlutfé	28
6.4	Ákvæði um hækkun og lækkun hlutfjár	29
6.5	Réttindi tengd hlutabréfum í Ölgerðinni	29
6.6	Arðgreiðslur og kaup á eigin bréfum	29
6.7	Lögbundin yfirtökutilboð og tilboðsskylda	30
6.8	Innlausnarskylda- og réttur	31
6.9	Slit, skipti eða samruni á félaginu	31
6.10	Skattaleg atriði	31
6.10.1	Aðilar með skattskyldu á Íslandi	31
6.10.2	Aðilar með takmarkaða skattskyldu á Íslandi	32
6.11	Safnskráning	33
7	Viðauki I – Fjárfestakynning Ölgerðarinnar	34

1 Áhættuþættir

Hér er fjallað um þá áhættuþætti sem Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf., kt. 420369-7789, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík („Ölgerðin“, „Útgefandi“ eða „félagið“) er kunnugt um og telur skipta máli varðandi hlutabréf útgefin af félaginu þannig að meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim. Áður útgefið hlutafé í Útgefanda verður boðið til sölu í almennu útboði dagana 23.-27.maí. í kjölfar Útboðsins og birtingar lýsingar Útgefanda, sem verðbréfalýsing þessi er hluti af, mun Útgefandi óska eftir því að hlutirnir verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík („Aðalmarkaður Nasdaq Iceland“).

Áður en fjárfestar taka ákvörðun um þátttöku í almennu útboði á hlutum í Ölgerðinni, sem fyrirhugað er dagana 23.-27 2022 („Útboðið“), eru þeir hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar sem koma fram í Lýsingu dags. 17. maí 2022. Fjárfestar eru sérstaklega hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar um þá áhættu- og óvissuþætti sem lýst er í köflunum um áhættuþætti sem finna má í Lýsingu félagsins og gætu haft veruleg áhrif á rekstur Ölgerðarinnar og fjárfestingar í hlutabréfum félagsins.

Þessi kafli, 1. Áhættuþættir í Verðbréfalýsingu þessari, inniheldur upplýsingar um áhættuþætti sem Útgefandi telur skv. bestu vitund eiga sérstaklega við um hlutabréf útgefin af honum svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim. Við framsetningu og uppröðun eftirfarandi áhættuþátta hefur Útgefandi leitast við að telja fyrst upp þá áhættuþætti sem metnir eru alvarlegastir, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á hlutabréfin og líkunum á að þeir raungerist. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á hlutabréfunum kunna að hafa og eru hvattir til að sækja tilheyrandi óháða ráðgjöf. Kafli 1. Áhættuþættir í Útgefandalýsingu félagsins, dagsettri 17. maí 2022 inniheldur upplýsingar um þá áhættuþætti sem Útgefandinn telur skv. bestu vitund eiga sérstaklega við um Útgefandann og atvinnugrein hans. Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er Útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á að þeir geti átt sér stað. Mögulegt er að Útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annara þátta sem ekki eru taldir upp á grundvelli þeirra upplýsinga sem liggja nú fyrir og útgefanda er kunnugt um.

1.1 Áhætta vegna hlutabréfa útgefnum af Ölgerðinni

Nauðsynlegt er að hafa í huga að fjárfestingar í hlutabréfum fela að öllu jöfnu í sér meiri áhættu en fjárfestingar í skuldabréfum. Eigendur skuldabréfa eru framar í röð kröfuhafa en eigendur hlutabréfa við slit eða gjaldþrot hlutafélaga. Ávöxtun fjárfesta af hlutabréfum ræðst af tvennum hætti, arðgreiðslum annars vegar og breytingum á verði hlutabréfa frá kaupum til sölu hinsvegar. Þrátt fyrir að fjárfesting í hlutabréfum kunni að skila góðri ávöxtun er vert að taka fram að sú áhætta er fyrir hendi að gengi hlutabréfa geti lækkað á hlutabréfamarkaði almennt sem og í einstökum félögum. Þá er ekki heldur hægt að fullyrða um arðgreiðslur einstakra félaga til framtíðar.

Virði hlutabréfa geta tekið breytingum vegna breyttra innri og/eða ytri skilyrða viðkomandi félags og væntinga fjárfesta þar um en einnig vegna óvæntra atburða og breytinga á ytri skilyrðum sem hafa áhrif á rekstur fyrirtækja og hagkerfisins í heild. Hægt er að draga úr áhættunni með því að

fjárfesta í vel dreifðu safni hlutabréfa ólíkra fyrirtækja og/eða ólíkra tegunda fjármálagerna. Einnig má ætla að það auki skilning á áhættu við hlutabréfakaup ef fjárfestir einskorðar slík kaup við félög í rekstri sem hann annaðhvort þekkir vel eða getur sett sig inn í með góðu móti. Gríðarleg áhætta er fólgin í lántöku vegna hlutabréfakaupa og því er fjárfestum bent á að forðast eða lágmarka lántökur vegna þeirra.

Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér margskonar áhættu. Dæmi um áhættu sem getur haft veruleg áhrif á verð hlutabréfa er markaðs- og seljanleikaáhætta. Mikilvægt er að hafa í huga að hlutabréf eru réttlægstu kröfur í eignir hlutafélags, sem þýðir að við slit eða gjaldþrot Útgefanda fá hluthafar greitt í hlutfalli við hlutafjáreign sína, kveði samþykktir ekki á um aðra skipan, það sem eftir stendur af eignum félagsins eftir að allir aðrir kröfuhafar hafa fengið gildar kröfur sínar greiddar. Þá getur skapast mótaðilaáhætta þegar mótaðili, við kaup eða sölu hlutabréfa eða gerð annara samninga um fjármálagerna, efnir ekki samningsbundnar skuldbindingar sínar að fullu þegar að uppgjöri kemur.

Þeir sem hafa í hyggju að fjárfesta í hlutum Útgefanda þurfa að hafa í huga að ekki er hægt að veita tryggingu fyrir því að fjárfestingin muni reynast arðsöm. Þá skulu væntanlegir fjárfestar einnig hafa það hugfast að þrátt fyrir að fjárfesting í hlutabréfum kunni að skila góðri ávöxtun almennt er sú hættu ávallt fyrir hendi að hlutabréf í einstökum félögum lækki í verði. Af þeim sökum er væntanlegum fjárfestum bent á að dreifa áhættu sinni og leita sér fjárfestingarráðgjafar.

1.1.1 Markaðsáhætta

Breytingar geta orðið í bæði innra sem og ytra rekstrarumhverfi Ölgerðarinnar, líkt og lýst er í áhættuþáttum Lýsingarinnar, sem gætu valdið því að tekjur og/eða hagnaður félagsins verði á einhverju tímabili undir væntingum. Slíkar breytingar gætu haft neikvæð áhrif á verð hlutabréfa Ölgerðarinnar.

Þá eru hlutabréfamarkaðir næmir fyrir ýmsum áhrifaþáttum sem geta án fyrirvara leitt til lækkunar eða hækkunar hlutabréfaverðs. Þegar hlutabréf Ölgerðarinnar hafa verið tekin til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland hf., getur markaðsáhætta einnig skapast af verðbreytingum á hlutabréfamarkaði í heild sinni sem rekja má til óvæntra atburða og breytinga á ytri skilyrðum sem hafa áhrif á rekstur fyrirtækja, þjóðarbúsins og hagkerfisins í heild. Slíkar verðbreytingar geta haft neikvæð áhrif á verð hlutabréfa Ölgerðarinnar. Þá gæti hlutabréfaverð Ölgerðarinnar tekið breytingum til samræmis við þróun hlutabréfaverðs annarra félaga á hlutabréfamarkaði sem markaðsaðilar telja sambærileg Útgefanda.

1.1.2 Seljanleikaáhætta

Seljanleikaáhætta er sú hættu á að fjárfestir geti ekki auðveldlega stundað viðskipti með ákveðinn fjármálagerning á tilteknum tímamarki eða geti einungis gert það á umtalsvert lakari kjörum en gengur og gerist á virkum markaði á hverjum tíma.

Ölgerðin hyggst óska eftir töku hlutabréfa sinna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Ekki hafa verið virk viðskipti með hlutabréf félagsins fyrir fyrirhugaða skráningu á Aðalmarkað Nasdaq

Iceland og er ekki hægt að spá fyrir um hvernig seljanleiki hlutabréfanna mun þróast né hversu virk viðskipti verða. Óvirk viðskipti geta leitt til erfiðleika fyrir hluthafa þegar kemur að því að selja hlutabréf sín. Í aðdraganda skráningar hefur Ölgerðin gert samninga um viðskiptavakt sem mun skuldbinda viðskiptavaka til þess að setja fram lágmarksfjárhæð kaup- og sölutilboða á hverjum viðskiptadegi. Tilgangur þessara samninga um viðskiptavakt er að styðja við seljanleika og virka verðmyndun hlutabréfa Ölgerðarinnar. Nánari upplýsingar um samninga Ölgerðarinnar um viðskiptavakt má finna í kafla 6.2. Viðskiptavakt.

1.2 Uppbygging á eignarhaldi Ölgerðarinnar

Skipan eignarhalds getur verið áhættuþáttur fyrir fjárfesta. Skortur á leiðandi fjárfestum sem og ódreift eignarhald eru hvort tveggja dæmi um kringumstæður sem gætu haft neikvæð áhrif á seljanleika og verðmyndun. Þá eru fjárfestar minntir á að eignarhald Útgefanda getur breyst hratt og án fyrirvara. Athygli fjárfesta er einnig vakin á því að heimild er til staðar í samþykktum Ölgerðarinnar til þess að auka hlutafé félagsins um 280 m.kr. að nafnverði án þess að hluthafar félagsins hafi forgangsrétt til kaupa á hlutafénu, sem getur valdið hlutafjárþynningu hluthafa. Nánari upplýsingar um heimildir til hlutafjárukningar má finna í kafla 1.4 Þynning hlutafjáreignar.

Fjárfestum er bent á að þegar hlutir í Ölgerðinni hafa verið teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland gilda yfirtökureglur, flöggunarreglur og innherjareglur laga, um yfirtökur, sem ætlað er að tryggja fjárfestavernd og upplýsingargjöf er varða eignabreytingar á hlutum í félögum sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði.

Hluthafar Ölgerðarinnar eru 27 talsins á dagsetningu Lýsingarinnar, þar af eiga fjórir hluthafar meira en 10% hlut í Útgefanda. Fyrirhugað er almennt útboð á áður útgefna hlutafé í félaginu í tengslum við töku hlutabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Í Útboðinu hafa eftirfarandi hluthafar skuldbundið sig til að selja 30% af hlutafjáreign sinni, sem nemur 827.299.496 hlutum í Ölgerðinni, og mun hlutafjáreign þeirra hluthafa félagsins því lækka sem því nemur að Útboði loknu: Horn III slhf., Akur ÖES ehf., OA eignarhaldsfélag ehf., Sindrandi ehf., Reir ehf., Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Vátrygginafélag Íslands hf., Landsbréf – Úrvalsbréf hs., ISA ehf., EGG ehf., Landsbréf – Öndvegisbréf hs., Vörður tryggingar hf., Íslenski lífeyrissjóðurinn – Lífsbraut 1, Íslenski lífeyrissjóðurinn – Lífsbraut 2, Íslenski lífeyrissjóðurinn – samtrygging, Lífeyrissjóður bankamanna Aldursdeild, Íslenski lífeyrissjóðurinn – Lífsbraut 3, Tyche ehf., Íssvan ehf., Skallagrímsson ehf. („Seljendur“).

Stærstu hluthafar félagsins, Akur fjárfestingar slhf., Horn III slhf., Sindrandi ehf., Reir ehf. og OA eignarhaldsfélag hf., ásamt lykilstarfsmönnum, hafa undirgengist söluhömlur að Útboði loknu, en fyrrnefndum aðilum er óheimilt að selja af útistandandi hlut sínum í félaginu fyrstu 3 mánuði frá Útboði. Eftir 3 mánuði er þeim heimilt að selja helming hlutafjáreignar sinnar og að 6 mánuðum liðnum heimilt að selja alla hluti sína í félaginu. Ekki liggja fyrir upplýsingar um söluskyldur í Ölgerðinni eftir að Útboði lýkur, eða hvort Seljendur í Útboðinu hafi frekari áform um breytingar á eignarhlutum sínum, svo sem með þátttöku í Útboðinu.

Hagsmunir minnihlutaeiganda eru varðir samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög, nr. 2/1995, auk laga um yfirtökur nr. 108/2007, frá þeim tíma að hlutabréf félagsins eru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, þar með talið en ekki takmarkað við reglur um innherjaviðskipti, markaðsmisnotkun, yfirtökutilboð og flagganir, sem ætlað er að tryggja upplýsingagjöf og fjárfestavernd í tengslum við eignabreytingar á hlutum í félögum sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Samkvæmt 100. gr. laga nr. 108/2007 um yfirtökur, eru hluthafar sem fara með yfiráð í félagi þegar verðbréf þess eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, undanþegnir tilboðsskyldu. Sú undanþága gildir þó ekki ef viðkomandi aðili missir yfiráðin en nær þeim að nýju.

Samsetning eigendahóps félagsins getur falið í sér ákveðna áhættu fyrir fjárfesta og því bera að hafa í huga að eignarhald félagsins getur tekið breytingum bæði hratt og með litlum fyrirvara. Stærstu hluthafar Útgefanda gætu, miðað við eignarhald sitt, tekið sig saman og haft veruleg áhrif á mál sem borin eru undir atkvæði hluthafafundar. Þeir hafa einnig vald til að koma í veg fyrir breytingu á yfiráðum og gætu gripið til aðgerða sem gætu haft veruleg neikvæð áhrif á verðmæti hlutabréfa félagsins. Þetta á bæði við um eignarhald Útgefanda samkvæmt núverandi hlutaskrá og eftir framangreindar breytingar sem eru fyrirhugaðar vegna Útboðsins.

1.3 Arðgreiðslur og arðgreiðslustefna

Ölgerðin hefur ekki sett sér arðgreiðslustefnu og hefur ekki verið tekin ákvörðun um setningu slíkrar stefnu. Þrátt fyrir að félagið setji sér arðgreiðslustefnu í framtíðinni getur félagið ekki tryggt að stjórn Ölgerðarinnar muni ávallt leggja fram tillögu um greiðslu arðs skv. settri stefnu. Þá er ekki tryggt að stefnan taki ekki breytingum.

1.4 Þynning hlutafjáreignar

Sá möguleiki er ávallt fyrir hendi að Útgefandi ákveði að auka hlutafé sitt í framtíðinni, en hlutafjáraukning getur þynnt hlutafjáreign hluthafa. Ef Útgefandi hækkar hlutafé sitt getur hækkunin valdið hlutfallslegri minnkun hlutafjáreignar þeirra sem eiga hlutabréf í Útgefanda nema þeir fjárfesti í nýjum hlutum í Útgefanda í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Verði hlutafé félagsins hækkað skulu hluthafar hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skrásetta hlutafjáreign sína eins og kveðið er á um í lögum og á hverjum tíma.

Hluthafafundi er heimilt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum, að hækka hlutafé félagsins, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta. Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins, samkvæmt 4. gr. núgildandi samþykktum félagsins, um allt að 280 m.kr. að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta sem hluthafar hafa fallið frá forgangsrétti sínum til áskriftar að. Heimild skv. 3. mgr. 4 gr. kveður á um heimild til útgáfu hluta 140 m.kr. að nafnvirði sem skulu nýttir til að efla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningi við starfsmenn. Heimild skv. 4. mgr. 4. gr. kveður á um heimild til útgáfu hluta 140 m.kr. að nafnvirði sem bjóða

má mögulegum fjárfestum til áskriftar samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Heimild þessi gildir til 19. maí árið 2026.

1.5 Breytingar á lögum

Fjármálamarkaðir eru háðir því rekstrarumhverfi sem opinber yfirvöld skapa fyrirtækjum. Umfangsmiklar breytingar á þeim lagaramma sem gildir um fjármálamarkaði geta haft neikvæð áhrif á fyrirtæki og skapað óróa á mörkuðum.

Taka hlutabréfa Ölgerðarinnar til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland er háð íslenskum lögum eins og þau eru í gildi á dagsetningu Lýsingarinnar. Ekki er hægt að veita tryggingu fyrir áhrifum sem gætu hlotist af breytingum á íslenskum lögum, dómsúrskurðum og/eða öðrum reglubreytingum eftir útgáfudag Lýsingar.

1.6 Lagaumhverfi almenns Útboðs og töku til viðskipta

Um Útgefanda og þau hlutabréf sem hann mun gefa út og óska eftir að verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, gilda reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, („Fjármálaeftirlitið“) nr. 1050/2012, um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, reglugerð nr. 630/2005, um innherjaupplýsingar og markaðssvik, auk reglugerðar nr. 707/2008, um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um yfirtökur. Hlutabréf félagsins eru gefin út í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög og með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020 um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, með áorðnum breytingum sem og þeim reglum sem settar hafa verið á grundvelli framangreindra laga og reglna. Lýsing þessi er gefin út á grundvelli laga nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og reglugerða framkvæmdastjórnar (ESB) 2017/1129. Einnig lýtur Útgefandi og hlutabréfin sem hann gefur út reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland þann 1. febrúar 2021 í samræmi við lög nr. 110/2007, um kauphallir.

Útgefanda ber að fara eftir framangreindum lögum og reglum auk laga og reglugerða sem síðar kunna að vera settar og hafa áhrif á starfsemi eða hlutabréf Útgefanda, sem fela m.a. í sér upplýsingaskyldu. Brot á þeim kann að hafa fjárhagsleg áhrif á Útgefanda. Alvarleg brot á þessum reglum kunna að hafa það í för með sér að Fjármálaeftirlitið eða Nasdaq Iceland taki hlutabréf í Útgefanda úr viðskiptum um tiltekinn tíma eða endanlega. Brjóti Útgefandi framangreind lög eða reglur og/eða lög eða reglur sem síðar kunna að vera settar og hafa áhrif á starfsemi eða hlutabréf Útgefanda, kann það enn fremur að hafa áhrif á orðspor Útgefanda og getur það haft þær afleiðingar að hlutabréf Útgefanda falli í verði.

2 Skilgreiningar

„Aðalmarkaður Nasdaq Iceland“	Aðalmarkaður Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík
„fjárhagsárið 2019“	Fjárhagsárið 2019-20 sem lauk 29. febrúar 2020
„fjárhagsárið 2020“	Fjárhagsárið 2020-21 sem lauk 28. febrúar 2021
fjárhagsárið 2021“	Fjárhagsárið 2021-22 sem lauk 28. febrúar 2022
„Fjármálaeftirlitið“	Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík
„hlutir“ eða „hlutabréfin“	Hlutabréf útgefin af Ölgerðinni
„Kvika“	Kvika banki hf., kt. 540502-2930, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
„Lýsingin“	Samanstendur af samantekt, Útgefandalýsingu og Verðbréfalýsingu þessari, dagsettri 17. maí 2022
„Lög um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna“	Lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna
„Lög um yfirtökur“	Lög nr. 108/2007, um yfirtökur
„Nasdaq Iceland“	Kauphöll Íslands hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík
„Nasdaq Verðbréfamiðstöð“	Reikningsstofnun sem hefur gildan aðildarsamning við Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi., kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík
„Seljendur“	Horn III slhf., kt. 681215-0420, Borgartúni 33, 105 Reykjavík, Akur ÖES ehf., kt. 670417-0180, Hagasmára 3, 201 Kópavogur, OA eignarhaldsfélag ehf., kt. 530207-1020, Grjóthálsi 7-11, Sindrandi ehf., kt. 661013-2220, Borgartúni 27, Reir ehf., kt. 550305-0380, Laugavegi 7, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., kt. 650909-1270, Kringlunni 5, Vátrygginafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Landsbréf – Úrvalsbréf hs., kt. 670898-9549, Borgartúni 33, ISA ehf., kt. 571008-0680, Valhúsabraut 27, EGG ehf., kt. 500204-3460, Hegrnesi 24, Landsbréf – Öndvegisbréf hs., kt. 431212-9430, Borgartúni 33, Vörður tryggingar hf., kt. 441099-3399, Borgartúni 19, Íslenski lífeyrissjóðurinn – Lífsbraut 1, kt. 660898-9059, Austurstræti 11, Íslenski



lífeyrissjóðurinn – Lífsbraut 2, kt. 660898-9139,
Austurstræti 11, Íslenski lífeyrissjóðurinn –
samtrygging, kt. 421299-9009, Austurstræti 11,
Lífeyrissjóður bankamanna Aldursdeild, kt. 441297-
9209, Skipholt 50B, Íslenski lífeyrissjóðurinn – Lífsbraut
3, kt. 660898-9219, Austurstræti 11, Tyche ehf.,
450517-1000, Laxatungu 30, Íssvan ehf., kt. 500417-
0480, Lyngholt 13, Skallagrímsson ehf., kt. 700916-
0220 , Logasölum 6

„Skipulegur verðbréfamarkaður“	Skv. skilgreiningu laga nr. 110/2007 um kauphallir
„Umsjónaraðili“	Fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hf., kt. 540502-2930, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
„Útboðið“	Almennt útboð hlutabréfa í Ölgerðinni
„Útgefandalýsingin“	Útgefandalýsing Ölgerðarinnar, dagsett 17. maí 2022
„Verðbréfalýsingin“	Verðbréfalýsing Ölgerðarinnar, dagsett 17. maí 2022
„viðskiptavakar“	Íslandsbanki hf., kt.491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi og Kvika banki hf., kt. 540502-2930, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
„Ölgerðin“, „Útgefandi“ eða „félagið“	Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf., kt. 420369-7789, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík

3 Mikilvægar upplýsingar

3.1 Tilkynning til fjárfesta

Verðbréfalýsing þessi, dagsett 17. maí 2022 („Verðbréfalýsingin“) hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, sem er lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 2017/1129. Fjármálaeftirlitið staðfestir einungis Verðbréfalýsinguna í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm því sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, og ekki ber að líta á slíka staðfestingu sem staðfestingu á gæðum verðbréfanna sem viðkomandi Verðbréfalýsing varðar. Fjárfestar skulu meta sjálfir hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfunum. Verðbréfalýsingin er hluti af Lýsingu Ölgerðarinnar dagsettri 17. maí 2022 („Lýsingin“) sem samanstendur af þremur skjölum; Verðbréfalýsingu þessari, Útgefandalýsingu og samantekt og eftir atvikum viðaukum sem kunna að vera gerðir í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Lýsingin er útbúin í tengslum við umsókn Ölgerðarinnar um að hlutabréf í Ölgerðinni verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og almennt Útboð hlutabréfa í Ölgerðinni eins og lýst er í Lýsingunni. Lýsingin hefur verið útbúin í samræmi við íslensk lög og reglugerðir á þeim degi sem hún er dagsett og fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðaukum 1 og 11 við framselda reglugerð (ESB) nr. 2019/980. Verðbréfalýsingin uppfyllir ákvæði 11. viðauka í framseldri reglugerð (ESB) nr. 2019/980, sem varðar lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í Verðbréfalýsingu fyrir hluti. Jafnframt er Verðbréfalýsingin útbúin með hliðsjón af reglum fyrir útgefendur hlutabréfa, sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland, 1. febrúar 2021.

Lýsingin er á íslensku og er hún birt á Íslandi. Lýsinguna má nálgast á vef Útgefanda, www.olgerdin.is/fjarfestar í 10 ár frá útgáfudegi hennar, en fjárfestar geta einnig óskað eftir útprentuðu eintaki sér að kostnaðarlausu á skrifstofu félagsins að Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík.

Upplýsingar sem fram koma í Lýsingunni skal ekki undir neinum kringumstæðum túlka sem tilboð, meðmæli eða leiðbeiningar um að kaupa, halda eða selja hlutabréf í Útgefanda og skulu ekki mynda grundvöll fyrir aðrar fjárfestingarákvarðanir. Lýsingin inniheldur upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum til að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur Útgefanda á þeim degi sem hún er dagsett. Fjárfestar eru hvattir til þess að kynna sér efni Lýsingarinnar vel, sérstaklega kafla 1. Áhættuþættir, sem finna má í bæði Verðbréfalýsingu þessari og Útgefandalýsingu félagsins.dags.17. maí 2022.

Eftir birtingu Lýsingar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af Ölgerðinni eða varða Ölgerðina og/eða hlutabréf útgefin af Ölgerðinni. Upplýsingar í Verðbréfalýsingu þessari eru byggðar á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem hún er dagsett og geta breyst frá því að skjölin eru staðfest af Fjármálaeftirlitinu og þar til fyrirhuguð viðskipti geta hafist með verðbréf á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Ef mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varðar upplýsingar í Útgefandalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem tilheyra Lýsingu Útgefanda, sem máli geta skipt við mat á verðbréfum, koma fram á þessu tímabili þá skal útbúa og birta viðauka við Lýsingu í samræmi við ákvæði laga nr. 14/2020

um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Viðaukinn skal staðfestur innan fimm virkra daga og birtur á sama hátt og upprunaleg Lýsing. Í samræmi við ákvæði fyrrnefndra laga nr. 14/2020 og 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skulu fjárfestar sem þegar hafa samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir fjármálagerningum sem viðkomandi Lýsing varðar, áður en viðaukinn er birtur, eiga rétt á að falla frá fyrrgreindu samþykki að lágmarki í tvo virka daga frá birtingu viðaukans.

Verðbréfalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem eru hluti af Lýsingu Útgefanda, skal ekki dreifa, hvorki á rafrænu né neinu öðru formi, til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótarskráningarfélis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðkomandi landa. Verðbréfalýsingu þessari skal þannig meðal annars ekki dreifa á einn eða annan hátt til landa utan Íslands. Útgefandi, Seljendur eða umsjónaraðilar eru ekki skaðabótaskyldir vegna dreifingar til þriðja aðila á Verðbréfalýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra Lýsingunni.

Verðbréfalýsingu þessa eða önnur skjöl sem tilheyra Lýsingu Útgefanda má ekki undir neinum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu Útgefanda, Seljenda, umsjónaraðila Útboðs, Söluaðila, umsjónaraðila með töku til viðskipta á Nasdaq Iceland hf. eða annarra aðila. Fjárfestar eru minntir á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum en ekki loforðum og fjárfesting í verðbréfum sem gefin eru út af Ölgerðinni eru alfarið á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru minntir á að þeir verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í verðbréfum Ölgerðarinnar og taka tillit til starfsumhverfis félagsins, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á verðbréfum Útgefanda sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem fjárfesting í verðbréfum útgefnum af Útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Lýsing þessi inniheldur í einhverjum tilvikum framsýnar yfirlýsingar (e. forward looking statements). Þessar framsýnu yfirlýsingar eru byggðar á núverandi áætlunum og væntingum en eru ekki ábyrgð eða trygging fyrir tilteknum árangri í framtíðinni. Þær byggja á ákveðnum væntingum sem eru sanngjarnar við útgáfu framsýnar yfirlýsingar en geta reynst rangar. Þá eru slíkar framsýnar yfirlýsingar háðar ýmsum áhættum og óvissu og fjárfestar ættu ekki að treysta á þessar framsýnu yfirlýsingar. Félaginu sem og ráðgjöfum þess ber engin skylda til endurskoða, staðfesta eða gefa út opinberlega ef breytingar eru gerðar á framsýnum yfirlýsingum til að endurspeglar atburði eða aðstæður sem eiga sér stað eftir útgáfudag Lýsingarinnar.

Frá því að Útgefandi óskar eftir því að hlutabréfin verði tekin til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland gilda um Útgefandann og hlutabréfin ákvæði laga, reglugerða og reglna um útgefendur verðbréfa og verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eins og þau eru á hverjum tíma, m.a. lög nr. 108/2007, um yfirtökur, og reglugerðir settar á grundvelli laganna, reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, reglugerð nr. 630/2005, um innherjaupplýsingar og markaðssvik, og reglugerð nr.

707/2008, um upplýsingaskyldu og tilkynningarskyldu. Umsókn Útgefanda um töku hlutabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland telst vera fullgild þegar Lýsing staðfest af Fjármálaeftirlitinu hefur verið birt.

3.2 Ráðgjafar og umsjón með töku til viðskipta

Fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hf., kt. 540502-2930, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík („Kvika“) hefur umsjón með töku hlutabréfa Ölgerðarinnar til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Kvika hefur unnið að gerð Lýsingar Ölgerðarinnar í samráði við stjórnendur og stjórn Útgefandans og er hún byggð á upplýsingum frá Útgefanda auk opinberra upplýsinga, þ.á.m. endurskoðuðum ársreikningum Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárin 2019-20 „(fjárhagsárið 2019“), 2020-21 „(fjárhagsárið 2020“), og 2021-22 „(fjárhagsárið 2021“). Upplýsingar í Lýsingunni hafa hvorki verið yfirfarnar né staðfestar af Kviku og veitir Kvika engar ábyrgðir, hvorki beint né óbeint, á að upplýsingar í Lýsingu þessari eða öðru efni sem birt er í tengslum við sölu á hlutabréfum í Útgefanda sé í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli hvað varðar áreiðanleika.

Kvika hefur einnig umsjón með almennu Útboði á hlutum í Ölgerðinni. Í tengslum við Útboðið hefur Kvika meðal annars útbúið fjárfestakynningu í samstarfi við Útgefanda, komið að fundum með fjárfestum í aðdraganda Útboðs og stutt stjórn, framkvæmdastjórn og Seljendur við gerð skilmála Útboðsins. Kvika mun hafa umsjón með útbóðs- og skráningarferli Ölgerðarinnar frá upphafi til enda. Athygli fjárfesta er vakin á því að Útgefanda og Kviku sem umsjónaraðila er ekki skylt að meta hvort kaup á hlutabréfum sem þessi Lýsing tekur til er viðeigandi fyrir fjárfesta og nýtur fjárfestir í slíkum viðskiptum því ekki verndar samkvæmt lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Áreiðanleikakannanir voru unnar á Ölgerðinni í undirbúningi fyrir Útboð hlutafjár og skráningu Útgefanda á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Eftirfarandi áreiðanleikakannanir voru framkvæmdar; Lögfræðileg áreiðanleikakönnun, dagsett 12. maí 2022 var framkvæmd af KPMG, kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, („KPMG“). Fjárhagsleg og skattaleg áreiðanleikakönnun, dagsett 12. maí var einnig framkvæmd af KPMG. Áreiðanleikakannanir mynda ekki hluta af Lýsingunni og skal ekki túlka sem meðmæli eða leiðbeiningar um að kaupa, halda eða selja hlutabréf í Útgefanda og skulu ekki mynda grundvöll fyrir aðrar fjárfestingarákvarðanir.

3.3 Hugsanlegir hagsmunaréklar

Lykilstjórnendur Útgefanda og stjórnarmenn félagsins eru í einhverjum tilfellum eigendur hlutafjár og/eða kaupréttar að hlutafé í Útgefanda. Þá er hluti stjórnarmanna tengdur stórum hluthöfum í Útgefanda sem jafnframt eru Seljendur í fyrirhuguðu hlutafjárútbóði. Þessir aðilar hafa komið að gerð Lýsingarinnar og annars efnis í tengslum við fyrirhugað hlutafjárútbóð og umsókn um töku hlutabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Meðal stórra hluthafa í Ölgerðinni eru forstjóri félagsins, Andri Þór Guðmundsson, og formaður stjórnar, Októ Einarsson, í gegnum OA eignarhaldsfélag ehf., sem átti 16,1% hlutafjár á

dagsetningu þessarar Lýsingar og er á meðal Seljenda í fyrirhuguðu hlutafjárútbóði. OA eignarhaldsfélag hf. er 50% í eigu Októs og 50% í eigu Andra. Októ hefur einnig sinnt fjölbreyttum verkefnum fyrir Ölgerðina í umboði stjórnar til viðbótar við stjórnarformennsku sína og fengið fyrir þau greidd laun. Frá og með 28. febrúar 2022 hefur Októ Einarsson einungis sinnt stjórnarstörfum. Þá leigir Ölgerðin geymsluhúsnæði að Skútahrauni í Hafnarfirði af félaginu Nýjabæ ehf., sem er í eigu Októ, sem greitt er fyrir skv. leigusamningi og nánar er fjallað um í kafla 6.6 Viðskipti við tengda aðila í Útgefandalýsingu félagsins.

Sjö stjórnendur í framkvæmdastjórn félagsins, aðrir en forstjóri, eiga á dagsetningu Verðbréfalýsingar þessarar samtals 33.659.882 hluti í Ölgerðinni, sem keyptir voru í tengslum við hvatakerfi sem sett var á fót af Ölgerðinni. Samkvæmt skilmálum hvatakerfisins lánaði Ölgerðin stjórnendum 2/3 kaupverðsins með vaxtagreiðslulánnum með einni greiðslu höfuðstóls á gjalddaga, þann 27. apríl 2023 en lántaka er heimilt að einhliða framlengja láni sínu til 27. apríl 2024. Einnig eiga tveir fyrrum lykilstarfsmenn 7.144.954 hluti í Ölgerðinni gegn samskonar lánveitingum. Í aðdraganda fyrirhugaðs hlutafjárútbóðs í Ölgerðinni bauðst fyrrgreindum stjórnendum að selja Ölgerðinni hluti sína að hluta eða í heild á fyrirhuguðu útböðsgengi gegn því að lán þeirra yrðu greidd upp, með það að leiðarljósi að æðstu stjórnendur félagsins væru ekki lántakar félagsins að skráningu lokinni. Fjórir stjórnendur félagsins seldu við þetta tilefni hluta bréfa sinna og greiddu upp lán, en þrír kusu að gera upp lán sín síðar. Tekið skal fram að æðstu stjórnendur félagsins (forstjóri, aðstoðarforstjóri og fjármálastjóri) eru ekki í hópi þeirra stjórnenda sem skulda félaginu lán vegna framangreindra hlutabréfakaupa. Heildarlánsupphæð vegna hlutabréfanna á dagsetningu Verðbréfalýsingar þessarar eru um 85 m.kr., þar af um 21 m.kr. vegna lána til fyrrum starfsmanna.

Þá er athygli fjárfesta vakin á hagsmunum Seljenda í fyrirhuguðu hlutafjárútbóði. Upplýsingar um Seljendur koma fram í kafla 5.1.2 Seljendur í Verðbréfalýsingu þessari.

Kvika banki hf. hefur umsjón með fyrirhuguðu almennu Útbóði hlutafjár og töku þess til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, m.a. með markaðssetningu, sölu og umsjón með gerð Lýsingar. Kvika mun fá greidda þóknun fyrir vinnu sína en sú upphæð veltur að hluta til á fjölda seldra hluta og endanlegu gengi í fyrirhuguðu hlutafjárútbóði. Þá hefur Útgefandi gert samning við Eigin Viðskipti Kviku um viðskiptavakt á hlutabréfum Ölgerðarinnar, sem Kvika fær greidda þóknun fyrir.

Stjórn Útgefanda er ekki kunnugt um aðra hugsanlega hagsmunaárekstra milli skyldustarfa stjórnar og framkvæmdastjórnar og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra, né aðra hagsmuni sem skipta máli fyrir fyrirhugað Útböð á hlutafé í Ölgerðinni.

Útgefandi og Kvika fara fram á það við fjárfesta að þeir kynni sér alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í þessari Lýsingu. Reglur Kviku banka um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum, sem settar eru á grundvelli laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra laga, sbr. einkum ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 og reglugerðar nr. 976/2021 um verndun fjármálagerninga og fjármuna viðskiptavina, skyldur við vörubröun og um veitingu og móttöku

þóknana, umboðslauna eða hvers konar ávinnings. Þá byggja reglurnar á viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar („EBA“) um innri stjórnarhætti, eins og þær eru hverju sinni.

3.4 Gildistími, aðgengi að Lýsingu og skjöl til sýnis

Lýsing Útgefanda sem er dagsett 17. maí 2022 samanstendur af þremur skjölum, Verðbréfalýsingu þessari, Útgefandalýsingu og samantekt og eftir atvikum viðaukum sem kunna að gera gerðir í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu Útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Þær upplýsingar sem koma fram í Lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem hún er undirrituð og er hún í gildi í 12 mánuði frá staðfestingu hennar.

Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar um Ölgerðina sem gefnar eru út af félaginu eða varða það.

Eftirfarandi skjöl eru til sýnis á vefsíðu Útgefanda:

- Samþykktir Ölgerðarinnar dagsettar 12. maí 2022
- Endurskoðaður samstæðureikningur Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárið 2021
- Endurskoðaður samstæðureikningur Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárið 2020
- Endurskoðaður samstæðureikningur Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárið 2019

Aðgengi að lýsingu þessari verður tryggt í 10 ár eftir birtingu hennar á vefsíðu Útgefanda á vefslóðinni: www.olgerdin/fjarfestar


3.5 Upplýsingar frá þriðja aðila

Upplýsingar í Útgefandalýsingu þessari byggja m.a. á gögnum sem Útgefandi hefur aflað sér frá þriðja aðila. Útgefandi staðfestir, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, að út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum, sem gerir upplýsingar ónákvæmar eða misvísandi, er sleppt. Heimilda frá þriðja aðila getið þar sem á við.

3.6 Yfirlýsingar ábyrgðaraðila Verðbréfalýsingar fyrir hönd Útgefanda

Forstjóri Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf., kt. 420369-7789, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík, lýsir því yfir fyrir hönd Ölgerðarinnar, sem Útgefanda, að samkvæmt hans bestu vitund séu upplýsingarnar sem að Verðbréfalýsingin inniheldur, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.


Reykjavík, 17. maí 2022
Fyrir hönd Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf.

DocuSigned by:

B309A61696C84BF

Andri Þór Guðmundsson
Forstjóri

Stjórnarformaður Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf., kt. 420369-7789, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík, lýsir því yfir fyrir hönd stjórnar Ölgerðarinnar, sem Útgefanda, að samkvæmt hans bestu vitund séu upplýsingarnar sem að Verðbréfalýsingin inniheldur, að viðauka á bls. 34 undanskildum, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 17. maí 2022
Fyrir hönd stjórnar Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf.

DocuSigned by:

E972E7F58DFB432

Októ Einarsson
Stjórnarformaður

4 Veltufé, fjármögnun og skuldastaða

4.1 Yfirlýsing um veltufé

Það er mat stjórnar félagsins, um og fyrir hönd Útgefanda, að á dagsetningu Lýsingar þessarar sé til staðar nægt veltufé til þess að uppfylla núverandi þarfir Útgefanda.

4.2 Fjármögnun og skuldastaða

Taflan hér að neðan sýnir niðurbrot á fjármögnun og skuldstöðu Útgefanda m.v. stöðu þann 28.2.2022. Upplýsingarnar er fengnar úr endurskoðuðum ársreikningi Útgefanda fyrir fjárhagsárið 2021 og bókhaldsgögnum félagsins dagsettum sama dag. Upplýsingarnar skal túlka í samhengi við kafla 7. „Fjárhagsyfirlit“ í Útgefandalýsingu Ölgerðarinnar auk ársreikninga félagsins og skýringum sem þeim fylgja, sem felldir hafa verið inn í Lýsinguna með tilvísun.

Fjármögnun og skuldsetning Ölgerðarinnar

<i>Allar upphæðir eru í þúsundum króna</i>	28.2.2022
Skammtímaskuldir	
Með ábyrgðum.....	0
Með veði.....	678.709
Án ábyrgða/veðs.....	4.936.839
Skammtímaskuldir samtals	5.615.548
Langtímaskuldir	
Með ábyrgðum.....	0
Með veði.....	8.202.865
Án ábyrgða/veðs.....	2.085.451
Langtímaskuldir samtals	10.288.316
Eigið fé	
Hlutfé.....	2.806.965
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár.....	1.105.058
Sérstak endurmat	321.888
Aðrir liðir	1.389.818
Óráðstafað eigið fé	2.026.238
Eigið fé samtals	7.649.967
Samtals fjármögnun	23.553.832

5 Almennt Útboð hlutabréfa í Ölgerðinni

Útboðið sem lýst er í Verðbréfalýsingu þessari er útboð til almennings sem lýtur ákvæðum laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1129 og framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980. Útboðið fer fram á Íslandi og verður einungis markaðssett á Íslandi. Útboðið samanstendur af 827.299.496 hlutum, jafngildi 29,5% hlutar í Útgefanda, sem seldir eru af núverandi hluthöfum félagsins eins og lýst er í kafla 1.2 Uppbygging á eignarhaldi Ölgerðarinnar.

Hlutir Ölgerðarinnar hafa verið gefnir út rafrænt sem nafnbref hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð með auðkenni OLGED og ISIN númer IS0000028678. Óskað verður eftir að öll útgefin hlutabréf í Ölgerðinni verði tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Markmið félagsins með töku hlutabréfa félagsins til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland er að stuðla að auknum seljanleika hlutabréfa í félaginu, ýta undir virkari verðmyndun, ná fram dreifðara eignarhaldi og gera upplýsingar um félagið aðgengilegar fyrir hluthafa félagsins, viðskiptavini og allan almenning. Þá eru seljendur þess hlutafjár sem selt er í Útboðinu einkafjárfestar sem með sölu hlutanna leitast eftir því að hámarka virði fjárfestingar sinnar í Ölgerðinni. Meðal stórra hluthafa í Ölgerðinni sem selja hlutafé í Útboðinu eru framtakssjóðir með takmarkaðan fjárfestingar- og líftíma. Markmið framtakssjóða er m.a. að ávaxta fjárfestingu sjóðsfélaga með því að fjárfesta í félögum, taka þátt í að auka virði þeirra og styðja við næstu skref í þroska þeirra.

Áskriftartímabil Útboðsins hefst kl.10:00 (GMT) þann 23. maí og lýkur kl.16:00 (GMT) þann 27. maí. Áformað er að niðurstöður Útboðsins liggja fyrir í síðasta lagi þann 30. maí. Þá er áætlað að upplýsingar um úthlutun til fjárfesta muni liggja fyrir þann 30. maí og er eindagi greiðslu þann 3. júní. Greiddir hlutir verða afhentir á vörslureikninga fjárfesta í síðasta lagi þann 8. júní og er áætlað að hlutirnir verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland eigi síðar en 9. júní 2022.

Tímaáætlun Útboðs á hlutum í Ölgerðinni

Áskriftartímabil hefst	23. maí 2022, kl.10:00 (GMT)
Áskriftartímabili lýkur	27. maí 2022, kl.16:00 (GMT)
Tilkynning um niðurstöður Útboðs	30. maí 2022
Tilkynning um úthlutun send fjárfestum	30. maí 2022
Gjalddagi og eindagi greiðsluseðla vegna Útboðsins	3. júní 2022
Afhending hluta til fjárfesta	7.-8. júní 2022
Hlutir teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland	Áætlað eigi síðar en 9. júní2022

Framangreind tímaáætlun miðast við að ekki verði gerðar breytingar á áskriftartímabili, að úrvinnsla áskrifta taki hvorki lengri né skemmri tíma en Útgefandi og Seljendur gera ráð fyrir og að umsókn Útgefanda til Nasdaq Iceland sé svarað innan þeirra tímamarka sem Útgefandi hefur gert ráð fyrir.

Stjórn félagsins, í umboði Seljenda, áskilur sér rétt til að falla frá Útboðinu ef Nasdaq Iceland hafnar umsókn Útgefanda um að taka hluti í Ölgerðinni til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland eða samþykkir hana ekki í síðasta lagi þann 30. maí 2022. Stjórn félagsins, í umboði Seljenda, áskilur sér einnig rétt til að falla frá Útboðinu ef ekki fæst áskrift í Útboðinu fyrir öllum boðnum hlutum og verður það þá tilkynnt með niðurstöðum Útboðs. Jafnframt því áskilur stjórn félagsins, í umboði Seljenda, sér rétt til að fresta Útboðinu, framlengja það eða falla frá því hvenær sem er fram að tilkynningu Nasdaq Iceland um að hlutabréf í Útgefanda verði tekin til viðskipta, ef einhverjir atburðir eiga sér stað sem stjórn félagsins telur gefa tilefni til þess að ætla að markmið Seljenda með Útboðinu náist ekki, svo sem eitthvað sem varðar Útboðið sjálft, Útgefandann, eða Seljendur, neikvæð þróun á efnahagsumhverfi eða verðbréfamörkuðum á Íslandi. Afturköllun getur því ekki átt sér stað eftir að viðskipti hefjast.

Ef stjórn félagsins, í umboði Seljenda, tekur ákvörðun um að falla frá Útboðinu samkvæmt framansögðu munu þar með allar áskriftir fyrir hlutum í Útboðinu sem og úthlutanir á grundvelli þeirra dæmast ógildar. Komi til þess að fallið verði frá Útboðinu eða útboðstímabilið framlengt eða því frestað, verður það tilkynnt opinberlega. Komi til þess að útboðstímabilið verði framlengt eða því frestað, verður birtur viðauki við Verðbréfalýsingu þessa þar sem gerð verður grein fyrir breytingunni. Auk þess verða birtar allar nýjar mikilvægar upplýsingar sem komið hafa fram frá staðfestingu Verðbréfalýsingar þessarar og kunna máli skipta fyrir mat fjárfesta á hlutabréfum í Útgefanda. Viðaukinn skal vera staðfestur innan fimm virkra daga og skal birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin.

Fjárfestar sem þegar hafa samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir verðbréfum fyrir birtingu viðaukans hafa þann rétt til að falla frá fyrrgreindu samþykki innan tveggja daga frá birtingu hans, í samræmi við ákvæði laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129. Útboðið er ekki sölutryggt.

5.1 Útgefandi og Seljendur hlutafjár

5.1.1 Útgefandi

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

<i>Kennitala:</i>	420369-7789
<i>Heimilisfang:</i>	Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík, Ísland
<i>Sími:</i>	+354 412-8000
<i>Vefur:</i>	https://www.olgerdin.is
<i>LEI númer:</i>	5493003YDW5CUGC5PS30
<i>Auðkenni:</i>	OLGERD
<i>ISIN númer:</i>	IS0000028678

5.1.2 Seljendur

Seljendur hafa veitt stjórn Ölgerðarinnar umboð til ákvarðanatöku og framkvæmdar í tengslum við Útboðið.

Nafn	Kennitala	Heimilisfang	Fjöldi eignarhluta 17.maí.2022	Verðmæti m.v. eigið fé	Verðmæti m.v. lágmarksgengið	Fjöldi hluta til sölu í Útboði	Fjöldi eignarhluta eftir útboð
Horn III slhf.	681215-0420	Borgartúni 33	705.401.933	1.922.468.280	6.278.077.204	211.620.580	493.781.353
Akur fjárfestingar slhf..	670417-0180	Hagasmára 3	512.249.024	1.396.058.693	4.559.016.314	153.674.707	358.574.317
OA eignarhaldsfélag ehf.	530207-1020	Grjóthálsi 7-11	451.947.200	1.231.715.021	4.022.330.080	135.584.160	316.363.040
Sindrani ehf.	661013-2220	Borgartúni 27	396.567.134	1.080.784.870	3.529.447.493	118.970.140	277.596.994
Reir ehf.	550305-0380	Laugavegi 7	161.475.976	440.078.808	1.437.136.186	48.442.793	113.033.183
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	650909-1270	Kringlunni 5	142.884.506	389.410.516	1.271.672.103	42.865.352	100.019.154
Vátryggingafélag Íslands hf.	690689-2009	Ármúla 3	69.916.538	190.547.148	622.257.188	20.974.961	48.941.577
Landsbréf - Úrvalsbréf hs.	670898-9549	Borgartúni 33	62.284.230	169.746.425	554.329.647	18.685.269	43.598.961
ISA ehf.	571008-0680	Valhúsabraut 27	55.933.230	152.437.717	497.805.747	16.779.969	39.153.261
EGG ehf.	500204-3460	Hegranesi 24	55.933.230	152.437.717	497.805.747	16.779.969	39.153.261
Landsbréf - Öndvegisbréf hs.	431212-9430	Borgartúni 33	41.148.845	112.145.070	366.224.721	12.344.654	28.804.192
Vörður tryggingar hf.	441099-3399	Borgartúni 19	27.966.615	76.218.859	248.902.874	8.389.985	19.576.631
Íslenski lífeyrissj-Lífsbraut 1	660898-9059	Austurstræti 11	22.924.303	62.476.786	204.026.297	6.877.291	16.047.012
Íslenski lífeyrissj-Lífsbraut 2	660898-9139	Austurstræti 11	14.046.539	38.281.757	125.014.197	4.213.962	9.832.577
Íslenski lífeyrissj-samtrygging	421299-9009	Austurstræti 11	10.797.503	29.426.992	96.097.777	3.239.251	7.558.252
Lífeyrissjóður bankam Aldursdei	441297-9209	Skipholti 50B	9.500.000	25.890.840	84.550.000	2.850.000	6.650.000
Íslenski lífeyrissj-Lífsbraut 3	660898-9219	Austurstræti 11	7.098.270	19.345.281	63.174.603	2.129.481	4.968.789
Tyche ehf.	450517-1000	Laxatungu 30	3.572.477	9.736.256	31.795.045	1.071.743	2.500.734
Íssvan ehf.	500417-0480	Lyngholti 13	3.572.477	9.736.256	31.795.045	1.071.743	2.500.734
Skallagrímsson ehf.	700916-0220	Logasölum 6	2.444.955	6.663.362	21.760.100	733.487	1.711.469

5.1.3 Umsjónaraðili Útboðs og skráningarráðgjafi

Kvika banki hf.

Kennitala: 540502-2930
Heimilisfang: Katrínartún 2, 105 Reykjavík, Ísland
Sími: +354 520 3200
Vefur: www.kvika.is
Tölvupóstur: olgerdin@kvika.is
LEI númer: 254900WR3I1Z9NPC7D84

5.1.4 Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna tilboðsbóka

Kvika banki hf.

Sími: +354 520 3200
Tölvupóstfang: olgerdin@kvika.is
Frekari upplýsingar: Kvika mun veita tæknilega aðstoð og upplýsingar vegna skráninga í Útboðinu í gegnum síma og tölvupóst á milli kl. 09:00 og 16:00 á virkum dögum á meðan á Útboði stendur.

5.2 Stærð Útboðs, verð og tilboðsbækur

Í Útboðinu munu Seljendur selja samtals 827.299.496 hluti af áður útgefnu hlutafé í Ölgerðinni, sem samsvarar um 29,5% af hlutafé félagsins

Fjárfestum bjóðast tveir áskriftarmöguleikar, tilboðsbók A og tilboðsbók B, sem eru ólíkar m.t.t. stærðar áskrifta, verðlagningar og reglna um úthlutun. Helstu skilmála um tilboðsbækurnar má sjá hér að neðan.

Tilboðsbók A	<p>Í tilboðsbók A bjóðast 330.919.798 hlutir, eða um 40% af seldum hlutum í Útboðinu. Hámarksáskrift í tilboðsbók A er takmörkuð við kaupvirði 20.000.000 kr. en lágmarksáskrift er að kaupvirði 100.000 kr.</p> <p>Í tilboðsbók A verður tekið við áskriftum á föstu gengi 8,9 krónur á hlut. Ekki verður tekið við tilboðum sem eru lægri en framangreint gengi.</p>
Tilboðsbók B	<p>Í tilboðsbók B bjóðast 496.379.698 hlutir, eða um 60% af seldum hlutum í Útboðinu. Lágmarksáskrift í tilboðsbók B er takmörkuð við kaupvirði 20.000.001 króna en hámarksáskrift takmarkast aðeins af framboði hlutabréfa í tilboðsbók B.</p> <p>Í tilboðsbók B verður tekið við áskriftum á eða yfir lágmarksgenginu 8,9 krónur á hlut, en ekkert hámarksgengi er þó skilgreint. Öllum hlutum sem seldir verða í tilboðsbók B verður úthlutað á föstu gengi, sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum. Áskriftum undir ákvarðaða genginu verður hafnað.</p>

Stjórn félagsins, í umboði Seljenda, áskilur sér rétt til þess að gera breytingar á ofangreindri skiptingu milli tilboðsbóka A og B með tilliti til heildarstærðar hvorrar tilboðsbókar. Ákvörðun um skiptingu milli tilboðsbóka A og B verður gerð við úthlutun, gefi eftirspurn tilefni til breytinga á dreifingu með tilliti til verðs og magns. Heildar söluandvirði hluta í Útboðinu er að lágmarki 7,4 milljarðar króna, m.v. lágmarksgengi í Útboðinu.

	Fjöldi hluta	% af seldu hlutafé	Verð	Virði m.v. lágmarksgengi
Tilboðsbók A (áskriftir 100.000-20.000.000)	330.919.798	40%	8,9	2,95 ma.kr.
Tilboðsbók B (áskriftir >20.000.000)	496.379.697	60%	≥8,9	4,42 ma.kr.
Samtals	827.299.496	100%		7,4 ma.kr.

5.3 Skráning áskrifta og áskriftartímabil

Tekið verður við áskriftum frá og með 23. maí 2022, kl. 10:00 (GMT), til og með 27.maí 2022, kl. 16:00 (GMT). Áskriftum sem er skilað utan þess tímaramma teljast ekki gildar og verða felldar niður, nema stjórn félagsins, í umboði Seljenda, hafi tilkynnt um að áskriftartímabili hafi verið frestað eða því framlengt. Áskriftartímabilið verður ekki stýtt.

Komi til þess að áskriftartímabilið verði framlengt eða frestað verður birtur viðauki við Verðbréfalýsingu þessa þar sem gerð verður grein fyrir breytingunni. Allar mikilvægar nýjar upplýsingar, sem taldar eru hafa áhrif á mat fjárfesta á hlutabréfunum, sem komið hafa fram frá staðfestingu Verðbréfalýsingu þessarar, verða einnig birtar. Viðaukinn skal staðfestur innan fimm virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega Verðbréfalýsingin. Í samræmi við ákvæði laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin vil viðskipta á skipulegum markaði og 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skulu fjárfestar sem hafa þegar samþykkt að kaupa eða gerast áskrifandi að verðbréfum áður en viðaukinn er birtur hafa rétt til að afturkalla áskriftir sínar innan tveggja daga frá birtingu viðaukans.

Áskriftir skal skrá rafrænt í gegnum sérstakan áskriftarvef sem verður aðgengilegur fjárfestum á vef Kviku, á vefslóðinni www.kvika.is/olgerdin. Ekki verður tekið við áskriftum á öðru formi og ekki er tekið við áskriftum sem innihalda fyrirvara. Áskriftareyðublað verður aðgengilegt bæði á íslensku og ensku en athygli fjárfesta er vakin á því að hvorki Lýsingin né fjárfestakynning félagsins eða annað efni verða gerð aðgengileg á öðrum tungumálum en íslensku.

Til að geta skilað áskrift verður fjárfestir að skrá sig inn í viðeigandi tilboðsbók A eða B á áskriftarvef, með eftirfarandi aðgangsauðkennum:

- Með rafrænum skilríkum í farsíma; eða

- Með kennitölu og lykilorði sem hann óskar eftir á áskriftarvefnum sjálfum og verður sent sem rafrænt skjal í netbanka hans, sem getur verið í hvaða íslenska viðskiptabanka sem er

Telji umsjónaraðili Útboðsins ástæðu til getur hann einnig veitt aðgang að áskriftarvef Útboðsins gegn framvísun skilríka og staðfestingar á umboði eða gegn annarri staðfestingu sem umsjónaraðili metur fullnægjandi. Fjárfestir fær staðfestingu á áskriftinni senda með tölvupósti, á það netfang sem hann tilgreindi á áskriftarformi sínu, að skráningu lokinni. Rafræn staðfesting er forsenda gildrar sönnunnar á áskrift. Ef staðfesting berst ekki getur fjárfestir ekki verið viss um að áskrift hans hafi borist. Við slíkt tilfelli er fjárfestum bent á að hafa samband við söluaðila Útboðsins áður en áskriftartímabili lýkur, þ.e. fyrir kl. 16:00 (GMT) þann 27. maí 2022.

Við áskrift tilgreinir fjárfestir þá fjárhæð sem hann óskar eftir að kaupa fyrir í Útboðinu. Sé fjárhæð kaupverðs fjárfestis ekki jafngildi fjölda hluta í heilli tölu verður endanleg áskrift kaupverðs reiknuð með námundun til lækkunar að næsta heila hlut þar sem kaupverð er reiknað sem margfeldi hluta í heilli tölu og lokagengis í viðeigandi tilboðsbók.

- Í tilboðsbók A tilgreinir fjárfestir þá fjárhæð sem hann óskar eftir að kaupa fyrir í Útboðinu á genginu 8,9 krónur á hlut.
- Í tilboðsbók B tilgreinir fjárfestir þá fjárhæð sem hann óskar eftir að kaupa fyrir í Útboðinu auk hámarksverðs á hlut, að lágmarki kr. 8,9 á hlut. Ef lokagengi í tilboðsbók B fer yfir hámarksverðið sem tilgreint er af fjárfesti verður áskriftin ógild.

Allar áskriftir í Útboðinu eru bindandi. Fjárfestir getur því ekki breytt eða fallið frá áskrift sem hann hefur staðfest á áskriftarformi Útboðsins, nema að einhverjar af þeim ástæðum sem lýst er í inngangi þessa kafla 5. Almenn útbod hlutabréfa í Ölgerðinni komi til. Eftir að fjárfestir hefur lagt fram áskrift í Útboðinu telst áskriftin vera skuldbindandi af hans hálfu. Fjárfestir sem staðfest hefur þátttöku sína getur ekki breytt áskrift sinni eða fallið frá henni.

Fjárfestir skal í áskrift sinni tilgreina þann vörsluaðila sem hann óskar eftir að móttaki hluti sem honum kunna að verða afhentir við uppgjör viðskipta. Með vörsluaðila er átt við reikningsstofnun sem hefur gildan aðildarsamning við Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, („Nasdaq verðbréfamiðstöð“) skv. ákvæðum laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna og hefur hlotið starfsleyfi í samræmi við 6. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Kvika mun annast innheimtu og uppgjör vegna Útboðsins. Hvorki umsjónar- og söluaðili, Seljendur né Útgefandi munu leggja kostnað á fjárfesta vegna viðskiptanna. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér hvort kostnaður muni falla á þá frá öðrum aðilum vegna Útboðsins.

5.3.1 Samsett áskrift

Í Útboðinu er hverjum fjárfesti heimilt að skila inn fleiri en einni áskrift á sömu kennitölu, hvort sem er í tilboðsbók A eða B. Engar takmarkanir eru á fjölda leyfilegra áskrifta, aðrar en þær sem leiðir af hámarks- og lágmarksáskrift í hvorri tilboðsbók, þar sem heildaráskrift í samsettri áskrift

takmarkast við hámarksáskrift í viðeigandi tilboðsbók. Þar sem margar áskriftir gerðar af einum fjárfesti eru jafnar eða fyrir ofan endanlegt útboðsverð í viðeigandi tilboðsbók verður litið á áskriftirnar sem eina sameinaða áskrift, en samsett áskrift veitir fjárfesti tækifæri á að leggja inn áskrift með mismunandi hámarksverð í Útboðinu.

Sem dæmi þýðir þetta að fjárfestir sem leggur fram þrjár mismunandi áskriftir í tilboðsbók B að fjárhæð 30 m.kr. og tvær tiltaka jafnt eða hærra hámarksverð en endanlegt útboðsgengi verður er litið svo á að fjárfestir hafi lagt fram eina áskrift að fjárhæð 60 m.kr. í úthlutunarferlinu. Á sama hátt verður litið svo á að fjárfestir sem leggur fram tvær áskriftir í tilboðsbók A að upphæð 100 þúsund krónur hafi lagt fram eina áskrift að fjárhæð 200 þúsund krónur í úthlutunarferlinu. Fjárfestum er heimilt að leggja fram áskrift í bæði tilboðsbók A og B án þess að ógilda aðrar áskriftir.

5.3.1.1 Eignastýringaraðilar

Fjármálastofnunum sem sinna eignastýringu, skv. 6. tl. 3. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er gefinn kostur á að skila áskriftum í tilboðsbók A og/eða tilboðsbók B fyrir hönd eins eða fleiri fjárfesta beint í áskriftarkerfið með því að fylla út sérstakt áskriftareyðublað sem finna má í áskriftarkerfi Útboðsins og hlaða því útfylltu upp í áskriftarkerfið. Eignastýringaraðili skal þá fylla út áskriftareyðublaðið sundurliðað niður á þá fjárfesta sem standa að baki áskriftinni.

Söluaðili áskilur sér rétt til þess að kalla eftir staðfestingu á því að viðkomandi eignastýring hafi heimild og fullnægjandi umboð frá fjárfesti til þátttöku í Útboðinu fyrir hans hönd og að viðkomandi fjármálastofnun ábyrgist greiðslu kaupverðs. Úthlutun verður háttáð eins og um margar sjálfstæðar áskriftir væri að ræða. Fjárfestum er heimilt að skila áskrift í eigin nafni auk áskriftar í gegnum viðkomandi eignastýringu og er þá farið með áskriftina skv. reglum um samsetta áskrift.

5.3.2 Staðfesting á greiðslugetu og/eða tryggingu fyrir greiðslu

Söluaðili áskilur sér rétt til að krefjast staðfestingar á greiðslugetu og/eða tryggingar fyrir greiðslu áskrifta frá fjárfestum. Ef fjárfestir verður ekki við þessari kröfu söluaðila innan þess frests sem gefinn er, áskilur söluaðili, í samráði við stjórn félagsins í umboði Seljenda, sér rétt til að ógilda áskrift fjárfestis að hluta eða í heild. Söluaðili tekur einhliða ákvörðun um hvort staðfesting á greiðslugetu og/eða tryggingu er fullnægjandi. Með því er átt að söluaðili er ekki skuldbundinn til að gefa upp hvernig ákvörðun er háttáð og fjárfestum gefst ekki kostur á að andmæla ákvörðuninni eða gildi hennar. Með staðfestingu á greiðslugetu er t.d. átt við stöðuyfirlit innlánsreiknings í banka eða verðbréfareiknings, staðfesting fjármálastofnunar á fjármögnun eða yfirlýsing frá löggiltum endurskoðenda. Með staðfestingu á tryggingu er t.d. átt við veð í innlánsreikningi í banka eða verðbréfareikningi, eða ábyrgðaryfirlýsing frá fjármálastofnun. Tryggingin er felld niður við skilvísu greiðslu áskriftar.

5.4 Úthlutun og skerðing áskrifta við umframeftirspurn

Ákvörðun um endanlega stærð Útboðsins, skiptingu boðinna hluta milli tilboðsbóka og úthlutun verður í höndum stjórnar félagsins í umboði Seljenda. Eftir lok áskriftartímabils mun stjórn

félagsins í umboði Seljenda einnig einhliða ákvarða það verð sem hlutir sem úthlutað er til fjárfesta í tilboðsbók B verða seldir á. Áskriftum sem tilgreina lægra hámarksverð á hlut en endanlegt útboðsgengi í viðkomandi tilboðsbók verður hafnað. Ef umframeftirspurn verður í Útboðinu getur stjórn félagsins í umboði Seljenda, þurft að skerða áskriftir í Útboðinu.

- Í tilboðsbók A verða áskriftir skertar hlutfallslega, þó þannig að leitast verður við að skerða ekki áskriftir undir 1.000.000 kr. og hlutfallslegum niðurskurði beitt ef það dugar ekki til.
- Í tilboðsbók B verður meginreglan við úthlutun sú að áskriftir verða metnar á grundvelli verðs. Ekkert hámarksverð áskrifta er tilgreint af hálfu Seljenda en tekið verður við áskriftum á eða yfir lágmarksgenginu 8,9 krónur á hlut. Öllum hlutum sem seldir verða í tilboðsbók B verður úthlutað á föstu gengi, sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum. Áskriftum undir útboðsgenginu verður hafnað. Við ákvörðun verðs verður horft til markmiða Útboðsins, þ.e. að auka fjölbreytni í hluthafahóp, aukins seljanleika hlutabréfanna, virkrar verðmyndunar, heilbrigð viðskipti á eftirmarkaði og annarra langtímasjónarmiða félagsins.
- Ef skerðing út frá verði nægir ekki til þess að jafngilda fjölda boðinna hlutabréfa í tilboðsbók B mun hlutfallslegri skerðingu vera beitt. Þó verður sérstaklega horft til tímanlegra skila á tilboðum en áskriftir sem berast á fyrstu tveimur dögum Útboðsins munu vera skornar niður um þrjá fjórðu (75%) á við áskriftir sem koma inn síðar.

Jafnvel þótt leitast verði við að skerða áskriftir ekki niður fyrir framangreind mörk áskilur stjórn félagsins, í umboði Seljenda, sér rétt til þess að skerða áskriftir og úthluta hlutum með þeim hætti sem hún telur æskilegt til að ná fram markmiðum Útboðsins. Stjórn félagsins, í umboði Seljenda, áskilur sér enn fremur rétt til þess að víkja frá meginreglum varðandi úthlutun og skerða áskriftir og úthluta hlutum með þeim hætti sem stjórnin telur æskileg, þ.m.t. að hafna áskriftum að hluta til eða í heild án frekari skýringa. Ákvörðun stjórnar, í umboði Seljenda, um skerðingar og úthlutun til fjárfesta er endanleg og hafa fjárfestar ekki rétt á frekari rökstuðningi fyrir úthlutun né geta þeir andmælt ákvörðun um skerðingar og úthlutun.

5.4.1 Sértek úthlutun

5.4.1.1 Ölgerðin

Ölgerðinni verða tryggðir að hámarki 2 milljónir hluta í Útboðinu, á útboðsgengi 8,9 á hlut, í þeim tilgangi að gefa starfsmönnum félagsins hluti í Ölgerðinni, sem lýst er í kafla 6.8.1 Hlutir til starfsmanna í Útgefandalýsingu félagsins. Áskriftir Ölgerðarinnar vegna þessarar úthlutunar verða gerðar í tilboðsbók A.

5.4.1.2 Viðskiptavakar

Viðskiptavökum verða tryggðir hlutir í Útboðinu sem nema að andvirði allt að 200 m. kr. samanlagt, á útboðsgengi tilboðsbókar B. Áskriftir viðskiptavaka vegna þessarar úthlutunar verða

gerðar í tilboðsbók B. Viðskiptavakar geta þar að auki skilað áskriftum í báðar tilboðsbækur Útboðsins í gegnum áskriftarvef Útboðsins og gilda engar sérreglur um þá úthlutun, verð eða aðra skilmála vegna þeirra áskrifta. Nánar má lesa um fyrirkomulag viðskiptavaktar eftir að hlutabréfin hafa verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland í kafla 6.2 „Viðskiptavakt“.

5.5 Tilkynning um niðurstöður almenns útboðs

Fyrirhugað er að niðurstöður Útboðsins, selt magn og verð, verði birtar almenningi opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu í síðasta lagi þann 30.maí kl.16:00 (GMT). Tilkynningin verður auk þess birt á vef Ölgerðarinnar, www.olgerdin.is. Dagsetningin er birt með þeim fyrirvara að stjórn félagsins, í umboði Seljenda, geri ekki breytingar á áskriftartímabili og framkvæmd Útboðsins taki hvorki skemmri né lengri tíma en er gert ráð fyrir. Í kjölfarið mun Nasdaq Iceland tilkynna opinberlega hvort það staðfesti umsókn um töku hlutabréfa Ölgerðarinnar til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

5.6 Tilkynning um úthlutun, greiðslufyrirmæli og afhending hluta

Fjárfestum verður tilkynnt um úthlutun eftir að niðurstaða Útboðsins hefur verið tilkynnt opinberlega. Þeir geta nálgast upplýsingar um úthlutun í áskriftarkerfinu, á vefsíðu Útboðsins www.kvika.is/olgerdin með því að nota aðgangsauðkennin sem notuð voru við skráningu í Útboðinu. Niðurstaða Útboðs mun birtast í seinasta lagi í lok dags 30. maí 2022. Upplýsingar um greiðslufyrirmæli verða í formi rafrænna innheimtukrafna sem verða aðgengilegar í netbönkum. Áætlaður fyrsti viðskiptadagur í kauphöll er 9. júní 2022.

Gjalddagi og eindagi innheimtukrafna vegna Útboðsins er fyrirhugaður þann 3. júní 2022.

Ef einhverjar innheimtukröfur eru enn ógreiddar að eindaga liðnum verða þær annað hvort felldar niður og áskriftir og úthlutanir tengdar þeim ógiltar eða ráðstaðfað með öðrum hætti. Þá er umsjónar- og söluaðila heimilt að innheimta kröfuna með fullnægjandi hætti í samræmi við meginreglur íslensk samninga- og kröfurettar, að viðbættum dráttarvöxtum, sbr. lög nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, og innheimtukostnaði.

Umsjónar- og söluaðili hefur sjálfðæmi um hvaða leið skuli farin. Séu innheimtukröfurnar felldar niður, sem og áskriftir og úthlutanir tengdar kröfunum, er Seljendum frjálst því að halda hlutum sem hafa ekki verið greiddir eða selja þá til þriðja aðila á því verði sem seljandi kys án tilkynningar til áskrifanda og þá jafnframt, eftir atvikum, innheimta hugsanlegt gengistap við til sölu slíks þriðja aðila hjá upphaflegum áskrifanda.

Umsjónaraðili Útboðsins, Kvika banki hf., hefur milligöngu um móttöku greiðslu sem og afhendingu hluta. Hlutir verða afhendir kaupanda þegar fullnægjandi greiðsla hefur borist frá viðkomandi fjárfesti. Afhending hluta munu eiga sér stað eigi síðar en þann 8. júní 2022. Hlutir í Útgefanda verða afhendir á rafrænu formi í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar og munu vörsluaðilar móttaka hluti inn á vörslureikning fjárfestis, í samræmi við upplýsingar frá umsjónaraðila.

Ef skyldi að ekki fáist áskrift að öllum þeim hlutum sem boðnir eru til áskriftar, eða hafi Nasdaq Iceland ekki samþykkt umsókn Ölgerðarinnar um töku hluta í Útgefanda til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, þegar stendur að afhenda þá hluti sem keyptir verða í Útboðinu, áskilja Seljendur sér heimild til að ákvarða Útboðið ógilt og fella allar áskriftir niður. Fjárfestar munu ekki fá afhenta hluti sem ekki hefur verið samþykkt að taka til viðskipta. Ef Útboðið skyldi vera ógilt verður haft samband við þá fjárfesta, á það töluþótfang sem þeir tilgreindu í áskriftinni, sem hafa greitt innheimtukröfur. Í kjölfarið verður þeim endurgreitt. Athuga skal að slíkar endurgreiðslur eru ekki bættar með vöxtum, verðbótum eða með öðru leyti.

5.6.1 Skylda til að eiga vörslureikning

Kvika banki hf. hefur milligöngu um móttöku greiðslu og afhendingu hluta vegna Útboðs á hlutum í Útgefanda. Áætluð afhending hluta er 7. – 8. júní 2022 að undangenginni greiðslu skv. greiðslufyrirmælum. Hlutirnir verða færðir á vörslureikning viðkomandi fjárfestis hjá þeim vörsluaðila sem fjárfestir hefur tilgreint í áskrift sinni. Svo að afhending hluta gangi greiðlega fyrir sig er fjárfestum bent á að þeir eru sjálfir ábyrgir fyrir því að eiga vörslureikning hjá þeim vörsluaðila sem þeir tilgreina í áskrift sinni.

Eigi fjárfestir ekki vörslureikning hjá þeim vörsluaðila sem hann tilgreinir í áskriftarkerfi áskilur Kvika sér rétt til þess að halda eftir hlut fjárfestis þar til hægt er að afhenda hluti fjárfestis í samræmi við framangreint. Fjárfestir mun ekki geta átt viðskipti með eða hreyft þá hluti sem haldið er eftir með framangreindum hætti.

5.7 Áætlaður kostnaður og hreint söluandvirði

Áætlaður heildarkostnaður vegna sölu hlutfjár í Útboðinu og töku hlutabréfa í Útgefanda til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland er um 50 m.kr. að lágmarki. Kostnaðurinn samanstendur m.a. af þóknun umsjónar- og söluaðila, kostnaði vegna staðfestingar og birtingar Lýsingar, kostnaði vegna markaðssetningar Útboðs, aðkeyptri sérfræðipjónustu í aðdraganda skráningar og skráningargjöldum Nasdaq Iceland og Nasdaq verðbréfamiðstöðvar.

Vakin er athygli á því að þóknun söluaðila er beintengd endanlegu söluvirði seldra hluta og eykst áætluð þóknun samhliða hærra lokagengi í Útboðinu, en sú þóknun greiðist af Seljendum.

Áætlað söluandvirði Útboðsins, að frádregnum kostnaði, m.v. að allir hlutir í Útboðinu verði seldir á útboðsgenginu 8,9 kr. er um 7,3 ma.kr.

5.8 Skilyrði fyrir þátttöku

Útboðið fer fram á Íslandi og er markaðssett á Íslandi. Þátttaka í Útboðinu er heimil öllum þeim einstaklingum og lögaðilum sem hafa bæði íslenska kennitölu og eru fjárráða í skilningi lögræðislaga nr. 71/1997 með þeim takmörkunum sem kunna að leiða af lögum. Í framangreindu skilyrði felst m.a. að einstaklingar sem hafa ekki náð 18 ára aldri og þeim einstaklingum og lögaðilum sem ráða búi sínu ekki sjálf er ekki heimil þátttaka í Útboðinu.

Hlutir í Ölgerðinni eru ekki boðnir til sölu í öðrum lögsagnarumdæmum þar sem almennt útboð eins og hér um ræðir væri háð því að lögbær yfirvöld í viðkomandi lögsagnarumdæmi hefðu mótttekið Lýsingu, eða þar sem slíkt útboð myndi lúta öðrum frekari kröfum en staðfestingu íslenskra eftirlitsaðila á Lýsingu Útgefanda við Útboðið.

Um viðskipti starfsmanna Kviku banka hf. með fjármálagerninga gilda reglur bankans um eigin viðskipti starfsmanna, uppfærðar síðast og samþykktar af stjórn í apríl 2022.

Þeir starfsmenn bankans sem eru starfsmenn deilda sem hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum um eða koma með einhverjum hætti að undirbúningi Útboðsins, miðlun, ráðgjöf eða annarri sambærilegri starfsemi í tengslum við Útboðið, er óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga Útgefanda í Útboðinu. Auk þess skal forstjóra, aðstoðarforstjóra bankans óheimil þátttaka í Útboðinu.

Öðrum starfsmönnum Kviku banka hf. er heimilt að taka þátt í Útboðinu skv. reglum um eigin viðskipti starfsmanna sem innihalda m.a. eftirfarandi sérákvæði um útboð:

1. Að í útboðinu sé óskað eftir tilboðum á hlut á föstu gengi en ekki tilboðum um verð einstakra bréfa, gengi eða vaxtakjör og að þeir gangi ekki fyrir sem fyrstir skrá sig í útboðinu. Ákvæði þetta kemur í veg fyrir að starfsmenn taki þátt í tilboðsbók B.
2. Að tilboð starfsmanna berist við upphaf fyrsta tilboðsdags.
3. Að tekið sé fram í útboðslýsingu að starfsmönnum sé heimilt að taka þátt í útboðinu og eftir hvaða skilmálum

Reglur bankans gera auk þess almennt ráð fyrir að starfsmenn eigi fjármálagerninga í að lágmarki 90 daga frá kaupdegi nema að sérstakar undanþágur eigi við. Þegar um er að ræða útboð skal kaupdagur vera sá dagur sem fjármálagerningur er tekin til viðskipta á viðskiptavettvangi.

Önnur almenn ákvæði reglnanna fullum fetum um þátttöku starfsmanna, en þeim er m.a. ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og tryggja rétta meðferð innherjaupplýsinga og annarra trúnaðarupplýsinga.

Um þátttöku starfsmanna aðskilinna dótturfélaga bankans fer eftir innri reglum hvers félags um eigin viðskipti starfsmanna.

Athygli fjárfesta er vakin á því að stjórn félagsins, í umboði Seljenda, áskilur sér fullan rétt til að hafna einhverjum eða öllum áskriftum sem kunna að berast í Útboðinu, án frekari útskýringa eða rökstuðnings, sbr. kafla 5.4. Úthlutun og skerðing áskrifta við umframeftirspurn.

6 Hlutabréfin og taka til viðskipta

6.1 Taka til viðskipta

Í kjölfar uppgjors og afhendingar mun Ölgerðin óska eftir því að allir útgefnir hlutir í Útgefanda verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Nasdaq Iceland mun fara yfir umsóknina og niðurstöður fyrirhugaðs almenns Útboðs á hlutum í Útgefanda þegar þær liggja fyrir og birta opinberlega ef umsóknin verður samþykkt og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verður með hlutina á hinum skipulega verðbréfamarkaði. Nasdaq Iceland tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

6.2 Viðskiptavakt

Ölgerðin hefur gert samninga um viðskiptavakt á hlutum í Útgefanda við Kvik og Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi (saman „viðskiptavakar“) sem annast viðskiptavakt fyrir eigin reikning gegn þóknun frá Ölgerðinni. Báðir aðilar setja fram kaup- og sölutilboð alla viðskiptadaga í viðskiptakerfi Nasdaq Iceland.

Fjárhæð kaup- og sölutilboða sem viðskiptavakar leggja fram, skulu vera að lágmarki 5. m.kr. að markaðsvirði hvor, á gengi sem viðskiptavakar ákveða í hvert skipti. Viðskiptavökum er heimilt en ekki skylt að bjóða til kaups og/eða sölu fleiri hluti. Hámarksmunur kaup- og sölutilboða skal vera að hámarki 1,5% en aldrei lægra en 1,45%. Sveiflist gengi innan dags meira en 5% áskilja viðskiptavakar sér rétt til að auka verðbilið í 3%. Hámarksfjárhæð heildarviðskipta sem hver viðskiptavaki skuldbindur sig til að eiga viðskipti með dag hvern skal samsvara 100 m.kr. að markaðsvirði. Samningarnir taka gildi frá og með fyrsta viðskiptadegi með hlutabréf Ölgerðarinnar hjá Nasdaq Iceland og eru ótímabundnir. Samningarnir eru uppsegjanlegir af allra hálfu með 14 daga fyrirvara.

6.3 Hlutfé

Heildarhlutfé Útgefanda er 2.806.965.174 kr. að nafnverði, sem skiptist í jafnmaga hluti, hvert að nafnverði 1 króna eða margfaldi þeirrar fjárhæðar, eftir því sem hver einstakur hluthafi á í félaginu á hverjum tíma. Hlutfé í Útgefanda samanstendur af einum flokki hlutafjár og ber hver útgefinn hlutur jafnan rétt samkvæmt samþykktum Útgefanda. Hlutabréfin eru gefin út í íslenskum krónum og í samræmi við lög um hlutafélög. Hlutir Ölgerðarinnar hafa verið skráðir rafrænt í verðbréfamiðstöð, sem starfar samkvæmt lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna skráningu fjármálagerninga og hafa verið gefnir úr rafrænt sem nafnbref hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð með auðkenni OLGIRD og ISIN númer IS0000028678. Óskað verður eftir að öll útgefin hlutabréf í Ölgerðinni verði tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

Rafræna hlutaskráin telst fullgild sönnun fyrir eignarrétti á hlutum í félaginu. Arðgreiðslur og hvers konar tilkynningar til hlutahafa skal senda til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.

Við slit eða gjaldprot Útgefanda fá hluthafar greitt í hlutfalli við hlutafjäreign sína það sem eftir stendur af eignum hlutafélags eftir að allir aðrir kröfuhafar hafa fengið gildar kröfur sínar greiddar.

6.4 Ákvæði um hækkun og lækkun hlutafjár

Skv. 6. gr. samþykkt félagsins er hluthafafundi heimilt, með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum, að hækka hlutafé félagsins, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta. Hluthafafundur einn getur ákveðið að lækka hlutafé félagsins og þarf til þess sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þess.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins, samkvæmt 4. gr. í samþykktum félagsins, um allt að 280 m.kr. að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta sem hluthafar hafa fallið frá forgangsrétti sínum til áskriftar að. Heimild skv. 3. mgr. 4 gr. kveður á um heimild til útgáfu hluta 140 m.kr. að nafnvirði sem skulu nýttir til að efna skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningi við starfsmenn. Heimild skv. 4. mgr. 4. gr. kveður á um heimild til útgáfu hluta 140 m.kr. að nafnvirði sem bjóða má mögulegum fjárfestum til áskriftar samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Heimild þessi gildir til 19. maí árið 2026.

Ölgerðin á 15.640.307 eigin hluti á dagsetningu Lýsingarinnar. Félagið hyggst nýta hlutina til að gefa starfsmönnum félagsins hluti í Ölgerðinni, eins og lýst er í kafla 6.8.1. Hlutir til starfsmanna í Útgefandalýsingu félagsins og áætlað er að viðskiptin eigi sér stað skömmu eftir töku bréfanna til viðskipta.

6.5 Réttindi tengd hlutabréfum í Ölgerðinni

Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut á hluthafafundi. Engin sérréttindi fylgja hlutum í Útgefanda, sbr. gr. 22 í samþykktum félagsins. Engar hömlur eru lagðar á veðsetningu, sölu eða annarskonar framsal hluta í Útgefanda. Um skrásetningu veða, eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra.

6.6 Arðgreiðslur og kaup á eigin bréfum

Ákvörðun um arðgreiðslur skal tekin á aðalfundi Útgefanda á grundvelli tillögu stjórnar. Um arðsúthlutun gilda ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög eins og þau eru á hverjum tíma. Að öðru leyti eru ekki settar neinar skorður við ákvörðun um úthlutun arðs.

Á aðalfundi félagsins skal tekin ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað eða tap félagsins á liðnu starfsári. Útgefandi er bundinn af ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög, varðandi fjárhæð sem félaginu er heimilt að ráðstafa til hluthafa í formi arðgreiðslna. Skv. 1. mgr. 99. gr. laganna

er einungis heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa.

Á arðgreiðsludegi greiðir Útgefandi fjárhæð arðsins, að undanskildum fjármagnstekjuskatti, til viðkomandi vörsluaðila. Hafi hluthafi ekki fengið greiddan arð sem hann á rétt á getur hann vitjað hans á skrifstofu Útgefanda innan fjögurra ára frá gjalddaga en samkvæmt 3. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, fyrnist réttir til arðs fjórum árum frá gjalddaga. Vitji hluthafi ekki arðs innan þess tíma falla réttindi til arðs til Útgefanda. Vakin er athygli á því að ekki er til staðar arðgreiðslustefna hjá Útgefanda og að Útgefandi hefur ekki greitt arð á því fjárhagstímabili sem Lýsingin tekur til.

Samkvæmt 5. gr. samþykka félagsins er heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum fyrir hendi. Félagið má eignast eða taka að veði allt að 10% af eigin hlutafé en hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Heimild til kaupa á eigin hlutafé gildir í 5 ár í senn. Eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

6.7 Lögbundin yfirtökutilboð og tilboðsskylda

Samkvæmt 100. gr. laga nr. 108/2007, um yfirtökur, er kveðið á um skyldu aðila sem hefur beint eða óbeint náð yfirráðum í félagi, þar sem flokkur verðbréfa hefur verið tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, til að gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð. Yfirtökutilboðið skal vera sett fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að vitað var eða mátti vita um tilboðsskyldu eða niðurstaða um hana lá fyrir.

Með yfirráðum er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við:

1. hafi samanlagt eignast a.m.k. 30% atkvæðisréttar í félaginu,
2. hafi á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur a.m.k. 30% atkvæða í félaginu, eða
3. hafi öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félaginu.

Samkvæmt 103. gr. laga nr. 108/2007 um yfirtökur skal tilboðsgjafi bjóða öllum hluthöfum sem eiga hluti í sama hlutflokki sömu skilmála. Verð það sem sett er fram í yfirtökutilboði skal a.m.k. svara til hæsta verðs sem tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við hafa greitt fyrir hluti sem þeir hafa eignast í viðkomandi félagi síðustu sex mánuði áður en tilboð var sett fram. Tilboðsverð skal þó að lágmarki vera jafnhátt og síðasta viðskiptaverð hluta í viðkomandi félagi daginn áður en tilboðsskylda myndaðist eða tilkynnt var um fyrirhugað tilboð.

Fari aðili og þeir sem hann er í samstarfi við með yfirráð í félagi þegar verðbréf þess eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði verður hann ekki tilboðsskyldur samkvæmt 100. gr. laga nr. 108/2007 um yfirtökur, en sú undanþága gildir þó ekki ef viðkomandi aðili missir yfirráðin en nær þeim að nýju. Útgefanda er ekki kunnugt um samstarf hluthafa sem eiga samanlagt yfir 30% hlutafjár og hafa engin yfirtökutilboð verið gerð af hálfu þriðja aðila í tengslum við hlutabréf

Útgefanda á næstliðnu og yfirstandandi fjárhagsári. Upplýsingar um stærstu hluthafa í Útgefanda má nálgast í kafla 8.1 Hluthafar í Útgefandalýsingu Ölgerðarinnar, dagsettri 17. maí 2022 og í kafla 1.2 Uppbygging á eignarhaldi Ölgerðarinnar í Verðbréfalýsingu þessari, dagsettri 17. maí 2022.

6.8 Innlausnarskylda- og réttur

Samkvæmt 22. gr. í samþykktum Ölgerðarinnar þurfa hluthafar ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars. Samkvæmt 24. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 getur hluthafi sem á meira en 90% hlutafjár félagsins og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni, ákveðið í sameiningu með stjórn félagsins að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum.. Samkvæmt 26. gr. laga um hlutafélög getur hver einstakur annar hluthafi krafist innlausnar, að sömu skilyrðum uppfylltum. Í 110. gr. laga nr. 108/2007 um yfirtökur eru einnig ákvæði um innlausn, þar sem tekið er fram að ef hluthafi og aðilar í tengslum við hann eignast meira en 90% hlutafjár í félagi og ráða yfir samsvarandi atkvæðamagni geta hlutahafinn og stjórn félagsins ákveðið í sameiningu að aðrir hluthafar skuli sæta innlausn hlutafjár síns. Auk þess geta aðrir hluthafar krafist þess að sá/þeir hluthafar sem eiga yfir 90% hlutafjár, einir eða í samstarfi, leysi til sín hlutabréf þeirra hluthafa sem þess krefjast. Enginn einstakur hluthafi fer með 90% hlutafjár eða atkvæðisrétt í Ölgerðinni.

6.9 Slit, skipti eða samruni á félaginu

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum félagsins. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda, skv. 23. gr. samþykpta félagsins.

6.10 Skattaleg atriði

Hér á eftir er almenn samantekt á tilteknum atriðum er varða skattlagningu tekna sem stafa frá fjárfestingu í hlutabréfum, nánar tiltekið arðstekna og söluhagnaðar, sbr. lög nr. 90/2003 um tekjuskatt („tekjuskattslög“). Skattlagning á hverjum tímapunkti byggist á gildandi lögum hverju sinni, en þau geta tekið breytingum frá því sem nú er. Fjárfestar í Útboðinu skulu athuga sérstaklega að skattalög aðildarríkis fjárfestis og skráningarlands Útgefanda geta haft áhrif á tekjur af verðbréfum. Þessi samantekt er byggð á lögum og venjum eins og þau eru í gildi á Íslandi á dagsetningu þessarar Lýsingar. Fjárfestum er bent á að ráðfæra sig við óháðan sérfræðing í skattamálum um þær afleiðingar sem fjárfesting í hlutabréfum í Útgefanda kann að hafa í för með sér, þ.m.t. áhrif innlendra og erlendra lagareglna og áhrifa tvísköttunarsamninga Íslands við önnur ríki o.fl.

6.10.1 Aðilar með skattskyldu á Íslandi

Fjármálastofnunum ber skylda til að halda eftir staðgreiðslu skatts af arðgreiðslum bæði til einstaklinga og tiltekinna lögaðila sem búsettir eru og skattskyldir á Íslandi, skv. ákvæðum laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Skatthlutfall staðgreiðslu miðast við

viðeigandi skatthlutfall þess sem tekur við greiðslunni. Skatthlutfall einstaklinga utan rekstrar og flestra lögaðila með skattskyldu á Íslandi er 22%. Auk þess er söluhagnaður einstaklinga og lögaðila er skattskyldur og er skatthlutfall einstaklinga 22%. Ekki er reiknaður tekjuskattur af vaxtatekjum annars vegar og tekjum af hlutabréfaeign í formi arðs og söluhagnaðar í félögum skráðum á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga, samtals allt að 300.000 kr. á ári hjá einstaklingum með skattskyldu á Íslandi. Frádráttur er hins vegar nýttur þannig að fyrst skal jafna út vaxtatekjur, næst arðstekjur og loks söluhagnað af hlutabréfum þar til hámarki frádráttar hefur verið náð, sbr. 3. mgr. 66. gr. tekjuskattlaga. Þetta frítekjumark á ekki við um lögaðila. Tilteknir skattskyldir lögaðilar (hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og samlagshlutafélög sem er sjálfstæður skattaðili) hafa heimild til að færa sérstakan frádrátt á skattframtal vegna arðgreiðslna eða söluhagnaðar eins og nánar er kveðið á um í 9. tl. 31. gr. laga um tekjuskatt. Við álagningu geta slík félög fengið endurgreidda afdregna staðgreiðslu reynist álagður tekjuskattur félagsins lægri en sem nemur afdreginni staðgreiðslu.

6.10.2 Aðilar með takmarkaða skattskyldu á Íslandi

Fjármálastofnunum ber skylda til að draga skatt af arðgreiðslum til aðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi, skv. ákvæðum laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Söluhagnaður aðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi er skattskyldur en ekki staðgreiðsluskyldur, skv. ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Skatthlutfall einstaklinga með takmarkaða skattskyldu á Íslandi er 22% og lögaðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi er 20%. Samkvæmt a-lið 7. tl. 70. gr. tekjuskattlaga er ekki reiknaður tekjuskattur af tekjum af arði og/eða söluhagnaði af hlutabréfaeign í félögum skráðum á skipulegum verðbréfamarkaði, eða markaðstorgi fjármálagerninga, allt að 300.000 kr., hjá einstaklingum með takmarkaða skattskyldu á Íslandi, að því marki sem frímark vaxtatekna skv. a-lið 8. tl. 70. gr. hafi ekki verið fullnýtt. Þetta frítekjumark á ekki við um lögaðila.

Um félög með takmarkaða skattskyldu á Íslandi og eru heimilisföst innan Evrópska efnahagssvæðis gilda sams konar reglur og um félög sem eru skattskyld á Íslandi, m.a. um heimild til að færa sérstakan frádrátt á skattframtal vegna arðstekna eða söluhagnaðar. Ákvæði tvísköttunarsamninga geta leitt til þess að staðgreiðsluhlutfall af arðstekjum aðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi verði lægra en fyrrnefnd 22% og 20%. Til að koma í veg fyrir tvísköttun tekna er hægt að sækja um undanþágu eða lækkun á grundvelli tvísköttunarsamnings hjá íslenskum skattyfirvöldum. Hafi skatti þegar verið haldið eftir er hægt að sækja um endurgreiðslu þess skatts hjá íslenskum skattyfirvöldum heimili viðkomandi tvísköttunarsamningur það. Skattur leggst á hagnað aðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi af sölu íslenskra hlutabréfa. Skatturinn leggst á söluverð að frádrögnum upphaflegu kaupverði hlutanna. Félög með takmarkaða skattskyldu á Íslandi og eru heimilisföst innan hins Evrópska efnahagssvæðis er heimilt að færa sérstakan frádrátt á skattframtali þar sem á móti skattskyldum söluhagnaði er færður sérstakur frádráttur vegna söluhagnaðar, sbr. a-lið 9. tl. 31. gr. laga um tekjuskatt. Söluhagnaður annarra félaga með takmarkaða skattskyldu á Íslandi er skattlagður með 20% skatti, sbr. b - lið 7. tl. 70. gr. tekjuskattlaga. Tvísköttunarsamningar kunna að innihalda ákvæði um undanþágu frá skattskyldu eða eftir atvikum lækkun hennar.

6.11 Safnskráning

Reglur um varðveislu fjármálagerninga á safnreikningum er að finna í lögum nr. 108/2007 um yfirtökur, lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög.

Í 42. gr. laga nr. 115/2021 um markað fyrir fjármálagerninga kemur fram að verðbréfafyrirtæki sem er heimilt að varðveita fjármálagerninga í eigu viðskiptavina sinna getur varðveitt þá á safnreikningi og tekið við greiðslum fyrir hönd viðskiptavina sinna frá einstökum útgefendum fjármálagerninga, enda hafi verðbréfafyrirtækið gert viðskiptavini grein fyrir réttaráhrifum þess og hann veitt samþykki sitt. Verðbréfafyrirtæki ber að halda skrá yfir hlut hvers viðskiptavinar fyrir sig. Komi til þess að bú verðbréfafyrirtækis sé tekið til gjaldþrotaskipta eða greiðslustöðvun samþykkt, fyrirtækinu sé slitið eða sambærilegar ráðstafanir gerðar getur viðskiptavinur á grundvelli áðurnefndrar skrár skv. 1. mgr. tekið fjármálagerninga sína út af safnreikningi, enda sé ekki ágreiningur um eignarhald. Í 31. gr. laga nr. 2/1995 er kveðið á um að eigandi hlutar geti ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum. Þetta á þó ekki við um rétt til arðs eða annarrar greiðslu og rétt til nýrra hluta við hækkun hlutafjár. Í samræmi við þetta hefur hluthafi ekki atkvæðisrétt á hluthafafundum nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá Útgefanda. Hið sama gildir um fjármálafyrirtæki sem hafa heimild til safnskráningar þar sem hluthafinn hefur ekki þau réttindi að geta veitt einhverjum umboð til að fara með atkvæðisréttinn. Hlutum sem skráðir eru í safnskráningu fylgir því ekki atkvæðisréttur á hluthafafundum.

7 Viðauki I – Fjárfestakynning Ölgerðarinnar



2022

ALMENNT HLUTAFJÁRÚTBOÐ OG SKRÁNING Á AÐALMARKAÐ NASDAQ ICELAND

FYRIRVARI

Fjárfestakynning þessi (hér eftir „**fjárfestakynningin**“) er unnin af Kvikubanka hf. (hér eftir „**Kvika**“) fyrir skráningu Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. (hér eftir „**Ölgerðin**“ eða „**félagið**“) og er eingöngu ætluð til upplýsinga í tengslum við hlutafjárútböð félagsins (hér eftir „**útboðið**“). Allar upplýsingar sem birtar eru í fjárfestakynningunni eru samkvæmt bestu vitund Kvikubanka á hverjum tíma. Kvika ábyrgist á engan hátt að upplýsingar sem birtar eru í fjárfestakynningunni, hvort sem þær koma frá Kvikubanka, Ölgerðinni eða þriðja aðila, séu réttar eða tæmandi og hafa Kvika og Ölgerðin ekki sannreynt kynninguna sérstaklega.

Upplýsingar sem birtar eru í kynningunni skulu ekki á nokkurn hátt skoðast sem tilboð eða ráðleggingar um kaup eða sölu verðbréfa félagsins eða aðrar fjárfestingaákvörðanir. Fjárfestar sem hyggjast taka þátt í útboðinu skuldbinda sig til að lesa samantekt, útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu (hér eftir sameiginlega „**lýsingin**“) sem útbúin er af Ölgerðinni og staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, ásamt öðrum lykilupplýsingum útgefnum af félaginu. Skal ákvörðun um kaup á hlutabréfum því aðeins byggja á upplýsingum í lýsingu eða öðrum lykilupplýsingum frá Ölgerðinni. Bera viðtakendur einir ábyrgð á þeim fjárfestingaákvörðunum sem teknar eru á grundvelli upplýsinga sem birtar eru í fjárfestakynningu þessari. Hvorki Kvika né Ölgerðin bera í nokkrum tilvikum ábyrgð á tjóni sem kann að hljóta af upplýsingum sem birtar eru í fjárfestakynningunni né tjóni sem rekja má beint eða óbeint til notkunar þeirra.

Upplýsingar í fjárfestakynningunni skulu ekki skoðaðar sem ráðgjöf af neinu tagi, svo sem, en ekki einskorðað við, viðskipta- eða fjármálaráðgjöf, lögfræðiráðgjöf, skattaráðgjöf eða tæknileg ráðgjöf. Viðtakandi samþykkir með móttöku fjárfestakynningarinnar að hann einn ber ábyrgð á að framkvæma eigin rannsókn og greiningu á félaginu og viðeigandi mörkuðum, ásamt því að mynda sér sjálfstæða skoðun á þeim upplýsingum sem snerta framtíðar afkomu félagsins, ásamt núverandi og framtíðar fjárhagsstöðu þess. Ákvörðun um áskrift eða kaup á hlutabréfum í Ölgerðinni byggir því eingöngu á skoðun viðtakanda á félaginu.

Kvika veur athygli á að hvers konar yfirlýsingar sem vísa til áætlaðrar framtíðarafkomu eru lýsingar á framtíðarhorfum og háðar ýmsum óvissu- og áhættuþáttum. Þannig getur árangur, framtíðarþróun félagsins og raunveruleg útkoma orðið frábrugðin því sem lýst er í fjárfestakynningunni, svo sem ef áhættuþættir raungerast. Því er varað við því að reiða sig í of miklu mæli á framtíðarhorfum og áætlanir og skulu þær aldrei skoðast sem loforð um árangur. Hvorki Kvika né Ölgerðin bera með nokkrum hætti ábyrgð á að hvers konar áætlanir eða spár muni rætast. Kvika er ekki skuldbundin til að uppfæra fjárfestakynninguna, veita frekari upplýsingar eða leiðrétta villur sem kunna að koma í ljós.

Uppgjör Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárið sem lauk hinn 28. febrúar 2022 (tímabilið 1. mars 2021-28. febrúar 2022) er samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum IFRS og er það fyrsta árið sem félagið gerir upp samkvæmt IFRS. Samanburður við fyrra ár, fjárhagsárið sem lauk hinn 28. febrúar 2020 var uppfært í ársreikning síðastliðins fjárhagsárs til að endurspeglja þá breytingu. Eldri fjárhagsupplýsingar í fjárfestakynningunni eru samkvæmt íslenskum ársreikningalögum.

Kvika á höfundarrétt að kynningunni og framsetningu upplýsinga í henni, nema annað sé sérstaklega tekið fram eða leiða megj af eðli máls. Útboðið verður opið hlutafjárútböð og lýsingin verður eingöngu gefin út á Íslandi og í samræmi við íslensk lög. Um fjárfestakynningu þessa gilda íslensk lög. Rísi ágreiningur vegna fjárfestakynningarinnar skal málið rekið fyrir Héraðsdómi

Reykjavíkur.



Egils Malt 100 ára
Smelltu hér fyrir myndband

LEIÐANDI FYRIRTÆKI Á DRYKKJAR- OG MATVÆLAMARKAÐI



Stærsta

drykkjarvörufrýrtæki landsins



Næst stærsta

matvælafrýrtæki landsins

Stærsti

áfengisframleiðandi landsins

Eitt öflugasta

markaðsfrýrtæki landsins



32 ma.kr.

vörsala 2021



1,7 ma.kr.

hagnaður 2021

3,6 ma.kr.

undirliggjandi EBITDA 2021 ¹

11,4%

undirliggjandi EBITDA% 2021 ¹

8,4 ma.kr.

NIBD 2021

2,6x

NIBD/EBITDA 2021

7,7 ma.kr.

bókfært eigið fé 2021

32%

eiginfjárlutfall 2021

Fjárhagsár Ölgerðarinnar nær frá mars – febrúar



Drykkjarvörumarkaðurinn hefur vaxið talsvert í virði undanfarin ár og hefur Ölgerðin náð aukinni markaðshlutdeild á lykilmörkuðum sínum



Ölgerðin er vaxtarfrýrtæki með rúmlega 12% árlegan meðalvöxt í vörsölu og 13% í EBITDA frá 2002



Fjölbreytilegur rekstur sem samanstendur af mörgum af leiðandi vörumerkjum landsins



